TÍUND

FRÉTTABLAÐ RSK • DESEMBER 2016

BROOKE HARRINGTON

Capital without Borders

Wealth Managers and the One Percent

Leitið og þér munuð finna

Það eru gömul sannindi að þjóðríki verður ekki haldið uppi nema með tekjum, annað hvort beinni skattheimtu eða annarri jafn öruggri tekjuöflun. Ríki sem ekki hefur tekjustofna er ófært um að halda uppi nútíma samfélagi sem veitir rétt til menntunar og heilbrigðisþjónustu, annast réttarvörslu, samgöngur og aðra nauðsynlega samfélagslega þætti. Skattheimta í einni eða annarri mynd er langalgengasta tekjuöflunarleið hins opinbera. Í öllum ríkjum er tekist á um með hvaða hætti löggjöf um skattamál skuli skipað, þannig að framkvæmd þeirra fjölþættu verkefna sem almennt eru rekin af þjóðríkjum sé möguleg eða í jafnvægi. Lagareglur um skatta og skattlagningu eru því sjaldnast óumdeildar. Skoðanir á skattbyrði og með hvaða hætti skattar skulu vera ákvarðaðir og álagðir vilja oft á tíðum verða æði misjafnar eða mótsagnakenndar. Slíkt er því miður frekar til þess fallið að draga úr skilvirkni skattframkvæmdar en að styrkja hana.

Fastmótuð skattframkvæmd sem byggt hefur verið á um árabil leiðir til þess að skattgreiðendur ættu að þekkja skyldur sínar, hvort heldur í hlut eiga launamenn eða lögaðilar. Ákvörðun skatta og gjalda launamanna hefur í meginatriðum verið óbreytt um langt skeið, þannig að tekjur og frádráttarliði alls þorra einstaklinga hefur verið unnt að afmarka einhliða með nokkurri nákvæmni við áritun skattframtala. Ákvæði um skattskyldu tekna í atvinnurekstri og reglna um heimilan frádrátt frá þeim hafi um langan tíma verið í tiltölulega föstum skorðum, þótt ætíð sé fitjað upp á einhverjum nýmælum við undanskot tekna eða offærslu gjalda. Þrátt fyrir afdráttarlausa löggjöf á ýmsum sviðum um greiningu tekna, skattskyldu þeirra og heimila frádráttarliði hefur þó sýnt sig að of margir skattaðilar leitast við að komast hjá greiðslu lögboðinna gjalda. Fjölbreytni á því sviði hefur heldur aukist en hitt.

Skatteftirlit á Íslandi á sér langa sögu í takt við skattframkvæmd á hverjum tíma. Uppruni og skráning tekna og upplýsingar til skattlagningar voru lengst af helstu viðfangsefni skatteftirlits, hvort heldur tekjur streymdu um tölvustýrðar sjóðvélar eða bárust rétthafa með öðrum hætti. Sala á gistingu á vefsíðum vistuðum erlendis var nánast óþekkt fyrirbæri hér á landi, hvað þá sú flóðbylgja ferðamanna sem nú notar slíkar leiðir. Hefur þetta kallað á annars konar skatteftirlit og önnur úrræði. Hið sama má segja um mannvirkjagerð, þar sem sú atvinnugrein hefur nú leitt af sér áður óþekkt úrlausnarefni og meiri þörf á eftirliti en nokkru sinni áður. Öflugt skatteftirlit í takt við tíðarandann hefur þannig löngum verið eitt virkasta úrræðið til að sporna við undanskotum og upplýsa um vantaldar tekjur þótt í gegnum árin hafi verið gripið til annarra úrræða til að styrkja skattframkvæmdina. Má þar nefna reglur sem ætlað er að hafa í senn jákvæð og gagnvirk áhrif eins og endurgreiðslur á virðisaukaskatti vegna endurbóta og viðhalds á íbúðarhúsnæði. Annars vegar var reglum þessum ætlað að hafa atvinnuskapandi áhrif og hins vegar að gera viðskipti sýnilegri og draga þar með beinlínis úr skattsvikum. Þá hafa reglur um skráningu tekna orðið skýrar og ótvíræðar en einnig hertar refsingar við undanskotum. Þá er leitast við að styrkja skattframkvæmdina með því að auka skipti á upplýsingum milli þjóða. Það hefur þó sýnt sig að meira þarf til en skriflega samninga þjóðríkja í milli og oftar en ekki verða glufur í texta slíkra samninga sjálfstæð uppspretta fléttna skattundanskota hugmyndaríkra sérfræðinga í lágmörkun skatttekna. Framkvæmd skatteftirlits er því fjölþætt og felst ýmist í samtímaeftirliti eða skoðun á gögnum liðins tíma. Borin eru saman ýmis ytri gögn við skattagögn og þau stemmd af, allt með það fyrir augum að ganga úr skugga um að skattskilin séu rétt og áreiðanleg.

TÍUND

DESEMBER 2016 - BLAÐ NR. 73

Útgefandi: Ríkisskattstjóri.
Ábyrgðarmaður: Skúli Eggert Þórðarson.
Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.
Umsjón efnis: Inga Hanna Guðmundsdóttir.

© Ríkisskattstjóri
Fjölmiðlum er heimil notkun efnis.
Öll önnur notkun á efni er óheimil nema með leyfi útgefanda.

SFR
STOFNUN ÁRSINS
2016

Á undanförnum árum hefur aukin áhersla verið lögð á samtímaeftirlit og forvarnir við framkvæmd skatteftirlits. Með því er átt við að rekstraraðilar eru heimsóttir með það fyrir augum að ganga úr skugga um að tekjuskráning, virðisaukaskattsskil, afdráttur staðgreiðslu og annað sé í samræmi við gildandi lagareglur. Komi í ljós frávik er skattaðilum gefinn kostur á því að bæta úr annmörkum og standa skil á réttum upplýsingum og skattgreiðslum innan hæfilegs tíma auk viðeigandi álagsbeitingar. Mikilvægt er í þessu samhengi að rekstraraðilar þekki lagaskyldur sínar og þeim sé leiðbeint. Á þennan veg er leitast við að breyta háttsemi, fá rekstraraðila til að hafa meiri reiðu á bókhaldi og skattskilum og skapa skilyrði til þess að í framtíðinni verði meiri líkur en áður á því að skattskilin séu í samræmi við gildandi kröfur og raunveruleikann. Aukinn kraftur er í vettvangsheimsóknum þar sem þúsundir fyrirtækja eru heimsótt á hverju ári og heimsóknum lokið með fyrirmælum um breytingar sem síðan er gengið eftir að séu virt. Ávinningurinn er að með þeim hætti tekst að heimsækja mun fleiri en áður var og meðferð mála gengur greiðar fyrir sig.

Skatteftirlit er einnig framkvæmt með þeim hætti að kanna ytri upplýsingar og bera saman við framtöl og önnur innsend gögn frá framteljendum. Sérhæfðir starfsmenn kanna tekjuuppbyggingu, ýmsar skattalegar ráðstafanir, útgjöld sem færð eru til frádráttar, reiknað endurgjald rekstraraðila og fjölda annarra atriða. Komi í ljós að upp á vantar kemur til endurákvörðunar opinberra gjalda. Séu undanskot umtalsverð, háttsemi talin þannig að hún auki saknæmi brotsins eða líkur á að um skýr ásetningsbrot sé að ræða, er gripið til annarra aðgerða og málum vísað til viðeigandi stjórnvalda þar sem fram fer rannsókn og eftir atvikum refsimeðferð.

Verkefni skattyfirvalda eru með þeim hætti að þau tæmast aldrei. Þess vegna er óhjákvæmilegt að forgangsraða málum og leitast er við að finna þá aðila þar sem skattskil eru athugunarverð. Með vönduðum valaðferðum tekst betur að finna þá sem þurfa að sæta ábyrgð á röngum skattskilum.

Skúli Eggert Þórðarson
ríkisskattstjóri

Ingvar J. Rögnvaldsson
vararíkisskattstjóri

Skatteftirlit verður hvergi rekið sem tilfallandi skorpuverkefni því stöðugt þarf að sýna festu og aðhald svo ekki skapist illviðráðanleg margfeldisáhrif kerfisbundinna undanskota. Því verkefni lýkur aldrei og stjórnvöld þurfa alltaf að vera vakandi við að finna þá aðila sem koma sér hjá lögboðnum greiðslum í sameiginlegan sjóð landsmanna. Úttektir sem gerðar hafa verið á undanförnum árum sýna að umfang undanskota frá sköttum virðist því miður æði drjúgur hluti af landsframleiðslu sem leiðir til þess að bæði sveitarfélög og ríki verða af umtalsverðum skatttekjum. Þess vegna þarf að leita allra leiða til að stemma stigu við undanskotum með skýrum reglum um tekjur og frádráttarliði, ríkri upplýsingagjöf og virku skatteftirliti séu reglur ekki virtar. Skattyfirvöldum verður oft á tíðum býsna vel ágengt við að leita þá uppi sem kjósa að felast. Slíkt er sannarlega verðug áskorun.

Leiðarinn 2
Potemkin-tjöld aflandsfélaga 4
Kveðjuorð 9
Aukin þjónusta vegna álagningar og innheimtu 10
Hagskýrslugerð og skattframtöl 12
Virðisaukaskattur 14
Heimsókn kínverskra skattyfirvalda 16
Inga Jóna Óskarsdóttir formaður FBO 17
Birting álagningar 20
Rafrænn persónuafsláttur 22
Annáll nútíma skattasögu 24
Ársreikningaskrá 37
Aflandsfélög 38
Álagning lögaðila 2016 42
Raunverulegur eigandi 48
Úrskurðir yfirskattanefndar 58
Dómar 64
Bindandi álit 69
Lokaorðið 70
Upplýsingatafla RSK 72

Potemkin-tjöld aflandsfélaga

Brooke Harrington er bandarískur félagsfræðingur sem búsett er í Danmörku. Á haustmánuðum gaf hún út bók er ber heitið Capital without Borders – Wealth Managers and the One Percent sem byggir á viðamikilli rannsókn hennar á heimi svokallaðra auðlegðarstjóra (e. wealth managers).

Brooke var gestur ríkisskattstjóra í október sl. og hitti nokkra starfsmenn eftirlitssviðs embættisins til að ræða reynslu sína í málefnum aflandsfélaga og skattaparadísa. Veitti hún þeim dýrmæta innsýn í heim auðlegðarstjóra sem hafa milligöngu um að koma fjármunum og eignum auðugra einstaklinga víðsvegar að úr heiminum undan skattlagningu sem gilda ætti um auðinn í heimalandi viðkomandi. Eftir samráðsfundi Brooke með starfsmönnum embættisins settumst við niður með henni og fengum enn meiri innsýn í líf hennar og störf og fer samantekt úr þessu tvennu hér á eftir.

Eftir að hafa lokið BA-prófi í enskum bókmenntum frá Stanford háskóla í Bandaríkjunum árið 1990 lauk Brooke bæði meistaraprófi 1996 og doktorsprófi 1999 í félagsfræði frá Harvard háskóla. Hún er nú fastráðinn dósent við Copenhagen Business School í Danmörku.

> Brooke sagði að ekki hefðu allir aðgang að auðlegðarstjórum og þeir ræði heldur ekki við hvern sem er, enda ríki bæði mikil leynd og trúnaður um þeirra störf í þágu viðskiptavina

Ein af þeim

Aðspurð um hvers vegna hún hafi ákveðið að rannsaka auðsöfnun og störf auðlegðarstjóra í heiminum sagði hún að lengi hefði hana langað að rannsaka efsta hluta pýramídans á því ójafnvægi sem er á dreifingu auðs í heiminum. Í máli hennar kom fram að sá hluti hafi lítið verið rannsakaður í samanburði við fátækari hlutann, en mikið sé til af efni um hann auk þess sem styrkir til þeirra rannsókna séu mun aðgengilegri. Staðreyndin sé sú að auðugir einstaklingar geti greitt fyrir að láta sig hverfa, í þeirri merkinu að auður þeirra verði ósýnilegur. Við þessar aðstæður hafi fjármagn í eigu viðkomandi engan eða takmarkaðan snertiflöt við samfélagið, annað fólk eða stjórnvöld. Því sé ekki mikið vitað um auðinn og eigendur hans, annað en það að hann geti safnast mjög hratt upp á tiltölulega fáar hendur. Í því samhengi nefndi hún að talið er að 0,7% af íbúum heimsins eigi 41% af heildarauði hans. Píramídinn sé mjög brattur en segja megi að flestir eigi lítið eða ekkert. Í hagkerfi heimsins hafi þetta allt áhrif hvert á annað og því verðum við að vita meira um auðinn og eigendur hans til að ná heildarmyndinni.

Nefndi hún að við rannsóknir á auðugum einstaklingum og auði þeirra rekist maður aðallega á tvö stór vandamál. Annars vegar hafi auðugt fólk ekki áhuga á að tala við rannsakendur og veita upplýsingar um sig og auð sinn, og hins vegar haldi vel efnaðir einstaklingar almennt ekki sjálfir utan um eigin peninga heldur njóti atbeina sérfræðinga til slíks. Oft sé það þannig að hlutaðeigandi einstaklingar viti hreinlega ekki hvernig þeim málum sé háttað, því slíkt sé of flókið, sér í lagi ef eignirnar eru dreifðar um allan heim. Í rannsóknum sínum komst Brooke að þeirri niðurstöðu að ef hún vildi komast að einhverju um hvernig auðugt fólk viðhéldi ríkidæmi sínu þyrfti hún að ná að ræða við þá einstaklinga sem gerðu því það kleift, hina svokölluðu auðlegðarstjóra.

Brooke sagði að ekki hefðu allir aðgang að auðlegðarstjórum og þeir ræði heldur ekki við hvern sem er, enda ríki bæði mikil leynd og trúnaður um þeirra störf í þágu viðskiptavina. Brá Brooke því á það ráð að fara í nám til að fá vottaða menntun auðlegðarstjóra, en eitt fyrirtæki í heiminum býður upp á slíkt. Í máli hennar kom fram að flestir sem það sækja séu þegar starfandi í faginu, en það sé þó ekki skilyrði fyrir inngöngu. Hún hóf tveggja ára nám í auðlegðarstjórnun í nóvember 2007 til að fá alþjóðlega samþykkta vottun auðlegðarstjóra. Til að fá vottunina þurfti hún að ljúka fimm námskeiðum í lykilþáttum tækni, lögum um fjárvörslusjóði (e. trusts), félagarétti, fjárfestingum, fjármálum og reikningshaldi. Hún tók 65 viðtöl við starfandi auðlegðarstjóra í 18 mismunandi löndum til að ná góðri yfirsýn og öðlast yfirgripsmikla þekkingu. Með náminu náði hún þannig að afla sér upplýsinga og byggja upp tengslanet innan geirans.

Af hverju aflandslausnir?

Í máli Brooke kom fram að ríkustu einstaklingar heimsins eiga ekki margt sameiginlegt annað en auðinn og að margir þeirra leita ráðgjafar hjá fyrirtækjum sem sérhæfa sig í aflandsríkjum. Reyndar séu mun fleiri ástæður fyrir því að aflandsríki séu notuð heldur en að dylja eignir og tekjur fyrir skattyfir-

völdum. Þeir sem eru mjög auðugir vilji oft ekki flagga auði sínum og séu ýmsar ástæður þar að baki. Þar megi sem dæmi nefna erfðamál, óstöðugt efnahagslíf, hættu á mannránum og fjárkúgunum auk þess sígilda, viljans til að sneiða hjá skatti eða skuldum. Þeir nýti þá þjónustu sem þarf til að verða ósýnilegir, bæði gagnvart öðru fólki og einnig þeirri löggjöf sem ætti að ná til þeirra. Ekki sé einungis um fjárfestingaráðgjöf að ræða til að halda sínu utan skattgreiðslna, heldur sé í raun um skipulega sniðgöngu ýmissa laga að ræða, þar sem skattundanskot séu einungis toppurinn á ísjakanum. Fólk af flestum þjóðernum hafi nýtt sér slíka þjónustu til að losna undan reglum sem gildi í þeirra heimaríki.

Brooke nefndi að aflandsríki bjóði upp á mismunandi valkosti fyrir viðskiptavini sína út frá þeim lagaramma

Erla Tinna Stefánsdóttir, Sigurður Jensson og Soffía Valgarðsdóttir frá eftirlitssviði funda með Brooke Harrington.

sem er í hverju ríki. Því megi segja að hin ýmsu aflandssvæði heimsins sérhæfi sig í ólíkum tegundum skattasniðgöngu og eignaleynd sem geri það að verkum að leitað sé til hvers þeirra eftir eðli og ástæðum undanskota hverju sinni. Ekki sé því um beina samkeppni að ræða milli aflandsríkja um auðmenn og fyrirtæki þeirra því að lausnir þeirra séu ekki sambærilegar. Sumar henti sem dæmi til að komast undan skuldum á meðan aðrar henti til að komast hjá sköttum.

Í máli hennar kom fram að ríki aðlagi oft reglur sínar að markaðinum hverju sinni og þess séu dæmi að þau geri lagareglur þannig úr garði að það sé vænlegt að færa fjármagn þangað. Slík ráðstöfun geti í sumum tilvikum verið neyðarúrræði stjórnvalda þegar t.d. náttúruauðlindir þeirra þverra. Dæmi séu um að ríki hafi gripið til þess ráðs að bjóða upp á aflandsstarfsemi hreinlega til að lifa af. Frjálslyndinu í þessum málum megi jafnvel jafna við að hlutaðeigandi séu á mörkum þess að hafa framselt löggjafarvaldið til að svo verði. Almennir íbúar viti sjaldnast um aðgerðir af þessu tagi.

Hvers vegna eru lög og regla?

Brooke nefndi að flestir yrðu undrandi ef þeir vissu hversu ótrúlega margir hafi atvinnu af því að sitja við dag og nótt til að finna og útfæra leiðir til að fara í kringum þau lög og reglur sem sett eru hverju sinni. Margfalt betur sé greitt fyrir störf af þessum toga heldur en til þeirra sem setja lögin eða hafi eftirlit með að þeim sé framfylgt. Þarna gildi ekki þær takmarkanir sem opinberir starfsmenn þurfi að taka mið af í störfum sínum.

Auðlegðarstjórar gæti þess almennt að vera réttum megin við strikið í störfum sínum, svipað og að aka undir þeim hámarkshraða sem gildi hverju sinni. Hins vegar séu líkur á að þeir beiti sér fyrir því, þar sem unnt er, að hraðatakmörkunum verði breytt í takt við það sem hentar viðskiptavinum þeirra best. Þeir vinni ötullega að því að sneiða hjá gildandi lögum, án þess þó að brjóta þau. Unnið sé eftir lagabókstafnum en ekki anda laganna. Sem dæmi um þetta megi nefna svokölluð Panamaskjöl. Fram kom í máli Brooke að margir hafi velt fyrir sér hvers vegna þeim sem í þeim voru hafi ekki verið refsað, en staðreyndin sé að í raun hafi ekkert ólöglegt verið þar í gangi. Nánast megi fullyrða að það hafi verið siðlaust, en tæplega ólöglegt.

Reyndar sé það svo að sums staðar í aflandsríkjum hafi auðlegðarstjórum verið fengin mikil völd, jafnvel til að semja lagafrumvörp sem svo séu samþykkt af löggjafa í viðkomandi landi, eða að þeir komi sjónarmiðum sínum á framfæri gagnvart löggjafanum í landinu. Þetta gefi þeim mun betri verkfæri en eftirlitsaðilar hafa til að ná markmiðum sínum. Í máli hennar kom fram að mörgum kæmi þetta á óvart, en þá mætti benda á hversu mikla hagsmuni ríki geti haft af því að hafa þessi viðskipti í hagkerfi sínu. Þótt stjórnmálamenn haldi oft ræður um hversu slæm skattasniðganga

> ”
>
> Margir hafi velt fyrir sér hvers vegna þeim sem í Pananmaskjölunum voru hafi ekki verið refsað, en staðreyndin sé að í raun hafi ekkert ólöglegt verið þar í gangi. Nánast megi fullyrða að það hafi verið siðlaust, en tæplega ólöglegt

sé viti þeir hversu miklar tekjur ríkið hafi af því að hjálpa íbúum annarra ríkja að komast hjá skatti þeirra. Þegar svo háttar til verði ekki mikill hvati hjá þeim til að taka á vandanum.

Auðlegðarstjóri

Brooke Harrington telur að auðlegðarstjórar viti að almenningur sjái þá oft sem hálfgerða skúrka. Sjónarmiðum þeim sem þeir noti til að réttlæta starf sitt megi skipta í þrjá grunnflokka:

1. **Varðmenn auðsins** séu í grunninn mótfallnir skattlagningu og ríkisumsvifum. Þeir telji sig því vera að hjálpa auðmönnum að gera rétt með því að setja ekki fjármagn í ríkishítina.
2. **Mjúku miðjumennirnir** sem líta svo á að þeir vinni við að „hjálpa fjölskyldum“.
3. **Samviskubitnir**, þeim sem samviskan hefur áhrif á er umhugað um stærra samhengi starfa þeirra. Algengt sé að þeir fái viðskiptavini sína til að gefa til góðgerðarmála til að vega á móti öðru. Mögulega séu einhverjir þeir gagnalekar, sem hafa verið á sl. árum, upprunnir hjá þessum hópi auðlegðarstjóra, en engin sönnun er fyrir því.

Hún sagði flesta auðlegðarstjóra vera búsetta í lágskattaríkjum og því ekki þurfa að greiða háa skatta af eigin eignum og tekjum. Líklegt megi telja að þeir greiði þá takmörkuðu skatta eins og þeim er ætlað til að halda sér réttum megin við lögin og setji því ekki viðskiptasambönd sín á lágskattasvæðunum í hættu, en þar er orðsporið mjög mikilvægt. Auðlegðarstjórar hafi það almennt fjárhagslega gott, en séu ekki ofurríkir. Oft sé það svo að þeir hafi t.d. fengið arf og byrjað þannig í bransanum áður en þeir fóru að taka að sér að halda utan um fjármuni annarra. Laun þeirra séu ekki á við laun á Wall Street eða í vogunarsjóðum, en vinnuálagið sé heldur ekki jafn mikið og þar. Auk hefðbundinna launa hafi þeir oft mikil fríðindi sem fylgi starfinu í boði viðskiptavina, sem geri það að verkum að þeir njóti fríðinda ríkidæmisins án þess þó að þurfa endilega að borga fyrir það sjálfir.

Brooke nefndi að tengsl auðlegðarstjóra við viðskiptavini sína væru oft talsvert náin og óvenjuleg. Þau væru til langs tíma og oft þess eðlis að auðlegðarstjórinn væri sá sem viðskiptavinurinn treysti fyrir sínum innstu leyndarmálum ef hann væri að gera ráðstafanir í fjármálum sínum vegna þeirra. Auðlegðarstjórinn myndi verja auð viðskiptavinarins fyrir hættu sem gæti falist í slæmum fjárfestingum, eyðslusömum erfingjum, fjölskylduleyndarmálum sem gætu kallað á fjárkúgun eða hverju sem er öðru.

> ”
>
> Ljóst sé að áhersla á mótun skattareglna sem ætlað sé að ná til hinna ríku hafi oft á tíðum ekki virkað sem skyldi, því ekki sé líklegt að þeir láti fjármagn sitt falla undir þær

Soffía Valgarðsdóttir ásamt Brooke Harrington.

Guðrún Jenný Jónsdóttir og Inga Hanna Guðmundsdóttir ræddu við Brooke Harrington fyrir Tíund eftir kynningu hennar og fundi með eftirlitssviði ríkisskattstjóra.

Auðlegðarstýring

Fram kom í máli hennar að þeir sem auðlegðarstjórar störfuðu fyrir vildu margir komast hjá að greiða skuldir, taka þátt í kostnaði við rekstur samfélagsins eða gæta þess einnig að skilja eftir eins litla pappírsslóð og unnt sé vegna viðskiptanna. Vefurinn sem þeir spinni sé því flókinn og þannig hafi auðlegðarstjórar sigur gagnvart stjórnvöldum. Mikinn tíma og peninga

> ”
>
> Þeir skapi völundarhús um viðskiptin með fjölda milliliða sem almennt ættu að vera óþarfir nema leyndarinnar vegna svo erfitt sé að rekja þau og gæta þess einnig að skilja eftir eins litla pappírsslóð og unnt sé vegna viðskiptanna

fara á annan hátt eftir löggjöf sem sett væri. Búinn væri til hliðsettur heimur í aflandsríki þar sem væri ákveðið frísvæði frá lögum og þeir ofurríku gætu haldið áfram að fara eftir þeim lögum sem þeim hentaði en sneiddu hjá þeim lögum sem yllu þeim óþægindum eða væru þeim ekki að skapi.

Áherslan sem flestir auðlegðarstjórar myndu vinna eftir væri að setja ekki öll egg í sömu körfu heldur dreifa áhættu viðskiptavina sinna. Þeir skapi völundarhús um viðskiptin með fjölda milliliða sem almennt ættu að vera óþarfir nema leyndarinnar vegna svo erfitt sé að rekja þau og þurfi til að greina vefinn í sundur, en þann tíma og peninga hafi stjórnvöld almennt ekki. Að auki setji fyrningarreglur í lögum margvísleg takmörk og því sé tíminn oft stuttur ef horft sé til þeirrar flækju sem þurfi að leysa úr hverju sinni.

Þeim völundarhúsum sem búin séu til sé ekki eingöngu ætlað að fara á svig við skattareglur heldur í mörgum tilvikum einnig að fela auðsöfnunina og gera nánast ómögulegt að greina raunverulegan eiganda. Sérfræðingarnir skilji eignir frá ríkjum sem vilja setja um þær lög eða skattleggja og setji á fjölþjóðlegt og hreyfanlegt form.

Engin ein töfralausn virkar

Brooke telur að vegna fjölbreytileikans sé því miður engin ein töfralausn til sem geti stöðvað þessa háttsemi sem hér að framan er lýst. Ljóst sé að áhersla á mótun skattareglna sem ætlað sé að ná til hinna ríku hafi oft á tíðum ekki virkað sem skyldi, ólíklegt sé að þeir láti fjármagn sitt falla undir þær. Um þetta séu fjölmörg dæmi og auðugt fólk nýti sér ýmsar leiðir og megi nefna að til sé heill iðnaður í kringum það að hjálpa þeim að fá vegabréf eða ríkisfang í öðru landi sem lætur það í friði. Í stað þess að eltast við þetta fólk með bitlitlum lögum gæti verið vænlegra að setja fókusinn á auðlegðarstjórana.

Til að eiga möguleika á að stöðva auðlegðarstjóra þurfi ef til vill nýja sýn á viðfangsefnið því í raun séu auðlegðarstjórar í katta- og músaleik við löggjafarvald ríkja og eftirlitsstofnanir þeirra. Breytingar á löggjöf og öðrum reglum taki tíma og því virki ríki oft á tíðum svifasein og nær alltaf skrefi á eftir. Auðlegðarstjórar hafi flestir ákveðnar starfsaðferðir og leiðir sem þeir vinni eftir og því séu líkur á að ef næst að rekja upp einn vef þeirra sé þar að finna ákveðna forspá um hvernig sá hinn sami auðlegðarstjóri hafi spunnið vefi fyrir aðra áþekka viðskiptavini sína. Mikið sé unnið út frá persónulegum samskiptum og tengslum manna á milli í aflandsríkjum og því líklegt að þeir sem stýri fléttum treysti sömu samstarfsmönnum og leiðum oftar.

Brooke Harrington telur uppljóstrara hafa verið gagnlega í baráttunni gegn aflandsiðnaðinum. Þeir komi hins vegar ekki fram nema umhverfið sem taki á móti upplýsingunum sé þannig úr garði gert að nafnleynd þeirra sé tryggð eftir því sem frekast er unnt. Að öðrum kosti eru líkur á að uppljóstrarar telji sig ekki örugga þegar ljóstrað er upp um falinn auð mjög efnaðra og valdamikilla einstaklinga, en þeir vilja vitaskuld geta haldið lífi sínu áfram. Þessari leynd hafi blaðamenn Süddeutsche Zeitung til að mynda náð um uppljóstrara Panamaskjalanna og því líkur á að fleiri velji að leita til þeirra með mál af svipuðum toga. ■

Jón Þór Þórhallsson - kveðjuorð

Það varð mörgum hverft við þegar það spurðist að Jón Þór Þórhallsson hafi orðið bráðkvaddur í Reykjavík 20. september sl. Fráfall hans var sannarlega óvænt.

Jón Þór Þórhallsson sigldi til háskólanáms í Þýskalandi að loknu stúdentsprófi. Þar nam hann eðlisfræði og lauk doktorsprófi með láði fáum árum síðar. Eftir frekara nám og vinnu í Kanada snéri Jón Þór heim til Íslands að lokinni 15 ára dvöl erlendis og varð þá starfsmaður reiknistofu háskólans uns hann var ráðinn forstjóri Skýrr árið 1977. Forstjórastarfinu gegndi Jón Þór í rétta tvo áratugi og hóf eftir það eigin atvinnurekstur.

Ríkisskattstjóraembættið var áratugum saman einn af stærstu viðskiptavinum Skýrr. Öll tölvuvinnsla ríkisskattstjóra var unnin þar framan af og starfsmenn RSK áttu því í mörgum tilfellum mikil samskipti við starfsmenn Skýrr. Jón Þór var þar ekki undanskilinn og margir fundir voru haldnir á skrifstofu hans á þessum árum. Vilji Jóns Þórs stóð til þess að Skýrr þjónaði viðskiptavinum sínum þannig að öryggi vinnslunnar væri tryggt eftir því sem unnt væri. Jón Þór hafði einnig þá sýn að ekki ætti að margskrá sömu upplýsingar heldur yrði tæknin notuð til að flytja þær á milli tölvukerfa og losna þannig við villuhættu. Jón Þór var þó ekki allra. Hann gat verið óvæginn ef aðstæður gáfu tilefni til þess og stundum gat orðræðan verið hvöss, en hann var sáttfús.

Fyrir tæpum áratug æxluðust mál þannig að Jón Þór Þórhallsson varð ráðgjafi ríkisskattstjóra í upplýsingatæknimálum. Aðkoma Jóns Þórs varð embættinu mikill happafengur. Hann stýrði m.a. gerð nýrrar upplýsingastefnu og upplýsingatæknistefnu á árunum 2008 og 2009 auk margvíslegrar annarrar ráðgjafar. Hann tók út skýrslur um upplýsingatæknimál sem embættinu bárust og varð erindreki embættisins í ýmsum málum, bæði utan lands og innan. Hann ritaði fjölda greina í Tíund, fréttablað RSK, og lagði gjörva hönd á mörg upplýsingatæknimál sem komu til kasta embættisins.

Skarð er nú fyrir skildi og vandséð er hvernig það verði fyllt. Það var gott að eiga samtal við Jón Þór. Hann var skarpgreindur maður, framsýnn greinandi sem horfði á mál í gegnum gleraugu mikillar reynslu og góðrar dómgreindar. Hann setti mál sitt fram á hnitmiðaðan og skynsaman hátt, var gæddur mikilli kímnigáfu og hvatti jafnframt til dáða. Einstaklega fljótur að meta aðstæður, athugull og komst alltaf að kjarna hvers máls án þess að festast í smáatriðum. Því lengri sem kynni við Jón Þór vörðu, þeim mun meira var hann metinn. Nú eru kaflaskil. Fáir hafa lagt meira til íslenskra upplýsingatæknimála en Jón Þór Þórhallsson.

SEÞ

Tollstjóri og ríkisskattstjóri

Aukin þjónusta vegna álagningar og innheimtu

Kristjana Ingimarsdóttir starfsmaður ríkisskattstjóra aðstoðar viðskiptavin á starfsstöð Tollstjóra.

Álagning opinberra gjalda og innheimta þeirra er árviss viðburður. Álagning er á hendi ríkisskattstjóra en innheimta hjá Tollstjóra vegna aðila á höfuðborgarsvæðinu og hjá sýslumönnum utan höfuðborgarsvæðisins. Margir kannast eflaust við það að hafa einhvern tímann þurft að leita á starfsstöðvar ríkisskattstjóra vegna álagningar opinberra gjalda og til Tollstjóra eða sýslumanns vegna innheimtu þeirra. Á starfsstöðvum ríkisskattstjóra á Akranesi, Ísafirði og í Vestmannaeyjum háttar þannig til að skrifstofa sýslumanns er í sama húsi og starfsstöð ríkisskattstjóra. Á Siglufirði og Egilsstöðum eru skrifstofur sýslumanns einnig stutt frá starfsstöðvum ríkis-

Jóhanna Hlíf Magnúsdóttir starfsmaður Tollstjóra með viðskiptavini í afgreiðslu ríkisskattstjóra.

Afgreiðsla Tollstjóra er á Tryggvagötu 19 en ríkisskattstjóri tekur á móti viðskiptamönnum sínum á Laugavegi 166.

skattstjóra. Aðstæður á höfuðborgarsvæðinu eru talsvert frábrugðnar þessu þar sem aðalstöðvar og afgreiðsla ríkisskattstjóra eru á Laugavegi 166 en Tollstjóri er til húsa að Tryggvagötu 19.

Sem liður í sífellt betri þjónustu við viðskiptavini var í ár nýtt fyrirkomulag á samvinnu ríkisskattstjóra og Tollstjóra við birtingu álagningar. Til að koma til móts við þá einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu sem þurftu aðstoð beggja embættanna var útbúin tímabundin aðstaða, annars vegar fyrir starfsmann frá Tollstjóra í afgreiðslu ríkisskattstjóra og hins vegar fyrir starfsmann frá ríkisskattstjóra í afgreiðslu Tollstjóra. Með þessu fyrirkomulagi var unnt að koma í veg fyrir að viðskiptavinir þyrftu að leita á tvo staði til að fá úrlausn sinna mála og var þessi aukna þjónusta í boði dagana 30. júní til 7. júlí, það tímabil sem flestir þurftu á henni að halda.

Óhætt er að segja að hin aukna þjónusta hafi fallið vel í kramið hjá viðskiptavinum embættanna. Á þriðja hundrað einstaklinga nýttu sér þessar tímabundnu þjónustustöðvar og gátu þeir sem komu til Tollstjóra vegna innheimtu fengið skýringar á álagningu án þess að gera sér ferð á starfsstöð ríkisskattstjóra. Þeir sem komu til ríkisskattstjóra vegna álagningar gátu að sama skapi gengið frá greiðsluáætlun án þess að gera sér ferð á starfsstöð Tollstjóra. ■

Höfundur greinarinnar er Ólafur Hjálmarsson hagstofustjóri.

Hagskýrslugerð og skattframtöl

Hagstofa Íslands tók til starfa í upphafi árs 1914 og hefur því gefið út hagskýrslur í rúmlega eina öld. Á þeim tíma hafa orðið miklar breytingar á umfangi og tækni við söfnun og úrvinnslu gagna. Krafa um sífellt tímanlegri hagskýrslur hefur þó ekki breyst, eins og hefur komið fram í útgáfum Hagstofunnar í gegnum árin. Við lifum á upplýsingaöld þar sem gríðarlegt magn gagna verður til á degi hverjum og ný tækni ryður sér til rúms við greiningu þeirra. Við þær aðstæður er mikilvægt að fyrir liggi traustar og hlutlausar upplýsingar sem hægt er að nota við ákvarðanir og stefnumótun stjórnvalda og fyrirtækja.

Hagskýrslugerð er dýr í framkvæmd og öflun gagna kostnaðarsöm hjá fyrirtækjum og þátttakendum í úrtaksrannsóknum. Til að draga úr kostnaði allra aðila við hagskýrslugerð hafa hagstofur á Norðurlöndum staðið framarlega í notkun á stjórnvaldsskrám. Með því hefur skapast gríðarlegt hagræði. Má fullyrða að Ísland gæti ekki staðið undir þeim alþjóðlegu kröfum sem gerðar eru til hagskýrslugerðar án þess að hafa aðgang að opinberum skrám, nema með miklum tilkostnaði skattgreiðenda og aukinni svarbyrði fyrirtækja og einstaklinga. Allar skrár og upplýsingar sem berast Hagstofunni eru trúnaðarmál og eingöngu notaðar til hagskýrslugerðar. Hagstofa Íslands hefur vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis fyrir alla starfsemi sína samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum staðli ISO27001.

Þær skrár sem einna mikilvægastar eru í hagskýrslugerð koma frá skattyfirvöldum. Þar má helst nefna upplýsingar um staðgreiðslu, virðisaukaskatt, tollskýrslur og síðast en ekki síst framtöl einstaklinga og fyrirtækja. Gögn um staðgreiðslu og tollskýrslur berast skattyfirvöldum mánaðarlega og um virðisaukaskatt annan hvern mánuð, en framtöl einstaklinga og fyrirtækja árlega. Hér er sjónum beint að skilum á rekstrarframtölum fyrirtækja og mikilvægi þeirra fyrir hagskýrslugerð og notendur hagskýrslna.

Upplýsingar frá fyrirtækjum um rekstur og efnahag eru mikilvægar við gerð þjóðhagsreikninga, sérstaklega framleiðsluuppgjörs. Ákvarðanir stjórnvalda um efnahagsmál byggja að miklu leyti á niðurstöðum þjóðhagsreikninga, sem eru gerðir í samræmi við alþjóðlega staðla. Greiningaraðilar, erlendar fjármálastofn-

> Traustar og tímanlegar upplýsingar eru ekki síst mikilvægar fyrir atvinnulífið í landinu sem notar upplýsingar úr eigin rekstri og opinberar hagskýrslur sem veigamikinn þátt við áætlanagerð

anir og fjárfestar sem leggja mat á íslensk efnahagsmál byggja einnig á niðurstöðum þjóðhagsreikninga. Ríki eru borin saman miðað við þjóðartekjur á íbúa, skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu o.fl. Auðvitað er einnig litið til annarra gagna um íslenskt þjóðfélag, svo sem um menntun, innviði og lífskjör, sem eru ekki síður mikilvægir þættir. Stjórnvöld og almenningur nota þessar upplýsingar til að meta hvort áfram miðar eða ekki. Traustar og tímanlegar upplýsingar eru ekki síst mikilvægar fyrir atvinnulífið í landinu sem notar upplýsingar úr eigin rekstri og opinberar hagskýrslur sem veigamikinn þátt við áætlanagerð.

Fyrirtækjasvið Hagstofunnar dregur saman niðurstöður úr rekstrarframtölum fyrirtækja og úr fyrirtækjaskrá RSK við gerð á fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar. Niðurstöðurnar eru hluti af skuldbindingum Íslands í EES-samningnum og eru hagskýrslur um atvinnugreinar sendar til hagstofu ESB, Eurostat, og eru auk þess nýttar af öðrum alþjóðastofnunum. Alþjóðavæðing atvinnulífsins krefst meiri og tímanlegri upplýsinga um fyrirtækin og útibú þeirra í öðrum ríkjum. Samvinna er innan Evrópu til að fá sem besta mynd af alþjóðlegum fyrirtækjum og áhrifum þeirra á efnahagsstarfsemi. Nýlega hefur Hagstofan birt ítarlegar upplýsingar um rekstur og efnahag fyrirtækja á Íslandi eftir helstu atvinnugreinum fyrir árin 2002 til 2015. Rekstrarniðurstöður fyrir árið 2015 sem eru reistar á framtölum fyrirtækja voru birtar 18. nóvember sl. og gefa mikilsverðar upplýsingar um afkomu og rekstur þeirra. Rannsóknir sýna að flest störf verða til í litlum fyrirtækjum og þau eru oft vísbending um hver þróunin er í efnahagslífi ríkja. Vegna þess er ekki nægilegt að styðjast eingöngu við rekstrarupplýsingar stærri fyrirtækja sem birta uppgjör vegna skráningar á hlutabréfamarkaði, þó að þær upplýsingar séu einnig mikilvægar. Mjög kostnaðarsamt yrði að gera úrtaksrannsóknir á fyrirtækjum og fyrirhöfn minni fyrirtækja yrði talsverð. Rekstrarframtöl sem fyrirtæki skila til ríkisskattstjóra veita því heildstæðustu upplýsingarnar stærri fyrirtæki geta nýtt sér hana. Þá eru forsendur hennar ræddar reglulega við alþjóðastofnanir á borð við OECD og Alþjóða gjaldeyrissjóðinn. Þjóðhagsspá er gerð þrisvar á ári og tekur breytingum eftir því sem Hagstofan birtir nýjar upplýsingar um fyrirtækin og þjóðhagsreikninga. Sama má segja um áætlanir og spár annarra greiningaraðila, innlendra sem erlendra, en mikilvægi tímanlegra upplýsinga er lykilatriði hjá þeim. Tímanlegar niðurstöður hafa áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja auk þess sem stefnumótandi ákvarðanir í efnahagsmálum byggja á þeim.

Sérstakt áhyggjuefni er að á sama tíma og krafist er tímanlegri og betri upplýsinga hefur gengið erfiðlega að fá sum fyrirtæki til að skila rekstrarframtölum á réttum tíma til skattyfirvalda. Er það sameiginlegt hagsmunamál stjórnvalda og atvinnulífs að á þessu verði gerð bót. Takist að



Þróun rekstrartekna í framleiðslu málma, sjávarútvegi, smásöluverslun og ferðaþjónustugreinum 2001-2015.

sem tiltækar eru um atvinnustarfsemina í landinu og eru einn af mikilvægustu mælikvörðunum á efnahagsstarfsemina.

Hagstofan gerir þjóðhagsspá til viðbótar við útgáfu hagskýrslna um þjóðarbúið og rekstur fyrirtækja. Þjóðhagsspá er grunnurinn að forsendum fjárlaga og rekstraráætlunum flestra sveitarfélaga og bæta skilin hefði það mjög jákvæð áhrif á hagskýrslugerð, hagspár og þar með þær upplýsingar sem stjórnvöld og fyrirtæki nota til að móta stærri ákvarðanir sínar og áætlanir. Tímanlegri gögn um rekstur fyrirtækja bæta gæði hagtalna og hagspáa, sem bætir áætlanagerð og dregur úr óvissu. ■

Virðisaukaskattur

Greiða skal í ríkissjóð virðisaukaskatt af viðskiptum innanlands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu, eins og nánar er ákveðið í lögum um virðisaukaskatt. Þeir sem selja virðisaukaskattsskylda vöru eða þjónustu fyrir meira en eina milljón króna á ári eru skattskyldir. Þeir eru skráðir á grunnskrá virðisaukaskatts og leggja á og innheimta virðisaukaskatt af seldri vöru og þjónustu en fá þá virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af aðföngum jafnframt endurgreiddan.

Starfsemi sem fellur undir og er tilgreind í 2. gr. laga um virðisaukaskatt er undanþegin virðisaukaskatti. Hér er aðallega um að ræða starfsemi sem telst til heilbrigðis- og félagsþjónustu sem ríki og sveitarfélög hafa almennt með höndum, sem og mennta- og menningarmál. Þá er ekki heldur lagður virðisaukaskattur á fjármálaþjónustu og tryggingastarfsemi. Rekstur skóla og menntastofnana, starfsemi safna og hliðstæðrar menningarstarfsemi, aðgangseyrir að tónleikum og leiksýningum, vátryggingastarfsemi, starfsemi banka og fjármálastofnana, eru þannig dæmi um starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti. Að auki má nefna íþróttastarfsemi, almenningssamgöngur og leiguakstur, póstþjónustu, fasteignaleigu, happdrætti og getraunastarfsemi, útfararþjónustu og prestsþjónustu.

Árið 2015 voru 35.573 aðilar á grunnskrá virðisaukaskatts en virðisaukaskattsnúmer voru 36.815. Hver aðili getur verið skráður fyrir fleiru en einu virðisaukaskattsnúmeri ef um fjölþætta starfsemi er að ræða. Virðisaukaskatti er almennt skilað annan hvern mánuð og voru innsendar virðisaukaskattsskýrslur við frumálagningu virðisaukaskatts alls 137.040. Þegar taldar eru saman innsendar virðisaukaskattsskýrslur, 13.098 áætlanir og 13.755 endurgreiðslubeiðnir var heildarfjöldi skýrslna fyrir árið 2015 alls 163.893.

Nokkuð mismunandi er hversu oft fyrirtæki þurfa að skila virðisaukaskattsskýrslum og fer það meðal annars eftir veltu og tilgangi starfseminnar. Almenna reglan er sú að virðisaukaskattsskýrslum er skilað á tveggja mánaða fresti. Nokkrar undantekningar eru frá því, t.d. ef skattskyld velta er minni en þrjár milljónir á ári þurfa fyrirtæki ekki að skila skýrslu nema einu sinni á ári og þeir sem stunda hefðbundinn landbúnað skila á sex mánaða fresti. Þegar innskattur er að jafnaði hærri en útskattur á hverju uppgjörstímabili geta fyrirtæki sótt um að skila mánaðarlega. Þá skila þeir einnig mánaðarlega sem hafa verið úrskurðaðir af grunnskrá virðisaukaskatts vegna vanskila á virðisaukaskatti og virðisaukaskattsskýrslum en hafa síðar verið endurskráðir. Þessi háttur er hafður á í tvö ár og hafi þeir gert fullnægjandi skil á því tímabili skila þeir aftur skýrslu á tveggja mánaða fresti eins og flestir aðrir.

Á undanförnum árum hafa skil á virðisaukaskattsskýrslum almennt batnað til mikilla muna. Annars vegar hefur verið markvisst unnið að því að draga úr vanskilum með beitingu lagaákvæða sem kveða á um álagningu sérstaks 5.000 kr. gjalds á þá sem skila of seint, afskráningu aðila af grunnskrá virðisaukaskatts sem hafa ekki skilað virðisaukaskattsskýrslum samfellt í tvö uppgjörstímabil eða lengur og skyldu til rafrænna skila á virðisaukaskattsskýrslu. Haustið 2015 hætti ríkisskattstjóri að taka við virðisaukaskattsskýrslum á pappír nema að því tilskildu að veitt hafi verið sérstök og tímabundin undanþága frá rafænum skilum. Hins vegar hefur internetið aukið og bætt þjónustu embættisins við gjaldendur þar sem þeir sem eru seinir að skila fá nú senda áminningu þess efnis í tölvupósti. Árangurinn hefur verið umtalsverður. Það sem af er árinu 2016 hafa um 99,3% virðisaukaskattsskýrslna verið sendar rafrænt en voru 97,5% árið 2015. Þá hafa vanskil við frumálagningu virðisaukaskatts það sem af er þessu ári verið um 6,5% en voru 8,7% árið 2015. Þetta er mikil breyting frá því sem var fyrir nokkrum árum þegar allt að 20% aðila skiluðu ekki skýrslu á réttum tíma.

> ”
>
> Haustið 2015 hætti ríkisskattstjóri að taka við virðisaukaskattsskýrslum á pappír nema að því tilskildu að veitt hafi verið sérstök og tímabundin undanþága frá rafænum skilum

Velta

Virðisaukaskattur er almennt lagður á sex sinnum á ári. Í byrjun nóvember á þessu ári var búið að skila virðisaukaskattsskýrslum fyrir veltu fjögurra af sex tímabilum ársins, eða tímabilið frá janúar til ágúst. Eins og gefur að skilja eiga tölurnar eftir að breytast þegar líður frá frumálagningu. Leiðréttingarskýrslur berast löngu eftir að lagt hefur verið á veltu hvers tímabils. Frekar algengt er að skýrslu sé skilað seint og þá er virðisaukaskattur leiðréttur við endurskoðun fyrirtækjanna. Því er viðbúið að tölur eigi eftir að breytast þegar fram líða stundir en þetta á þó sérstaklega við um síðustu virðisaukaskattstímabilin.

Samanlögð velta fyrirtækja á þessum tíma var rúmir 2.696 milljarðar sem var 150 milljörðum eða 5,9% meiri velta að raunvirði en fyrstu átta mánuði ársins 2015. Skattskyld velta var 1.831 milljarður, um 221 milljarði eða 13,7% hærri en fyrir ári en undanþegin velta var 865 milljarðar eða um 71 milljarði eða 7,5% minni en á sama tíma fyrir ári. Þetta má meðal annars rekja til hærra gengis. Skattskyld velta í lægra þrepi hefur hækkað úr 453 milljörðum í 594 milljarða eða um 31,2% á milli ára. Skattskyld velta í hærra þrepi hefur á sama tíma hækkað úr 1.125 milljörðum kr. í 1.223 milljarða, eða um 9,5%. Skattskyld velta hefur samtals hækkað um 15,8% milli ára.

Undanfarin ár hafa um 64,5% veltu komið fram á skýrslum fyrstu fjögurra tíma-



bila ársins. Samanlögð velta árið 2015 var 3.927 milljarðar og því er ekki ólíklegt að veltan í ár verði um og yfir 4.460 milljarðar, sem er einmitt 5,9% meiri velta en í fyrra.

Það er til marks um aukin umsvif í þjóðfélaginu að velta hefur aukist á undanförnum árum. Ef síðasta 12 mánaða tímabil er skoðað, síðustu sex virðisaukaskattstímabil frá september í fyrra til og með ágúst í ár, var heildarvelta á þessu tímabili 4.053 milljarðar sem var 2,1% meiri velta en á tímabilinu ágúst 2015 til og með júní 2016. Velta á tímabilinu september 2014 fram í ágúst 2015 var rúmir 3.787 milljarðar og því hefur tólf mánaða heildarvelta aukist um 266 milljarða eða 7% á einu ári.

Þegar bornar eru saman upplýsingar um álagningu virðisaukaskatts fyrstu átta mánuði ársins 2016 við fyrstu átta mánuði ársins 2015 má sjá að tekjur af virðisaukaskatti hafa nærri tvöfaldast á milli áranna, farið úr 19,3 milljörðum í 37,1 milljarð. Velta í júlí og ágúst var 12% meiri en fyrir ári.

Virðisaukaskattur

Fyrstu átta mánuði ársins var búið að leggja rúma 38 milljarða á í virðisaukaskatt af veltu samanborið við 21 milljarð í fyrra. Álagning virðisaukaskatts hefur því hækkað um tæp 85,6% á milli ára. Hluta þessarar hækkunar má útskýra með því að frá 1. janúar á þessu ári varð starfsemi ferðaskrifstofa, ferðaskipuleggjenda og farþegaflutninga virðisaukaskattsskyld en ferðaþjónustan hafði áður verið að mestu undanþegin virðisaukaskatti. Eins varð aðgangseyrir að baðhúsum, baðstöðum, gufubaðstofum og heilsulindum sem ekki falla undir íþróttastarfsemi samkvæmt undanþáguákvæði 5. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, virðisaukaskattsskyldur.

Fyrstu átta mánuði ársins voru 362 milljarðar lagðir á veltu skv. virðisaukaskattsskýrslum en þar af komu 324 milljarðar til frádráttar í formi innskatts af aðföngum fyrirtækjanna. Eftir stóðu því 38 milljarðar sem áður segir eða 10,6% af því sem lagt var á. Þetta hlutfall hefur hækkað nokkuð á undanförnum árum. Það var 6,4% fyrir sama átta mánaða tímabil í fyrra en þá komu 300 milljarðar til frádráttar í formi innskatts af 321 milljarði sem lagður var á veltu.

Stór hluti virðisaukaskatts er lagður á innflutning í tolli sem kemur að mestu leyti fram sem innskattur innflytjenda. Samanlagður virðisaukaskattur að frádregnum innskatti var 140 milljarðar fyrstu átta mánuði ársins, en var 122 milljarðar í fyrra. Tekjur ríkisins af skattinum voru því 18 milljörðum eða 14,6% hærri en á sama tíma í fyrra. Tekjur af virðisaukaskatti árið 2015 voru 192 milljarðar og því má búast við að tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti árið 2016 verði um og yfir 220 milljarðar.

Aftur er athyglisvert að skoða hvernig virðisaukaskattur hefur þróast á hverju 12 mánaða tímabili en ljóst er að tekjur af skattinum hafa aukist mjög hratt á undanförnum árum og þá sérstaklega frá því í september 2014. Frá þeim tíma hafa tekjur af virðisaukaskatti aukist með auknum hraða á hverju tímabili. Tekjurnar voru 7% hærri á 12 mánaða tímabilinu mars 2014 til febrúar 2015 en þær voru á tímabilinu mars 2013 til febrúar 2014. Þær voru samanlagt 14,3% hærri á 12 mánaða tímabili frá maí 2015 til júní 2016 en þær voru árinu á undan og 15,2% hærri á 12 mánaða tímabili frá september 2015 til ágúst 2016. Hraðinn hefur þannig aukist allt frá því um mitt ár 2014. Þess ber að geta að h. fyrsta janúar árið 2015 var virðisaukaskattur í almennu þrepi lækkaður úr 25,5% í 24% en á móti var virðisaukaskattur í lægra þrepi hækkaður úr 7% í 11%.

Atvinnugreinar sem urðu virðisaukaskattsskyldar frá 1. janúar

Ef skoðuð er skattskyld velta ferðaskrifstofa fyrstu átta mánuði ársins þá var hún alls 13,8 milljarðar og álagning virðisaukaskatts 60,9 milljónir. Skattskyld velta ferðaskipuleggjenda var 7,9 milljarðar og álagning virðisaukaskatts 271,8 milljónir. Skattskyld velta farþegaflutninga var 14,2 milljarðar og álagning neikvæð um 352,5 milljónir kr. Ástæða þess að álagning í þessari atvinnugrein er neikvæð er m.a. að sala farmiða er skattskyld í lægra þrepi virðisaukaskatts en útgjöld eru mestmegnis í hærra þrepi virðisaukaskatts. Jafnframt voru gerðar breytingar á reglugerð um innskatt sem veittu fyrirtækjum í þessum atvinnugreinum, sem áður voru undanþegin virðisaukaskatti, afturvirkar frádráttarheimildir í formi innskatts.

Fyrir þá sem vilja afla sér frekari upplýsinga um virðisaukaskatt má benda á vef ríkisskattstjóra, rsk.is, en þar má finna nánari upplýsingar um veltu, álagningu og endurgreiðslur á virðisaukaskatti allt frá upptöku hans árið 1990. ■

PK/SG/ÓHA

Heimsókn kínverskra skattyfirvalda

Þann 31. október síðastliðinn tók ríkisskattstjóri á móti sex starfsmönnum kínverskra skattyfirvalda ásamt túlki þeirra. Af hálfu ríkisskattstjóra sátu fundinn Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri, Ingvar J. Rögnvaldsson, vararíkisskattstjóri og Guðrún J. Jónsdóttir, sviðsstjóri alþjóðasamskipta.

Á fundinum voru helstu atriði í íslenskri skattalöggjöf kynnt, lög um skattframkvæmd og skattheimtu ásamt því að farið var yfir skipulag skattyfirvalda á Íslandi. Kynnt voru helstu skatthlutföll, skattskylda og bætur sem greiddar eru til skattaðila. Gerð var grein fyrir þeim muni sem er á skattaðild hérlendis og erlendis. Þá var farið yfir árangurinn sem náðist með sameiningu skattstjóraembættanna og ríkisskattstjóra sem sýnir sig í styttri tíma við afgreiðslu á kærum og erindum og auknu skatteftirliti. Ítarlega var farið yfir það tækniumhverfi sem ríkisskattstjóri og fleiri skattyfirvöld starfa í og þá stefnu embættisins að auka hlut rafrænnar stjórnsýslu. Jafnframt var gerð grein fyrir framkvæmd Leiðréttingarinnar, eins stærsta verkefnis innan rafrænnar stjórnsýslu hér á landi, og hvernig að henni var staðið af hálfu ríkisskattstjóra og fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Gestirnir báru upp fjölmargar spurningar um atriði sem ekki var sérstaklega fjallað um í kynningunni, s.s. um skiptingu skatttekna á milli beinna og óbeinna skatta, hvernig gengið hefði að halda uppi starfsemi eftir hrunið og um hlutverk eftirlits og að hvaða aðilum það beindist helst. Þá lýstu þeir yfir hrifningu á árangri ríkisskattstjóra með rafræn framtalsskil og pappírsleysið þeim samfara. Að lokum gerðu gestirnir stuttlega grein fyrir skattkerfi sínu, m.a. um virðisaukaskatt og tekjuskatt en ræddu síðan um hagstjórn, atvinnuleysi o.fl. í heimalandi sínu.

Ríkisskattstjóri hefur lagt áherslu á að eiga gott samstarf við skattyfirvöld erlendra ríkja. Heimsóknir sem þessar hafa sýnt sig í að efla tengsl og auka víðsýni beggja aðila og eru því mjög gagnlegar. ■

GJJ

Inga Jóna Óskarsdóttir formaður FBO

Góð samskipti og miðlun þekkingar skila sér í betri vinnubrögðum

Í Félagi bókhaldsstofa FBO sem stofnað var árið 1990 eru þeir sem fást við bókhald, reikningsskil og skattskil. Félagið kemur fram fyrir hönd félagsmanna og sér um endurmenntun og viðhald þekkingar í málaflokkunum. Inga Jóna Óskarsdóttir hefur verið formaður FBO frá árinu 2014. Hún er viðurkenndur bókari, en að auki með diplómu í rekstrar- og viðskiptafræðum og ábyrgð stjórnarmanna, auk þess að vera nú í PMD stjórnendanámi við Háskólann í Reykjavík. Samhliða bókhaldsstörfum hjá Bókhaldi og kennslu ehf. og störfum fyrir FBO fæst hún einnig við kennslu.

Ríkisskattstjóri á reglulega samráðsfundi við nokkra hópa fagaðila sem koma að skattamálum fyrir hönd framteljenda. Auk FBO er FLE – Félag löggiltra endurskoðenda – stór fagaðili sem mikið samstarf er við. Tíund tók hús á Ingu Jónu og ræddi störf FBO og félagsmanna og það samspil sem er milli þeirra og ríkisskattstjóra.

Hvernig kom til að þú tókst að þér að sinna formennsku í FBO og hversu krefjandi er það verkefni?

Ég hafði starfað í félaginu um nokkurt skeið í nokkrum nefndum og stjórn, og þegar hringt var í mig árið 2014 og ég hvött til að bjóða mig fram til formennsku fannst mér það ekki vera spurning. Ég hef góða reynslu í félagsmálum og mikinn áhuga á málefninu og má m.a. nefna að ég er einnig fyrrum formaður Félags viðurkenndra bókara og hef verið félagsmaður í þessum tveimur fagfélögum til margra ára.

FBO er félag sem hefur þróast á undanförnum aldarfjórðungi. Segðu okkur frá aðdraganda að stofnun félagsins og hverjar hafa verið áherslur þess hin síðustu ár.

Samkvæmt upplýsingum mínum komu nokkrir aðilar sem ráku eigin bókhaldsstofur um allt land saman í ársbyrjun 1990 vegna þess að mikil hvatning var frá ríkisskattstjóra og nokkrum skattstjórum til þess að vinnubrögð væru samræmd. Einnig voru umræður um að standa vörð um réttindi þeirra sem störfuðu í greininni og skapa þeim þannig stöðu á markaði. Menn áttuðu sig fljótt á að þeir gætu miðlað af reynslu sinni á þessum vettvangi og lært hver af öðrum. Strax í upphafi var ákveðið að vera með tvær ráðstefnur á ári til að miðla þekkingu og enn þann dag í dag er mikil áhersla lögð á að miðla þekkingu og reynslu, bæði með ráðstefnum, samskiptum á veraldarvefnum og notkun samskiptamiðla.

Hvaða menntun og reynslu þarf sá að hafa sem setur á stofn bókhaldsstofu hér á landi?

Því miður er það svo að nánast hver sem er getur sett á laggirnar bókhaldsstofu á Íslandi því ekki eru nægilega stífar reglur um þess háttar starfsemi. Vissulega eru lausleg lagaákvæði um tilurð eða tilgang skoðunarmanna í lögum, en hver sem er getur nú stofnað fyrirtæki og kallað það bókhaldsstofu án þess að vera skráður skoðunarmaður félags. FBO hefur reynt að stuðla að auknum gæðum í þessum efnum með því að kynna og markaðssetja félagið og félagsmenn þess að einhverju leyti sem gæðastimpil.

Hver er helsti snertiflötur eða samspil bókara við endurskoðendur í starfi sínu?

Samstarf endurskoðenda og bókara er oft á tíðum mikið. Bókarar vinna gjarnan reikningsskil stærri fyrirtækja upp í hendurnar á endurskoðendum og endurskoðendur kaupa þjónustu af bókurum. Slíkt samstarf skiptir FBO verulegu máli. Það eru nánast undantekningalaust góð samskipti og í samræmi við siðareglur félagsins.

Hver er ábyrgð bókara og bókhaldsstofa í starfi og gagnvart hverjum?

Ábyrgð bókara og bókhaldsstofa er auðvitað gagnvart verkkaupa hverju sinni. Verði bókari eða bókhaldsstofa uppvís að misfærslu, mistökum eða sambærilegu, getur verkkaupi átt rétt til bóta úr hendi þeirra sem verktaka. Fyrir allmörgum árum barðist FBO fyrir því, og fékk í gegn, að félagsmenn gætu keypt starfsábyrgðartryggingar af tryggingafélögum á Íslandi. Eftir því sem við komumst næst var þar um fyrsta hópinn að ræða sem fékk slíkt í gegn án þess að vera löggilt starfsstétt, þ.e.a.s. án staðfestingar hins opinbera. Að auki eru ákvæði um ábyrgð mjög skýr innan félagsins, bæði í samþykktum þess og siðareglum.

Hvert er þitt mat á ástandi bókhalds hjá rekstraraðilum sem leita til félagsmanna ykkar?

Ég tel að það sé mjög breytilegt, allt frá því að bókhaldsgögn eða ófærð fylgiskjöl séu afhent í plastpoka til þess að það sé nánast að fullu frágengið. Það þarf reglubundið aðhald hins opinbera svo að við bókarar séum ekki að alhæfa um reglur og gildandi lög sem í einhverjum tilvikum er svo ekki fylgt nægilega vel eftir. Samt skal tekið fram að mikill meirihluti viðskiptavina okkar hefur góðan skilning á nauðsyn þess að skattskil séu rétt og vill hlíta lögum og reglum.

Hvernig gengur að fá þær upplýsingar sem þörf er á frá minni rekstraraðilum til að unnt sé að ganga frá skattframtölum?
Yfirhöfuð gengur það ágætlega með ábendingum og símtölum, en ljóst er að það eru alltaf sömu aðilarnir sem skila of seint ár eftir ár.

Hvað gera félagsmenn FBO þegar þeir verða varir við vanframtaldar tekjur, offærð rekstrargjöld eða ranga virðisaukaskattsframkvæmd?
Það sem ég heyri, og það sem gert er á minni bókhaldsstofu, er að benda viðskiptavinum á það í hvaða stöðu þeir eru, benda á hvaða reglur gilda og síðan ákveðna úrskurði eða dóma sem eiga við. Ef þeir þiggja aðstoð okkar þá leiðréttum við það sem þörf er á en ef ekki þá þurfa viðskiptavinirnir að leita annað.

Hvernig taka viðskiptavinir slíkum ábendingum?
Viðskiptavinir minnar stofu og þar sem ég þekki til taka ábendingum um hvað gildir, upplýsingum um úrskurði eða dóma nánast undantekningalaust vel. Ef ekki þá ljúka þeir verkefninu með öðrum hætti eða kaupa þjónustu frá öðrum.

Hefur hið mjög svo einfaldaða skattframtal einstaklinga haft einhver teljandi áhrif á starfsemi bókhaldsstofa?
Ég tel þetta vera breytilegt og að það fari eftir samsetningu viðskiptavina hverrar stofu fyrir sig. Margir virðast kjósa að nota þjónustu okkar áfram þrátt fyrir einföldunina. Einnig hefur fjöldi útlendinga í landinu og Íslendinga starfandi erlendis talsverð áhrif á þennan þátt. Framtalsgerð einstaklinga er áfram mikilvægur þáttur í starfsemi bókhaldsstofa og skattaleg þekking félagsmanna er því undirstaða þess að sú þjónusta sé vel af hendi leyst.

Árið 2016 var álagningu einstaklinga flýtt um mánuð frá því sem verið hefur undanfarin ár. Hvernig gekk félagsmönnum og viðskiptamönnum þeirra að aðlagast þeim breytingum?
Ekki hefur verið gerð formleg athugun á því hvernig þetta gekk, en þó er ljóst að þar sem upplýsingar um breytt fyrirkomulag komu seint og stutt var í breytingarnar olli það einhverjum vandræðum. Ég hef sjálf heyrt í nokkrum félögum sem lentu í vandræðum og það var ekki síst vegna starfsmannahalds á álagstíma. Þeir þurftu því að keyra á yfirvinnu starfsmanna sinna. Stofurnar þurfa ákveðinn aðlögunartíma til að setja niður verkáætlanir og reikna starfsmannaþörf fram í tímann.

Það þykir bagalegt hversu seint á árinu upplýsingar úr rekstrarframtölum liggja fyrir og ljóst að hagstjórnin í landinu leggur áherslu á að slíkar upplýsingar berist mun fyrr en verið hefur undanfarinn hálfan annan áratug. Hvernig sérðu það þróast og hvernig eru félagsmenn FBO búnir undir flýtingu álagningar rekstraraðila?
Þetta hefur ekki svo ég viti til verið rætt formlega meðal félagsmanna. Mitt álit er að skil á framtölum stærri lögaðila gætu verið fyrri hluta árs og einnig er spurning hvort unnt væri að ljúka álagningu á framtöl jafnóðum og þau skila sér í stað þess að bíða til 1. nóvember með allan pakkann. Þar má benda á að stór og meðalstór fyrirtæki hefðu þarna mikil áhrif ef þau gætu skilað framtali og fengið álagningu fyrr á árinu. Ég hef heyrt að félagsmenn hafi áhyggjur af því að hafa ekki næg verkefni á haustmánuðum ef skattskilum yrði flýtt og rekstrarlega væri það því ekki af hinu góða fyrir félagsmenn í FBO. Það er líka spurning hvernig þessu er háttað í nágrannalöndum okkar.

Hversu mikilvæg er upplýsingasíða ríkisskattstjóra rsk.is í störfum félagsmanna FBO og hvaða þættir hennar eru mikilvægastir fyrir störfin?
Að mínu mati skipta eyðublaðasafnið sem þar er og þjónustuvefurinn fyrir rafrænu skilin mestu máli. Skattaforritin taka framförum um leið og tækninni fleygir fram, sem og leiðbeiningar um útfyllingu eyðublaða. Allar tilkynningar birtast jafnóðum sem auðveldar öllum að fylgjast með daglega. Þá er fagaðilahluti síðunnar okkur mikilvægur en þar birtast álit, tilkynningar og fleira. Svo má einnig geta þess að öll skil með rafrænum hætti hafa auðvitað gjörbreytt vinnuumhverfi félagsmanna okkar.

Sérfræðingar frá ríkisskattstjóra funda í það minnsta árlega með þeim félagsmönnum FBO sem vilja. Þar er fjallað um þær breytingar sem hafa orðið á framtalsforminu á milli ára auk þeirra lagabreytinga sem taka þarf mið af við framtalsgerð. Hvernig horfir samstarfið við ríkisskattstjóra við FBO og þar meðtaldir þeir fundir sem verið hafa með stjórn félagsins og félagsmönnum?
Fundir með starfsmönnum RSK um þær breytingar sem eru fyrirhugaðar eru mjög mikilvægir. Þá skiptir aðkoma starfsmanna ríkisskattstjóra á ráðstefnur félagsins hinn almenna félagsmann miklu máli. Góð samskipti og miðlun

reynslu og þekkingar hefur skilað sér í enn betri vinnubrögðum. Starfsmenn ríkisskattstjóra hafa mætt vel undirbúnir á þessar ráðstefnur og þeir aðilar sem leitað er til símleiðis eða bréfleiðis reyna eftir fremsta megni að vera leiðbeinandi. Flest okkar sem störfum á bókhaldsstofum viljum aukið samstarf við embættið.

> ”
> Mitt álit er að FBO og félagsmenn þess gætu sem samstarfsaðili nýst mun betur í þágu samfélagsins við að bæta skattskil

Hver er framtíðarsýn FBO og hvernig vilja félagsmenn að samstarfið við ríkisskattstjóra þróist, m.a. með hliðsjón af breytingum á lögum og tækninýjungum?

Samstarf eftirlitseininga ríkisskattstjóra við fagaðila má að mínum dómi bæta. Þar þurfa aðilar að ná fram betri samskiptum og mikilvægt er að fagaðilar séu upplýstir um til hvers sé ætlast eða krafist af hálfu ríkisskattstjóra. Mitt álit er að FBO og félagsmenn þess gætu sem samstarfsaðili nýst mun betur í þágu samfélagsins við að bæta skattskil. Mikilvægt er að okkur sé vísað á áreiðanlegar heimildir og nýleg dæmi, þegar við ráðleggjum viðskiptavinum okkar t.d. varðandi framtalsgerð og bókhaldsaðferðir. ■

Úr þjónustuveri ríkisskattstjóra á Akureyri.

Birting álagningar

Annasömustu tímar ársins hjá ríkisskattstjóra eru á framtalsfresti og við lok álagningar opinberra gjalda á einstaklinga.

Hjá RSK skera tvö tímabil sig úr þegar sjónum er beint að þeirri umfangsmiklu þjónustu sem embættið veitir landsmönnum. Annasamasti tími ársins er á almennum framtalsfresti í mars við skil einstaklinga á skattframtölum, en þá margfaldast fjöldi símtala og heimsókna í afgreiðslur RSK, en næst koma dagarnir við lok álagningar opinberra gjalda á einstaklinga. Það lætur nærri að um sjötti hluti allra símtala til embættisins komi inn í tengslum við þetta tvennt og tæpur þriðjungur þeirra símtala tengist birtingu álagningarinnar ár hvert.

Í ár var álagningin um mánuði fyrr en verið hefur og er fróðlegt að skoða yfirlit yfir fjölda símtala fyrstu átta dagana þar eftir í tengslum við birtingu álagningar miðað við fyrra ár. Í ár var tímabilið frá 29. júní til 8. júlí, en í fyrra var sambærilegt tímabil frá 24. júlí til 5. ágúst.

Í heild er fjöldi símtala sem berst nokkuð áþekkur. Þjónustan gekk mjög vel og sjaldan var löng bið eftir afgreiðslu símleiðis, enda bæði þjónustuverið og framtalsaðstoðin vel mönnuð og starfsmenn þjálfaðir í að leysa úr þeim málum er upp koma, eða eftir atvikum skýra niðurstöður álagningarinnar.

Auk símtala berst mikið magn af tölvupósti á þessum tíma og flokkar þjónustuverið allan tölvupóst sem berst á almennt póstfang embættisins, rsk@rsk.is. Þar er stórum hluta fyrirspurnanna

Magnús Bragi Ingólfsson við störf í þjónustuveri.

Innkomin símtöl í tengslum við álagningu 2015 og 2016

	29/6 2016	*30/6 2016*	*1/7 2016*	*4/7 2016*	*5/7 2016*	*6/7 2016*	*7/7 2016*	*8/7 2017*
2016	**1. dagur**	**2. dagur**	**3. dagur**	**4. dagur**	**5. dagur**	**6. dagur**	**7. dagur**	**8. dagur**
Framtalsaðstoð	755	450	611	430	294	248	165	156
Handreikningur	77	51	97	46	57	35	34	29
Þjónustuver	1.058	954	1.253	881	718	577	477	395

	24/7 2015	*27/7 2015*	*28/7 2015*	*29/7 2015*	*30/7 2015*	*31/7 2015*	*4/8 2015*	*5/8 2015*
2015	**1. dagur**	**2. dagur**	**3. dagur**	**4. dagur**	**5. dagur**	**6. dagur**	**7. dagur**	**8. dagur**
Framtalsaðstoð	686	558	424	423	379	565	560	397
Handreikningur	68	76	55	35	32	49	41	43
Þjónustuver	687	679	599	587	592	542	897	714

Símtölum svarað í tengslum við álagningu 2015 og 2016

	29/6 2016	*30/6 2016*	*1/7 2016*	*4/7 2016*	*5/7 2016*	*6/7 2016*	*7/7 2016*	*8/7 2016*
2016	**1. dagur**	**2. dagur**	**3. dagur**	**4. dagur**	**5. dagur**	**6. dagur**	**7. dagur**	**8. dagur**
Framtalsaðstoð	584	416	491	375	277	232	157	147
Handreikningur	74	49	81	39	55	35	34	27
Þjónustuver	785	765	926	717	598	472	418	339

	24/7 2015	*27/7 2015*	*28/7 2015*	*29/7 2015*	*30/7 2015*	*31/7 2015*	*4/8 2015*	*5/8 2015*
2015	**1. dagur**	**2. dagur**	**3. dagur**	**4. dagur**	**5. dagur**	**6. dagur**	**7. dagur**	**8. dagur**
Framtalsaðstoð	360	405	335	343	321	417	408	281
Handreikningur	61	68	45	35	29	48	38	42
Þjónustuver	490	534	492	489	498	448	728	595

svarað en aðrar fyrirspurnir áframsendar til þeirra er við á.

Meðfylgjandi eru tvenns konar yfirlit yfir símtöl til embættisins. Annars vegar er um að ræða yfirlit yfir innkomin símtöl en hins vegar yfir afgreidd símtöl sem koma inn til hópanna þriggja sem svara þorra þeirra fyrirspurna sem berast varðandi álagninguna. Hóparnir þrír eru Framtalsaðstoð, en hægt að að velja beint samband við hann, Handreikningur, þar sem svarað er spurningum varðandi erlendar tekjur og fleira í þeim dúr og svo að lokum er það Þjónustuverið sem leitast við að svara sem fjölbreyttustum fyrirspurnum. Hafa verður í huga að talsverður fjöldi viðskiptavina slítur símtali fljótt ef útlit er fyrir einhverja bið á þjónustu, en biðtími í júlímánuði fór sjaldan yfir tvær til þrjár mínútur og var það þá aðeins í skamman tíma í senn.

Í mars síðastliðnum var viðbótarfjöldi símtala vegna skila einstaklinga á framtali um 23.000 símtöl og um 9.500 í tengslum við birtingu og framlagningu álagningar á einstaklinga. Það er áþekkt því sem var síðastliðin tvö ár, þó svo að alltaf séu einhverjar sveiflur milli ára. Þá heimsótti að vanda mikill fjöldi viðskiptavina allar afgreiðslur embættisins og fékk aðstoð og eftir atvikum skýringar á niðurstöðum álagningar. ■

GK



Úr þjónustuveri ríkisskattstjóra á Akureyri.

Rafrænn persónuafsláttur

reynslan fyrstu mánuðina

Í ljósi þess að gamalgróin skattkort voru aflögð frá og með síðustu áramótum og rafrænn persónuafsláttur tekinn upp í þeirra stað er áhugavert að skoða hvort breytingar hafi orðið á ofnýtingu persónuafsláttar það sem af er ári miðað við sama tíma 2015.

Gunnar Karlsson

Innleiðing breytingarinnar á fyrstu átta mánuðum ársins hefur gengið betur en vænta hefði mátt miðað við umfang verkefnisins

Tilgangurinn með breytingunni var að auka hagkvæmni, spara launþegum umstang, launagreiðendum óþarfa utanumhald og starfsmönnum ríkisskattstjóra umtalsverða vinnu.

Við upptöku staðgreiðslu opinberra gjalda 1. janúar 1988 var ekki til staðar sú tölvutækni sem við búum yfir nú og var þá talið nauðsynlegt að hafa skattkort á pappírsformi til að tryggja rétta nýtingu persónuafsláttar. Með nýrri tækni og aukinni tölvuvæðingu voru skattkortin í raun orðin óþörf og tímabært að einfalda skattkortakerfið.

Samhliða þessum breytingum fékk ríkisskattstjóri heimild til að stöðva nýtingu persónuafsláttar launamanna komi til ofnýtingar, þ.e. ef ekki hefur verið haldið eftir nægri fjárhæð í afdreginni staðgreiðslu. Í þeim tilvikum getur ríkisskattstjóri hlutast til um að notkun á persónuafslætti tiltekins launamanns sé hætt tímabundið þangað til ofnýting hefur verið leiðrétt.

Við athugun kemur í ljós að ofnýting persónuafsláttar hefur verið heldur meiri í ár en á árinu 2015 miðað við fyrstu 8 mánuði ársins. Í langflestum tilvikum er

Ofnýttur persónuafsláttur

Samanburður milli áranna 2015 og 2016, janúar til og með ágúst



um að ræða frekar lágar fjárhæðir, þar sem tæp 90% þeirra sem ofnýttu persónuafsláttinn nú eru með ofnýtingu undir 200.000 kr., en hlutfall þeirra var tæp 88% í fyrra. Sé bilið stækkað í 0-300.000 kr. þá eru rúm 97% þeirra sem ofnýta persónuafslátt á því bili en voru tæp 96% í fyrra. Af þeim sem eru með ofnýttan persónuafslátt eru því nokkru færri nú með ofnýttan persónuafslátt yfir 300.000 krónum, eða 2,8%, samanborið við 4,2% í fyrra. Um 3% af þeim sem fá greidd laun eða lífeyri hér á landi hafa því ofnýtt persónuafslátt frá janúar til ágúst í ár.

Um 86% af þeim launamönnum sem ofnýta persónuafslátt eru með tekjur frá fleiri en einum launagreiðanda og virðist því frekar vera um ofnýtingu að ræða hjá þeim og hjá yngri aldurshópunum, en hjá öðrum. Í stöplaritunum má sjá aldursdreifingu ofnýtingar árin 2015 og 2016. Í framhaldinu er stefnt að því að fara í nýtt kynningarátak til að ná betur til þessara hópa.

Samfara breytingunni var sett upp svæði á þjónustusíðu RSK, skattur.is, þar sem einstaklingar fylgjast sjálfir með eigin staðgreiðslu og nýtingu persónuafsláttar. Þangað má sækja yfirlit yfir nýttan persónuafslátt ársins til að framvísa hjá launagreiðanda, sé þess óskað. Eigi einstaklingur t.d. uppsafnaðan persónuafslátt sem hann vill nýta þá er það hans að finna út stöðuna og upplýsa launagreiðandann um hana.

Sú breyting að afleggja skattkortin var umfangsmikil að því leyti að hún tekur til vel flestra landsmanna 16 ára og eldri.

Þó að notkun skattkorta hafi verið hætt kallaði það hvorki á breytingar fyrir launagreiðendur hvað varðar nýtingu persónuafsláttar viðkomandi launþega, breytingar á launakerfum, né að breytingar væru gerðar á staðgreiðsluskilunum.

Það sem breyttist var að þegar starfsmaður vill breyta nýtingu persónuafsláttar, eða þegar nýr starfsmaður kemur til starfa, þarf ekki að framvísa skattkorti með upplýsingum um nýtingu persónuafsláttar eins og áður var. Þess í stað upplýsir launamaður launagreiðanda um hvort nýta eigi persónuafslátt við útreikning staðgreiðslu og þá hversu hátt hlutfall. Eigi launamaður uppsafnaðan persónuafslátt, eða vilji nýta persónuafslátt maka, upplýsir hann launagreiðanda um það, en auk þess þarf launamaður að tilgreina í hvaða skattþrepi á að reikna skatt af viðkomandi launum.

Niðurstaðan er í stuttu máli sú, að innleiðing breytingarinnar á fyrstu átta mánuðum ársins hefur gengið betur en vænta hefði mátt miðað við umfang verkefnisins og fróðlegt verður að fylgjast með áframhaldandi þróun. Í tengslum við breytinguna var á síðustu vikum ársins 2015 og á fyrstu vikum 2016 farið í umfangsmikla kynningu á þessum breytingum. Í framhaldi af reynslunni það sem af er árinu verður nú gert nýtt átak til að ná til þeirra hópa þar sem ofnýting persónuafsláttar hefur verið mest. Ýmsar ástæður geta leitt til þess að persónuafsláttur sé ofnýttur og erfitt að fyrirbyggja það með öllu en áríðandi að vinna að því að staðgreiðslan sé sem réttust og þar með uppgjörið við álagningu ár hvert. ■

Fjöldi þeirra sem ofnýttu persónuafslátt eftir fjárhæðum og aldri janúar - ágúst 2016



Fjöldi þeirra sem ofnýttu persónuafslátt eftir fjárhæðum og aldri janúar - ágúst 2015



Annáll nútíma skattasögu

Annar hluti

Tímabilið 1965–2016

Friðrik G. Olgeirsson

Fyrri hluta annálsins, árin 1840-1964, má finna í ágústhefti Tíundar 2016

1965

> Breyting gerð á tekjustofnalögum sveitarfélaga. Álagning þeirra reyndist óþarflega há árið 1964 og því var ákveðið að slaka nokkuð á henni. Persónufrádráttur var hækkaður um 40%, þriðja þrepinu, 10%, var bætt við sem fyrsta þrepi útsvarsstigans og bilin voru breikkuð gjaldendum í hag.

> Breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt. Persónufrádráttur hækkaður og tekjuskattsstiginn lækkaður í 9%, 18% og 27%. Slysa- og sjúkrapeningar undanþegnir skatti og var það 17. frádráttarliðurinn á framtali.

1970

> Sett á sérstök 1,5% launaskattshækkun sem gilda átti frá 1. desember 1970 til 31. ágúst 1971. Þar með var launaskatturinn orðinn 2,5%. Viðbótarákvæðin voru framlengd tvívegis til bráðabirgða en í lok desember 1972 var 1,5% viðbótin sett á til frambúðar.

1971

> Skattstofan í Reykjavík flyst í Tollstöðvarhúsið í Tryggvagötu 19.

> Skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga breytt. Lögin um fyrirtæki og félög voru mjög efnismikil og flóknari en eldri lög. Atvinnurekendur fengu frjálsari hendur varðandi fyrningar. Mikil breyting var gerð varðandi skattalega meðferð söluhagnaðar þannig að almenna reglan varð sú að hagnaður af sölu eignar var alltaf skattlagður en þó að mismiklum hluta eftir lengd eignartíma. Skattalegri meðferð hagnaðar af rekstri var mikið breytt, sameignarfélög voru ekki lengur skattlögð heldur eigendurnir, skattfrelsi arðs af hlutabréfum upp að ákveðnu marki var leyft til að gera hlutafjár- og stofnsjóðseign að nokkru sambærilega við sparifjáreign og ýta undir fjárfestingar í hlutafélögum. Samruni félaga, sem eingöngu var fólginn í algjörum samruna án þess að greiðslur ættu sér stað á milli hluthafa, myndaði ekki skattskyldu. Eignaaukningin sem myndaðist við samruna var skattskyld þegar félagi var slitið eða við sölu hlutabréfa í því. Tekjuskattur félaga var 20% af skatttekjum en eignarskattur var lækkaður niður í 0,7%. Lögin voru hagkvæm fyrirtækjum og sættu seinna töluverðri gagnrýni. Breytingar sem vörðuðu einstaklinga voru þær að frádráttur vegna tekna eiginkonu var minnkaður nokkuð. Skattþrepin voru áfram þrjú en tekjuviðmið voru hækkuð. Eignarskattur var lækkaður mikið, féll að mestu niður af venjulegum fasteignum almennings. Fyrstu 3 milljónirnar voru skattfrjálsar, af næstu þremur skyldi greiða 0,3% í skatt en af öllu umfram það bar að greiða 0,6%.

1972

> Ný lög um erfðafjárskatt sem vörðuðu hækkun skattstigans vegna verðhækkana í þjóðfélaginu.

> Breytingar á tekju- og eignarskattslögum. Persónufrádráttur hækkaður og þrep skattstigans hækkuð í 25%, 35% og 44%. Upphæð skattfrjálsra eigna var lækkuð um tvær milljónir, niður í eina milljón. Af eignum að verðmæti 1–2 milljónir króna bar að greiða 0,6% og 1% af því sem hærra var. Tekjuskattshlutfall félaga var hækkað mjög mikið eða upp í 53% af skattgjaldstekjum og eignarskattshlutfall þeirra var tvöfaldað, upp í 1,4%

af skattskyldum eignum. Fyrr á árinu var búið að fella niður námsbókagjaldið og í tengslum við þessar skattabreytingar voru aðrir persónuskattar eða nefskattar felldir niður.

> Breytingar á lögum um útsvar. Aðstöðugjald var lækkað, mátti mest vera 65% af því sem það var árið 1971, eignaútsvör voru afnumin, stighækkandi tekjuútsvör einstaklinga voru afnumin en í staðinn kom útsvar sem var 10% heildarteknanna. Útsvör á árslaun sem voru undir 450 þúsund krónum lækkuðu um 0,2% fyrir hvern heilan tug. Útsvör fyrirtækja voru afnumin. Fasteignaskattur var hækkaður.

1973

> Lög vegna eldgossins í Vestmannaeyjum fela í sér tímabundnar álögur. Á álagðan eignarskatt var sett 30% viðlagagjald, sérstakt viðlagagjald á gjaldstofn aðstöðugjalds, 1% viðlagagjald á útsvarsskyldar tekjur og söluskattur var hækkaður um 2%.

> Launaskattur af launum sjómanna afnuminn og ári seinna bættust landmenn útgerðanna við. Í báðum tilvikum var um ákvæði að ræða til bráðabirgða sem voru svo framlengd með nýjum lögum.

> Embætti ríkisskattstjóra flyst á Skúlagötu 57.

1974

> Lög um skattkerfisbreytingar. Ýmsar tölur eldri tekjuskattslaga hækkuðu, bæði að raungildi og vegna verðbólgu. Persónufrádráttur hækkaði og við bættist sérstakur frádráttur fyrir einstætt foreldri og barn eða börn þess. Skatthlutföll tekjuskatts lækkuð í 20%, 30% og 40%. Þar sem ljóst þótti að hækkun söluskatts bitnaði meðal annars á þeim sem engan tekjuskatt greiddu var búinn til svokallaður sérstakur skattafsláttur sem allir áttu að fá, líka kallaður „neikvæður" tekjuskattur. Ef einhver fékk hærri skattafslátt en sem nam tekjuskatti eða bar engan skatt átti upphæðin að fara til greiðslu annarra þinggjalda. Elli- og örorkulífeyrisþegar fengu sérstakan afslátt af tekjuskatti. Orðið skattskyldumörk, seinna skattleysismörk, kom fyrir í lögunum í fyrsta sinn og þýddi hvar skattskylda byrjaði. Annað nýtt hugtak var orðið jaðarskattur. Söluskattur hækkaði í 18% með sérstökum 5% söluskattsauka og launaskattur tímabundið í 3,5%.

> Frá 1. apríl hækkaði launaskattur í 3,5% til loka ársins. Sömu atvinnugreinar sem fyrr voru undanþegnar skattinum. Lögin voru framlengd á hverju ári til ársins 1977 en þá voru þau framlengd án tímamarka.

1975

16

2000 milljóna kr. skattalækkun:

1380 millj. kr. tekjuskattslækkun, 540 m. kr. söluskattslækkun og 80 m. kr. tollalækkun

ALÞINGI

> Tekinn upp persónuafsláttur í stað persónufrádráttar og barnabætur koma í staðinn fyrir fjölskyldubætur almannatryggingakerfisins, persónufrádrátt vegna barna og afslátt einstæðra foreldra frá tekjuskatti. Tveggja þrepa tekjuskattsstigi var tekinn upp, 20% og 40%. Tekjuskattur félaga var áfram 53%. Allar upphæðir áttu hér eftir að hækka eða lækka í samræmi við skattvísitölu sem ákveða skyldi í fjárlögum hverju sinni. Eignarskattsstiganum var breytt þannig að skattleysismörk hækkuðu upp í 2 milljónir króna, af næstu 1,5 milljónum greiddist 0,6% skattur og 1% af því sem var fram yfir 3,5 milljónir. Almenningi var veittur afsláttur á útsvari og veitt var heimild til að fella niður söluskatt og tolla af mikilvægum matvörum og hráefnum til matvælagerðar. Loks var það ákvæði í lögunum að lagður var 5% skyldusparnaður á tekjur fólks yfir ákveðnum mörkum. Skattstjórar reiknuðu skyldusparnaðinn út og sérstök skírteini voru gefin út með 4% vöxtum á sparnaðinn.

1977

> Skattalögum breytt til þess að greiða fyrir gerð kjarasamninga, sólstöðusamningana. Bráðabirgðalög sem voru staðfest 16. desember. Breytingin fólst fyrst og fremst í því að nýju 30% þrepi var bætt við skattstigann og viðmiðunarfjárhæðir voru hækkaðar verulega. Það sama er að segja um eignarskattinn, viðmiðunarfjárhæðir hækkuðu í takt við verðbólguna en skattprósentan var óbreytt. Fjórum dögum seinna voru samþykkt lög um „skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum" þar sem skyldusparnaður var hækkaður í 10% af hátekjum. Breyting á eignarskatti. Af fyrstu 6 milljóna króna eign einstaklinga og 9 milljóna hjá hjónum greiddist enginn skattur en 0,8% af því sem umfram var. Félögum var gert að greiða 0,8% af eignarskattsstofni. Þessi mikla hækkun skattleysismarkanna varð til þess að greiðendum eignarskatts fækkaði um næstum 10 þúsund.

> Sett lög um skyldusparnað félaga og stofnana.

Þingmenn Alþýðuflokksins greiddu atkvæði með stjórnarflokkunum:

SKATTKERFISBREYTINGIN SAMÞYKKT Í NEÐRI DEILD 23:16

Lögin endanlega samþykkt í efri deild – söluskattsauki 4% — heimild til lækkunar á niðurgreiðslum verður ekki notuð — efnahagsráðstafanir boðaðar ásamt niðurskurði fjárlaga

Halldór E. Sigurðsson fjármálaráðherra greiðir atkvæði á Alþingi í gær. Tímamynd Gunnar

1978

> Grundvallarbreytingar skattalaga sem fólu í sér meiri breytingar en gerðar höfðu verið allt frá árinu 1921. Um var að ræða gríðarstóran lagabálk, nr. 40/1978, þar sem algerlega var vikið frá uppbyggingu og greinaröð eldri laga og því voru lögin ný frá rótum. Jafnframt voru þau töluvert flóknari en eldri lög vegna ákvæða sem í þeim voru um verðbólguútreikninga. Lögin tóku gildi 1. janúar 1979 en komu ekki til framkvæmda fyrr en við álagningu á tekjur og eignir þess árs árið 1980. Tekjuskattsfrumvarpið tók upphaflega mið af fyrirhugaðri staðgreiðslu og voru skattstigar þess miðaðir við hana og 35% verðbólgu. Svo fór að staðgreiðslufrumvarpið varð ekki útrætt og setti það nokkurt strik í reikninginn. Lagabreytingarnar voru marghátaðar, t.d. ný hugtök sem hafa verið lykilhugtök frá samþykkt laganna. Orðið tekjuskattsstofn kom í stað orðanna skattgjaldstekjur eða hreinar tekjur til skatts sem notuð höfðu verið frá upphafi. Gerður var greinarmunur á tvenns konar tekjuskattsstofnum, annars vegar launamanna og lögaðila og hins vegar einstaklinga með sjálfstæða starfsemi. Annað nýtt hugtak var orðið eignarskattsstofn og orðið lögaðili var í fyrsta sinn notað í tekjuskattslögum um ópersónulega aðila eða fyrirtæki en áður hafði það þó komið fram fjórum árum fyrr í lögum um söluskatt. Loks kom fram hugtakið reiknað endurgjald eða reiknuð laun en það voru þau laun sem sjálfstætt starfandi mönnum var gert að reikna sér af verktakastarfsemi sinni. Ein markverðasta breytingin fólst í því að aðferðum við skattlagningu hjóna var breytt. Tekin var upp takmörkuð sérsköttun hjóna og eftir það hafa allir einstaklingar talist sjálfstæðir skattaðilar. Tekjum hjóna var skipt í þrjá flokka. Launatekjur voru skattlagðar hjá hvoru hjóna um sig með viðeigandi frádráttarliðum. Tekjur af eignum bar að leggja saman og telja til tekna hjá því hjóna sem hafði hærri hreinar launatekjur eða skyldar tekjur. Loks bar að telja tekjur af atvinnurekstri fram hjá þeim aðila sem stóð fyrir rekstrinum. Hjónin voru svo skattlögð eftir sama skattstiga og einhleypt fólk, fékk sama persónuafslátt og máttu millifæra þann hluta persónuafsláttar sem öðru hjóna nýttist ekki yfir til hins aðilans. Barnabótum var skipt milli hjóna en helmingsfrádráttur á tekjum eiginkvenna var felldur niður. Hjón skiluðu eftir þessa breytingu tveimur aðskildum tekjuskattsframtölum en höfðu sameiginlegt eignaframtal. Einn þriggja þrepa skattstigi var fyrir alla, 18%, 26% og 34%, og sami persónufrádráttur fyrir alla. Barnabætur voru hækkaðar. Frádráttarliðum var fækkað verulega. Það mikilvæga nýmæli var tekið upp í lögunum að skattgreiðendum var heimilað að velja á milli þess að nota fastan 10% frádrátt frá tekjum sínum eða draga frá lífeyrissjóðsiðgjöld, iðgjöld af lífsábyrgð, gjöld til stéttarfélaga, sjúkra- og styrktarsjóða, vaxtagjöld og gjafir til menningarmála. Margir mikilvægir frádráttarliðir eldri laga voru leyfðir áfram en í breyttri mynd. Vaxtatekjur voru áfram frádráttarbærar en ákvæðið um tekjuskattsfrelsi þeirra var nú miðað við vaxtagjöld í stað skuldastöðu í árslok í eldri lögum. Loks skal hér nefnt að reglum um frádrátt arðs var breytt. Hann var frádráttarbær ef hann fór ekki fram úr 10% af nafnverði hvers hlutabréfs. Hámarkið var þó 250 þúsund krónur hjá einstaklingi. Einnig var frádráttarbærni úthlutaðs arðs hjá félaginu sjálfu skert. Í stað þess að leyfa því að draga frá allt að 10% af nafnverði hlutafjárins var aðeins helmingur úthlutaðs arðs frádráttarbær frá tekjum félagsins og frádráttarheimildin takmarkaðist þar að auki við 5% af nafnverði hlutafjár. Verulegar breytingar voru gerðar á fyrningarreglum og reglum um skattlagningu söluhagnaðar í atvinnurekstri með því sem kallað var verðbólgureikningsskil. Söluhagnaður lögaðila var gerður skattskyldur í öllum tilfellum án tillits til eignarhaldstíma en við ákvörðun hans bar að framreikna upphaflegt kaupeða kostnaðarverð til söluárs, núvirðis eins og það var kallað, eftir sérstökum verðbreytingarstuðli sem reikna átti eftir breytingum á byggingarvísitölu. Þetta þýddi að söluhagnaður var ekki skattskyldur nema hann reyndist meiri en hækkun verðbólgunnar. Í lögunum var nýtt ákvæði sem heimilaði lögaðilum sérstaka 5% niðurfærslu á útistandandi


Skattframtal 1980

RÍKISSKATTSTJÓRI

Sýnishorn af útfylltu framtali hjóna ásamt skýringum við einstaka liði

Inngangur

1 Peningar

2 Ökutæki

3 Fasteignir

4 Hlutabréf

5 Innlendar innstæður

6 Verðbréf

7 Aðrar eignir

8 Innstæður og verðbréf barna

kröfum í lok reikningsárs. Þá var gert skylt að nota varasjóð til að mæta yfirfæranlegu rekstrartapi og mæta skyldi tapi áður en fé væri lagt í sjóðinn. Heimilað var að færa rekstrartap milli ára í fimm ár. Fé sem kaupfélög, samvinnufélög og fleiri færðu félagsaðilum til séreignar í stofnsjóði vegna viðskipta þeirra bar að telja til tekna en á móti kom ákveðinn frádráttur. Tekjuskattur lögaðila var 45% af tekjuskattsstofni. Allar fasteignir bar að telja til eignar á gildandi fasteignamatsverði og ákveðið var að framvegis yrði fasteignamat framreiknað árlega. Lausafé bar að telja fram til eignarskatts á endurmetnu stofnverði sem reiknað var með sama verðbreytingarstuðli og notaður var við að ákvarða verðmæti fyrninga og söluhagnaðar. Eignir hjóna átti að leggja saman og skipta þeim síðan til helminga milli þeirra til skattlagningar. Eignarskattsstiginn var þannig að engan skatt þurfti að greiða af 8 milljóna króna eignarskattsstofni en 0,8% af því sem umfram það var. Lögaðilar greiddu sama hlutfall af eignarskattsstofni. Gert var ráð fyrir að skattstiginn breyttist árlega eftir skattvísitölu. Innstæður í fjármálastofnunum voru áfram skattfrjálsar, eins og verið hafði frá árinu 1954, en voru gerðar framtalsskyldar.

> Í september setti ný ríkisstjórn bráðabirgðalög um verðstöðvun, niðurfærslu verðlags og kjaramál. Skyldusparnaður á háar tekjur félaga var hækkaður, skattar voru hækkaðir af hátekjum, tekinn var upp eignarskattsauki og viðbótartekjuskattur var lagður á skattstofn ársins 1977 sem olli deilum um afturvirkni laga. Vörugjaldi var breytt og það innheimt í tveimur þrepum en söluskattur af matvælum var felldur niður. Bráðabirgðalögin höfðu engin áhrif á gildistöku lagabálksins mikla sem fyrr var frá sagt.

> Ný lög í desember, aðallega um auknar byrðar á hátekjufólk og lækkun skatta á lágtekjufólk og niðurfærslu verðlags. Fyrst og fremst komu þau í stað bráðabirgðalaganna frá september en einnig voru í þeim ný atriði, meðal annars áðurnefndar tekjuskattsbreytingar. Skatthlutföllin hækkuðu í 20%, 30% og 40% og við skattstigann var bætt nýju 50% skattþrepi. Skattur á félög var hækkaður í 65% en skyldusparnaður þeirra afnuminn. Fyrningarheimildir voru skertar. Í stað eignarskattsauka bráðbirgðalaganna var skatthlutfall eignarskatts einstaklinga hækkað úr 0,8% í 1,2%. Eignarskattur félaga hækkaði úr 0,8% í 1,6%.

> Vélræn úrvinnsla launamiða tekin upp.

1979

> Árið 1979 voru skattar lagðir á eftir nýsettum lögum frá desember 1978. Á sama tíma og sú vinna fór fram þurftu skattstofurnar um land allt og embætti ríkisskattstjóra að undirbúa þær miklu breytingar sem fólust í gildistöku grunnlaga nr. 40/1978 og koma áttu til framkvæmda árið 1980. Það þurfti að skipuleggja alla skattframkvæmdina upp á nýtt. Sú vinna hófst með því að í júní 1978 skipaði fjármálaráðherra vinnuhóp sérfræðinga til að undirbúa framkvæmd laganna. Mesta vinna hópsins fór í það að endurskoða eyðublöð skattframtalsins. Þá var í fyrsta sinn búið til eyðublað sem var tölvutækt, allir reitirnir voru númeraðir og það var hægt að reikna út alls konar hluti út frá þeim og yfirferðinni á framtölunum var mjög breytt. Hinn 20. febrúar 1979 samþykkti Alþingi fyrri lagabreytinguna af tveimur sem nauðsynlegt reyndist að gera á lagabálknum sem var að koma til framkvæmda og stöfuðu þær báðar aðallega af því að staðgreiðslufrumvarpið varð ekki að lögum. Breyta þurfti öllum innheimtukafla lagabálksins, líka voru nokkrar efnislegar lagfæringar þar sem meðal annars var reynt að taka enn meira mið af áhrifum verðbólgunnar á afkomu fyrirtækja en áður og aðlaga skilgreiningu skattstofna verðbólgunni. Hjón máttu telja fram 3 milljónir króna í vaxtagreiðslur á ári til frádráttar og einstaklingar 1,5 milljónir. Vextirnir urðu þó að tengjast íbúðarhúsnæði til eigin nota. Áður voru vaxtagjöld ekki frádráttarbær nema í vissum tilfellum. Af sparifé umfram skuldir þurfti ekki að greiða eignarskatt. Breytingarnar varðandi atvinnurekstur voru viðameiri, einkum vegna verðbólguhagnaðar. Eigendur fjárkrafna höfðu orðið að sæta því að hækkandi „fjármagnstekjur“ voru skattlagðar enda þótt bilið milli verðbólgustigs og „vaxtatekna“ hefði í reynd síst minnkað og tap þeirra að eiga þessar kröfur því fremur aukist en hitt. Á sama hátt höfðu skuldarar getað gjaldfært æ hærri vaxtafjárhæðir á sama tíma og hagnaður þeirra af lækkun höfuðstóls skuldanna jókst hröðum skrefum. Meginhugsun laganna frá árinu 1978 var haldið en í nokkuð breyttri mynd. Ákvæðum um endurmat eigna með verðbreytingarfærslu sem tók mið af verðbólgunni var breytt. Þetta var nýtt reikningslegt uppgjör. Í nýju lögunum var tekið tillit til verðbólgunnar í báðar áttir. Eldri ákvæði tóku einungis tillit til hennar ef atvinnureksturinn var að hagnast á henni, ef skuldir hans voru hærri en skattalega óverðtryggðar eignir. Nú var gert ráð fyrir því að einnig yrði tekið tillit til verðbólgu í því tilviki þegar skattalegar eignir fyrirtækja væru hærri en skuldir og þau því að tapa á verðbólgunni. Hins vegar féll mótreikningur fyrninga úr gildi. Á móti beinni tekjufærslu á verðbólguhagnaði aðila af skuldarýrnuninni kom þannig í mörgum tilvikum aukin gjaldfærsla fjármagnskostnaðar strax á því ári sem höfuðstóll viðkomandi skuldar breyttist auk þess sem kveðið var á um heimild til sérstakra flýtifyrninga, 25% af tekjufærslunni. Álitið var að bætt eignarstaða í kjölfar rýrnunar höfuðstóls skuldar í verðbólgu leiddi ekki endilega til aukinnar greiðslugetu þegar á því ári sem rýrnun höfuðstólsins ætti sér stað. Því þótti nauðsynlegt að heimila vissa dreifingu á skattlagningu yfir afborgunartíma skuldanna. Með aðferðinni átti að fást réttari mynd af raunverulegri afkomu fyrirtækja en með uppgjöri eftir ákvæðum laganna frá árinu 1978 og hinn raunverulegi verðbólguhagnaður að koma til skattlagningar. Fyrningarhlutföll voru lækkuð nokkuð. Loks voru ákvæði í lögunum um að fella þau inn í lögin frá 1978 og gefa þau út. Það var gert og voru það lög nr. 75/1981. Þegar frumvarp fyrrnefndra breytingarlaga var lagt fram var stjórnarkreppa í landinu og minnihlutastjórn sat sem starfsstjórn. Því var ákveðið að bíða með jafn pólitíska ákvörðun og þá að ákveða skattstigann þangað til búið væri að mynda meirihlutastjórn. Skattstigi laganna sem komin voru til framkvæmdar miðaðist við staðgreiðslukerfi sem ekki varð að veruleika og því varð að breyta honum. Fljótlega eftir að ný meirihlutastjórn var tekin við var samþykkt frumvarp um nýjan skattstiga og komu lögin þegar til framkvæmdar við álagninguna sem þá var byrjað að vinna að. Skattþrepum var fækkað úr fjórum í þrjú, 25%, 35% og 50%. Persónuafsláttur var hækkaður, skattur á börn var hækkaður úr 5% í 7% og barnabætur hækkuðu. Varðandi eignarskatt þýddi breytingin að skattur hjóna lækkaði en hækkaði á einhleypu fólki. Skattlaus eign einstaklings miðaðist við 15 milljónir en af því sem umfram það var bar að greiða 1,2% skatt. Tekjuskattur lögaðila var 65%. Var það óbreytt miðað við árið 1979 en mikil hækkun frá grunnlögunum 1978. Það sama má segja um eignarskattinn, hann hækkaði miðað við lögin frá árinu 1978 en lækkaði úr 1,6% í 1,2% miðað við fyrra ár.

> Skömmu fyrir jól 1978 var samþykkt frumvarp um sérstakan eignarskatt á

skrifstofu- og verslunarhúsnæði á árinu. Tekið var fram í lögunum að bankar og innlánsstofnanir teldust til skattskyldra aðila. Skatturinn, sem var 1,4%, var bundinn við árið 1979 og reiknaðist út frá fasteignamatsverði í árslok 1978. Næstu árin voru lögin um þennan sérstaka eignarskatt framlengd óbreytt frá ári til árs en árið 1984 var gerð sú breyting að skatthlutfallið fyrir komandi ár var lækkað í 1,1%. Eftir það voru lögin enn framlengd frá ári til árs. Með lögum sem samþykkt voru 21. desember 1988 fyrir komandi ár var sérstaki eignarskatturinn hækkaður upp í 2,2% en í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 1989 var hann lækkaður niður í 1,5% og sama tala var höfð í framlengingu laganna sem samþykkt var í desember fyrir árið 1990. Skatturinn var síðast lagður á sem ríkisskattur árið 1993 en með lögum það ár fengu sveitarfélögin umráð þessa skattstofns og var þá gjaldið lækkað í 1,25%.

1980

> Breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga til þess að aðlaga þau nýju tekjuskattslögunum. Með þeim voru hjón gerð að sjálfstæðum greiðendum útsvars og elli- og örorkulífeyrisgreiðslur voru undanþegnar útsvari. Skattstjórum var alfarið falin álagning útsvara en á síðustu árum höfðu flest sveitarfélög látið þá sjá um hana. Tekið var fram að útsvarsstofn skyldi fundinn eftir sömu reglum og skattstofn. Hámark útsvara var hækkað úr 10 í 11% og útsvar barna í 3%. Sem fyrr mátti lækka útsvar á fólki vegna barna og fleiri atriða.

> Fyrsta tölvutæka framtalseyðublaðið. Allar þessar lagabreytingar kölluðu á gríðarmikla vinnu á skattstofunum og starfsfólki þeirra reyndist ekki mögulegt að ljúka álagningu á tilskildum tíma. Þess vegna voru gefin út bráðabirgðalög 24. júlí 1980 um frest til 31. ágúst að ljúka álagningunni og voru þau staðfest með lögum 23. desember. Það sem meðal annars flækti málin var nýja framtalseyðublaðið sem tekið var í notkun. Það var fyrsta tölvutæka eyðublaðið og þá voru tekin upp ný vinnubrögð við álagningu og endurskoðun framtalanna sem reyndust í fyrstu óskaplega tímafrek og erfið.

Tíminn

Tvö stjórnarframvörp:

Stefnt að gerbreytingu skattakerfisins þegar á næsta ári

Frumvörp um staðgreiðslukerfi og um tekjuskatt og eignarskatt lögð fram á Alþingi

Fyrrverandi bankastjóri Alþýðubankans:

Þungar ásakanir í garð bankaráðs — meðbankastjóra og lögmanns bankans

Framkvæmdir við nýtt gæzluvarðhaldsfangelsi hafnar

Eindæma aflahrota hjá Austfjarðabátum

• útskipunarbann hefur litið að segja ennþá

• veitt undanþágа til útskipunar á Hornafirði

1981

> Lög um lækkun skatta á lágtekjur og meðaltekjur. Þau fólu einkum í sér sérstakar ívilnanir til einstæðra foreldra.

1982

> Vorið 1982 voru samþykkt lög um skattskyldu innlánsstofnana: banka, flestra sparisjóða og Söfnunarsjóðs Íslands. Áfram voru þó tekjur og eignir opinberra fjárfestingarlánasjóða, svo og stofnlánasjóða og veðdeilda undanþegnar skatti til ársloka 1988 en þá voru lögin einnig látin ná til þeirra.

> Lögum um launaskatt breytt. Tekin upp tvö þrep, 3,5% sem var það almenna, og 2,5% þrep fyrir fyrirtæki í fiskverkun og iðnaði. Skattstjórum bar að ákvarða launaskatt af reiknuðu endurgjaldi. Fjórum árum seinna var gerð sú breyting með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum í tengslum við gerð kjarasamninga að iðnaður, fiskvinnsla og fiskirækt voru undanskildar launaskatti auk þeirra greina sem alltaf höfðu verið það, landbúnaðar og sjómennsku.

> Einmenningstölvur keyptar á allar skattstofurnar og til RSK.

1983

Bráðabirgðalög „um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum.“ M.a. ákvæði um skattalækkanir lágtekjufólks með greiðslu sérstaks persónuafsláttar og barnabótaauka til að bæta þeim upp þá kaupmáttarrýrnun sem efnahagsaðgerðirnar höfðu í för með sér.

1984

> Ný lög um skattstiga og upphæðir frádráttarliða. Þau höfðu þann tilgang að tryggja það að sú lækkun skattbyrði sem náðst hafði með bráðabirgðalögunum árið á undan héldist árið 1984. Skatthlutföll skattstigans lækkuðu öll, í 23%, 32% og 45%. Skattur barna lækkaði úr 7% í 5%. Frádráttarupphæðir hækkuðu. Persónufrádráttur og barnabætur hækkuðu og greiðslu sérstaks barnabótaauka var haldið áfram. Tekjuskattur lögaðila var lækkaður niður í 51%. Eignarskattur almennings og lögaðila var 0,95% af eignarskattsstofni.

> Í mars voru einnig gerðar breytingar á lögum um skatta á fyrirtæki. Helstu breytingarnar voru þær að frádráttur vegna arðs af hlutafjáreign var hækkaður og leyft var að draga hluta þess fjár sem varið var til fjárfestinga í atvinnurekstri frá skatti. Einnig var leyft að draga hlutabréfaeign og innstæður á stofnfjárreikningum frá eignum við ákvörðun eignarskattsstofns, allt að 250 þúsund krónum hjá einhleypum og 500 þúsund hjá hjónum. Varðandi atvinnurekstur kom fram það nýmæli að fjárframlög sem sett voru í fjárfestingarsjóð fyrirtækis voru

frádráttarbær frá tekjum um allt að 40% af skattskyldum hagnaði ársins. Nánari ákvæði voru um sjóðinn en við ráðstöfun hans taldist hann til skattskyldra tekna. Þessi sjóður kom í stað gamla varasjóðsins. Munurinn á þeim var meðal annars sá að fjárfestingarsjóðir náðu til allra en sá gamli var bara fyrir félög og nýja sjóðnum þurfti að ráðstafa innan ákveðins tíma en varasjóður var án tímamarka og frádráttur vegna hans gat mestur orðið 25%. Fjárfestingarsjóðurinn var með öðrum orðum hugsaður til uppbyggingar og tekjuöflunar. Lengi hafði mörgum þótt það galli að ekki mætti ráðstafa varasjóði og að hann hefði alltaf virkað sem hálfgerð skattfríðindi og mismunað formum í atvinnurekstri. Varasjóðirnir voru þó ekki þar með úr sögunni því þeir voru við lýði þangað til búið var að ráðstafa þeim að fullu. Arður varð frádráttarbær hjá hlutafélagi um allt að 10% af nafnverði hlutafjár og gat frádrátturinn myndað yfirfæranlegt rekstrartap. Fyrningar voru hækkaðar vegna örari tæknibreytinga og íbúðarhúsnæði í atvinnurekstri var gert fyrnanlegt.

> Samkomulag um að stefna að afnámi tekjuskatts af almennum launatekjum í þremur áföngum. Fyrsti áfangi kom til framkvæmda við álagningu árið 1985. Öll skatthlutföll skattstigans voru lækkuð en þó mest það fyrsta. Einnig voru þrepin þrengd nokkuð til að beina lækkuninni að lægstu launum. Skattstiginn var 20%, 31% og 44%. Það nýmæli var tekið upp hjá hjónum að ónýttur hluti neðsta skattþreps hjá hinu tekjulægra hjóna var millifærður til hins makans allt að 100 þúsund krónum. Ýmsir liðir voru hækkaðir í takt við verðlagsþróun með skattvísitölu, þar á meðal skattfrelsismörk eignarskatts. Ekki varð af frekari aðgerðum í þá átt að afnema tekjuskattinn.

> Nokkrar verulegar breytingar gerðar á erfðaskatti, meðal annars sú að maki arfleiðanda varð undanþeginn erfðafjárskatti og sömuleiðis sambýlismaður ef um óvígða sambúð hafði verið að ræða. Líknar- og menningarfélög, opinberar stofnanir og fleiri aðilar voru gerðir undanþegnir erfðafjárskatti. Viðmiðunarfjárhæðir sem notaðar voru við álagningu skattsins voru hækkaðar árlega án lagasetningar með framreikningi í samræmi við hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar.

1985

> Tekjuskattslögum breytt í tvígang til þess að koma til móts við íbúðaeigendur og húsbyggjendur. Fyrst var veittur 25% skattafsláttur af því fé sem menn lögðu inn á húsnæðissparnaðarreikninga sem þá voru nýir af nálinni, hið svokallaða '86-kerfi. Í árslok var síðan brugðist við greiðsluvanda íbúðaeigenda með því að hækka hámark vaxtafrádráttar.

1986

> Til þess að greiða fyrir gerð kjarasamninga snemma árs, þjóðarsáttarinnar fyrri, hét ríkisstjórnin aðgerðum sem áttu að vera ígildi kjarabóta, m.a. skattalækkunum. Það var efnt með frumvarpi sem var samþykkt 28. febrúar. Mest tóku lögin til tolla og lækkunar ríkisútgjalda en einnig var þar að finna ákvæði sem lækka áttu tekjuskatt um 5,7% og afnámu launaskatt hjá nokkrum atvinnugreinum. Skattprósentur skattstigans voru lækkaðar um 0,5% hver og urðu 19,5%, 30,5% og 43,5%.

> Sigurbjörn Þorbjörnsson lætur af starfi ríkisskattstjóra og Garðar Valdimarsson lögfræðingur tekur við.

1987

> Enn stefnt að lækkun tekjuskatts. Skatthlutföll skattstigans voru lækkuð í 18%, 28,5% og 38,5%. Jafnframt voru tekjuhlutföllin hækkuð. Persónuafsláttur hækkaði um 20%, lagaákvæði um barnabótaauka urðu ótímabundin en skerðingarmörkin vegna tekna foreldra hækkuðu um 31%. Hliðstæðar breytingar voru gerðar á frádráttarliðum laga um tekjustofna sveitarfélaga á sama tíma.

> Lögum um söluskatt var sífellt breytt á áttunda og níunda áratugnum. Á seinustu árum níunda áratugarins var undirbúningur að viðamikilli kerfisbreytingu kominn á lokastig en það var upptaka virðisaukaskatts í stað söluskatts. Áður en til þess kom var ákveðið að bæta söluskattskerfið með því að útrýma nánast öllum undanþágum. Fyrsta skrefið var stigið sumarið 1987 þegar söluskattur var á ný lagður á tölvur og farsíma, sérstakur 10% söluskattur á ýmis matvæli frá 1. ágúst, svokallaður matarskattur, og jafnhár skattur á sérfræðiþjónustu frá 1. september. Annað skrefið var svo stigið með nýjum lögum í janúar 1988 sem fólu það í sér að skattstofninn var enn breikkaður með því að skattur var lagður á allar neysluvörur og ýmsar þjónustugreinar og skemmtanir, og skattur á ýmsa sérfræðiþjónustu var hækkaður í 12%. Þá var fallið frá skiptingu almenna sölugjaldsins í 20% söluskatt, 2,5% söluskattsauka, 1,5% orkujöfnunargjald og 1% húsnæðisgjald en þess í stað tekið upp eitt 25% gjald. Þriðja og síðasta skrefið átti svo að stíga með upptöku virðisaukaskatts árið 1989 en því var frestað til janúar 1990.

> Fréttablaðið Tíund kemur út í fyrsta sinn.

1. TÖLUBLAÐ
1. ÁRGANGUR
1987
TÍUND
FRÉTTABRÉF RÍKISSKATTSTJÓRA
FRÁ RÍTNEFND
Fréttabréf ríkisskattstjóra, TÍUND, birtist nú lesendum í fyrsta sinn. TÍUND er niðurstaða umræðna við embætti ríkisskattstjóra um nauðsyn nýrra leiða til þess að miðla fróðleik til þeirra sem vinna innan skattkerfisins um ýmis þau atriði er varða störf þeirra. Nokkuð hefur þótt skorta á að upplýsingamiðlun til starfsmanna væri fullnægjandi með þeim áföngum sem hingað til hefur verið beitt.
TÍUND er fyrst og fremst ætlað sem upplýsingarit fyrir starfsmenn skattkerfisins, þar sem lögð verður áhersla á að fjalla á aðgengilegan hátt um ýmis atriði skattalaga, breytingar á skattalögum og skattkerfinu, og atriði er varða framkvæmd skattalaga. Einnig er stefnt að því að kynna stofnanir innan skattkerfisins og fólkið þar sinnar. TÍUND er ekki ætlað að vera vettvangur umræðna um skattalagamál.
Áformað er að TÍUND komi út mánaðarlega til að byrja með. En eftir það á 3-4 mánaða fresti eftir því sem tilefni þykir til.
Ritnefnd mun taka viðsamlega á móti öllum ábendingum frá starfsmönnum um efni í blaðið, og eins eru starfsmenn hvattir til þess að koma á framfæri við ritnefnd efni sem þeir telja að eigi erindi við lesendur.
Það er von okkar, sem að TÍUND stöndum, að með útgáfu fréttabréfsins verði miðlun upplýsinga til starfsmanna innan skattkerfisins mun markvissari og árangursríkari en áður.
NÝ SKAMMSTÖFUN OG STAFAGERÐ
Innan skattkerfisins og ýmissa stofnana og fyrirtækja sem mikil samskipti eiga við Ríkisskattstjóra hafa menn skammstafað heiti embættisins á ýmsan máta- og oft skemmtilegan. Morgum hefur þótt óþjált að nota nafnið óstytt, einkum í ritaðu máli, og nú hefur verið ákveðið að nota „RSK" sem viðurkennda skammstöfun á embætti Ríkisskattstjóra. Sérstök stafagerð og uppsetning á skammstöfun og heiti hefur verið valin í samráði við GBB Auglýsingaþjónustuna. Margir lögðu hönd á plóginn í þeim efnum, tillögur voru m.a. kynntar á fundi skattstjóra á Akureyri fyrir skömmu og niðurstaðan úr öllum þeim bollaleggingum er hér meðfylgjandi.
RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI
/ stöðgreiðslumál
Páll Sigurðsson, Ásgeir Jónsson, Fríða Bjarnadóttir og Ólafur Ólafsson

1988

> Ný lög um launaskatt tóku gildi 1. janúar. Ákveðið að afnema undanþágur frá launaskatti í áföngum og var fyrsta skrefið stigið með þessari breytingu þar sem lagður var 1% launaskattur á allar atvinnugreinar sem hingað til höfðu verið undanþegnar honum nema á búrekstur. Skatturinn var hins vegar áfram 3,5% á þær atvinnugreinar sem höfðu áður borið hann.

> Breytingar á tekjuskattslögum fyrirtækja. Skattprósenta þeirra varð 45% og hámark fjárfestingartillags varð 30%. Fyrsti liður í að einfalda skattlagningu félaga. Jafnframt var boðað að ekki yrði lagt fram frumvarp um að framlengja heimild til skattfrjáls framlags í varasjóð.

> Lög um staðgreiðslu skatta koma til framkvæmda. Áratugalangur aðdragandi en lög um kerfisbreytinguna voru loks samþykkt árið 1987. Lögin voru fjögur. Fyrstu lög: „Staðgreiðsla opinberra gjalda". Önnur lög: „Um tekjustofna sveitarfélaga". Aðal breytingarnar fólust í breyttu fyrirkomulagi álagningar útsvara og í öðru lagi í breytingum á innheimtu þeirra. Stofn til álagningar útsvars varð sá hinn sami og tekjuskattsstofn. Hundraðshluti hámarks útsvars var lækkaður úr 11% í 7,5% og úr 3 í 2% hjá börnum. Eftir sem áður gátu sveitarstjórnir hækkað og lækkað álagninguna um 10% og komu þau frávik eftir á samkvæmt álagningu eftir skattframtali. Hægt var að lækka útsvarið þar sem útsvarsstofn hækkaði við að felldir voru niður eða lækkaðir ýmsir frádráttarliðir og vegna þess að staðgreiðslukerfið leiddi til þess að útsvarið átti að fylgja launabreytingum. Þriðju lögin fjölluðu um skattstofn og álagningarreglur. Um var að ræða viðamikil lög sem voru í raun aðalatriði staðgreiðslunnar. Helsta breytingin fólst í myndun eins sameiginlegs skattstofns og nýjum álagningarreglum. Áður var mismunur á tekjuskattsstofni og útsvarsstofni sem einkum stafaði af því að ekki voru í báðum tilfellum heimilaðir sömu frádráttarliðir. Með lögunum var myndaður einn skattstofn af öllum vergum greiðslum atvinnurekenda til launþega, launum, fríðindum, hlunnindum og tryggingabótum. Einn nýr gjaldstofn kom í stað gamla tekjuskattsins, útsvarsins, sjúkratryggingagjalds, gjalds til framkvæmdasjóðs aldraðra, sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds. Einnig var tekið upp eitt skatthlutfall. Hlutur ríkisins var 28,5% en sveitarfélaga á bilinu 6,25–7,5%. Skatthlutfallið gat því verið á bilinu 34,75–36%. Flestir frádráttarliðir sem tilheyrðu gamla tekjuskattinum voru felldir niður: kostnaður við stofnun heimilis, iðgjöld af lífeyrissjóði, stéttarfélagsgjöld, iðgjöld af lífsábyrgð, vaxtagjöld, gjafir til menningarmála og 10% fasti frádrátturinn. Eftir stóðu útgjöld vegna ökutækjastyrkja og dagpeninga, sérstök verðlaun og tilgreindir happdrættisvinningar, vaxtatekjur, afföll og gengishagnaður utan atvinnurekstrar, fenginn arður og fé fært félagsmanni til séreignar í stofnsjóði félags og fjárfesting í atvinnurekstri. Þessir liðir voru þó utan staðgreiðslunnar. Á móti hækkaði persónuafslátturinn um helming og átti að hækka tvisvar á ári eftir lánskjaravísitölu. Þegar búið var að draga persónuafslátt frá staðgreiðsluskattstofni kom skatturinn út og honum var skipt milli ríkis og sveitarfélaga. Af ríkishlutanum reiknuðust 0,26% sem sóknargjöld og 0,13% sem kirkjugarðsgjöld. Af honum voru einnig reiknaðar barnabætur og barnabótaauki, sjómannaafsláttur sem kom í stað sjómannafrádráttar og húsnæðisbætur sem komu í stað vaxtafrádráttar húsbyggjenda. Með þessu móti var hægt að halda þessum liðum utan skattkerfisins og þar með staðgreiðslunnar. Launagreiðanda bar að skila aftekinni staðgreiðslu mánaðarlega til gjaldheimtna eða innheimtumanna. Hiti og þungi innheimtunnar kom til með að hvíla sameiginlega á launagreiðendum og hinu opinbera. Yfirstjórn staðgreiðslu var í höndum ríkisskattstjóra. Loks voru samþykkt sérstök lög með yfirskriftinni „Gildistaka laga um staðgreiðslu opinberra gjalda." Það voru nýmæli í íslenskri löggjöf að setja sérstök lög um gildistöku áður samþykktra laga en víða gert erlendis.

> Breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem fól það í sér að ákvörðun um innheimtuhlutfall útsvara í staðgreiðslu var flutt til einstakra sveitarfélaga en í lögunum frá árinu 1987 var það ákveðið í reglugerð sem félagsmálaráðherra setti. Bar sveitarfélögunum að tilkynna álagningarhlutfallið fyrir 1. desember vegna komandi árs. Samsvarandi breyting var gerð á lögum um staðgreiðslu.

> Ný lög um tekju- og eignarskatt samþykkt 22. desember sem miðuðu að hækkun tekju- og eignarskatts á háum tekjum. Almenna tekjuskattshlutfallið hækkaði úr 28,5% í 31,5% en hlutur sveitarfélaga var óbreyttur. Á móti hækkuðu persónuafsláttur, barnabætur, barnabótaauki og húsnæðisbætur. Fyrningarreglur fyrirtækja voru þrengdar og heimild til að ráðstafa hluta rekstrarhagnaðar í fjárfestingarsjóð lækkaði úr 30 í 15%. Þá var gjaldfærsla vegna reksturs fólksbifreiða í eigu fyrirtækja takmörkuð, heimild til yfirfærslu taps við kaup eða sameiningu fyrirtækja í óskyldum rekstri var þrengd og loks var skatthlutfall lögaðila hækkað upp í 50%. Breytingar voru líka gerðar á eignarskatti einstaklinga og fyrirtækja. Eignarskattur einstaklinga hækkaði úr 0,95% af skuldlausri eign í 1,2% og nýtt 1,5% þrep var tekið upp á skuldlausa eign yfir 7 milljónum króna. Eignarskattur félaga hækkaði úr 0,95% af nettóeign í 1,2%. Lögin komu til framkvæmda 1. janúar 1989, þó með því ákvæði að þrátt fyrir það sem fram kæmi í lögunum skyldi almenningur greiða 30,8% tekjuskatt árið 1989 og 1990 af tekjum ársins 1989.

1989

> Samþykkt að taka upp vaxtabætur í gegnum skattkerfið í stað húsnæðisbóta. Vaxtagjöld á skattframtali mynduðu stofn til ákvörðunar vaxtabóta og þær voru greiddar í formi skattaafsláttar. Nýtt einfaldara framtalseyðublað tekið í notkun. Breytingarnar fólust meðal annars í því að reitum var fækkað vegna færri frádráttarliða og útlitinu var verulega breytt. Var litið svo á að með þessu væri stigið fyrsta skrefið í þá átt að losa ákveðinn hóp gjaldenda við framtalsskil eins og þá tíðkaðist í Danmörku og víðar.

1990

> Virðisaukaskattur tekinn upp í stað söluskatts. Langur aðdragandi en lög um skattinn voru ekki samþykkt fyrr en árið 1988 og átti skatturinn að

vera 22% af viðskiptum innanlands á öllum stigum svo og innflutningi vöru og þjónustu. Ýmis undanþáguákvæði. Hinn 15. desember 1988 var samþykkt að nýsamþykkt lög um virðisaukaskatt kæmu ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1990. Aðeins rúmri viku áður en virðisaukaskattskerfið átti að koma til framkvæmda var lögunum um það breytt. Almennur skattur var hækkaður úr 22% í 24,5%, tekið var upp ígildi 14% skattþreps á neyslumjólk, dilkakjöt, neyslufisk og ferskt grænmeti með sérstökum endurgreiðslum og undanþágum var fjölgað. Upptaka virðisaukaskattsins krafðist mikils undirbúnings bæði hjá embætti ríkisskattstjóra og skattstjórum enda var um að ræða eina af umfangsmestu skattkerfisbreytingum á öldinni. Lögunum hefur margoft verið breytt.

> Við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1990 komu til framkvæmda breytingar sem samþykktar höfðu verið í desember á fyrra ári. Þær tóku töluvert mið af öðrum mikilvægum breytingum sem í vændum voru á skattkerfinu, upptöku virðisaukaskatts, lögum um fjármagnstekjuskatt, sem þá voru sagðar handan við hornið þótt það gengi ekki eftir, og uppstokkun á sköttum fyrirtækja. Þar sem virðisaukaskatturinn átti að verða ögn lægri en gamli söluskatturinn var hlutfall tekjuskatts hækkað úr 30,8% í 32,8% en persónuafsláttur hækkaður á móti. Eignarskattur var 1,2% af eignum yfir 2.875.000 krónum. Ef eignarskattsstofn fór yfir 8.050.000 krónur var að auki reiknað 0,75% álag á það sem umfram þá upphæð var, þó tengt tekjuskattsstofni eftir ákveðnum niðurfærslureglum. Aðrar helstu nýjungar tengdust markaðsbréfum og vaxtabótum. Markaðsbréf ríkissjóðs mátti draga frá heildareignum þeirra sem ekki stóðu í atvinnurekstri og vaxtabætur vegna greiðslu húsnæðislána voru teknar upp í stað húsnæðisbóta og vaxtaafsláttar. Tengdist breytingin upptöku húsbréfakerfisins.

> Lög um sérstakan eignarskatt til endurbóta á húsakosti menningarstofnana koma til framkvæmda. Hann skyldi fyrst í stað renna til byggingar Þjóðarbókhlöðunnar. Um var að ræða 0,25% skatt á eignarskattsstofn einstaklinga umfram 4.250.000 krónur og sama hlutfall á eignarskattsstofn lögaðila og þeirra sem takmarkaða skattskyldu báru.

> Embætti ríkisskattstjóra flyst í Víðishúsið á Laugavegi 166 að fullu en 1987 var rannsóknardeildin flutt þangað á fimmtu hæð.

1991

> Tekjuskattur á fyrirtæki lækkaður úr 50% í 45%. Með sömu lögum var heimildin til að leggja hluta af hagnaði í sérstaka fjárfestingasjóði lækkuð úr 15% í 10% en afskriftahlutfall hækkað tímabundið.

> Tekið upp eitt gjald, tryggingagjald, í stað launaskatts og annarra launatengdra gjalda. Þau voru lífeyristryggingagjald, slysatryggingagjald, vinnueftirlitsgjald og iðgjald í Atvinnuleysistryggingasjóð. Fyrirtæki og einstaklingar með rekstur byrjuðu að greiða gjaldið 1. janúar 1991 í staðgreiðslu og árið eftir kom það í fyrsta sinn til álagningar. Lagt var á í tveimur flokkum, almennum og sérstökum. Tryggingagjaldið nam 2,5% í sérstökum flokki og 6% í almenna flokknum. Frumvarp um þetta nýja gjald var samþykkt 21. desember 1990. Álagning almenna tryggingagjaldsins var tvískipt til ársins 2000. Eftir sameiningu árið 2001 var gjaldið 5,23%, þó 5,88% vegna sjómanna. Því hefur verið breytt nokkrum sinnum eftir það, bæði hækkað og lækkað.

1992

> Samþykkt lög um fjárfestingarlánasjóði. Þeir voru þá gerðir skattskyldir eins og til hafði staðið árið 1988 en Alþingi breytti því svo bara og veðdeildir bankanna féllu undir lögin. Enn voru þó ýmsir opinberir lánasjóðir undanþegnir skattgreiðslum.

> Tvö frumvörp um skattlagabreytingarnar samþykkt 22. desember, frumvarp um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, tryggingagjald, virðisaukaskatt og fleiri lögum, og frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Skatthlutfall tekjuskatts á einstaklinga var hækkað úr 32,8% í 34,3% og settur var á hátekjuskattur, kallaður sérstakur tekjuskattur manna. Hann skyldi lagður á árin 1994 og 1995 vegna tekna áranna 1993 og 1994. Skatturinn var 5% á tekjur einstaklinga sem voru umfram 2,4 milljónir króna eða tekjuskattsstofn hjóna umfram 4,8 milljónir. Skattar rekstraraðila voru lækkaðir. Skatturinn á hlutafélögum og samvinnufélögum lækkaði úr 45% í 33% en 41% á sameignarfélögum og öðrum félögum. Rekstrartöp var aðeins hægt að draga frá í fimm ár og eftir 1992 var ekki lengur hægt að leggja hluta hreinna tekna í fjárfestingasjóð. Þá var sérstakur 1,5% eignarskattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði framlengdur um eitt ár en það var í síðasta sinn sem hann var lagður á sem skattur til ríkisins. Í lögunum var ennfremur ákveði um að fella skyldi niður skattafslátt vegna hlutabréfakaupa í áföngum til ársins 1998. Um var að ræða frádrátt vegna fjárfestinga í atvinnulífinu sem hafði verið tekinn upp árið 1984. Jafnframt þurfti fólk nú að hafa átt bréfin í þrjú ár til að fá afsláttinn, annars reiknaðist skattur af þeim við sölu. Raunar var þessum ákvæðum breytt aftur með lögum tveimur árum seinna sem kváðu á um að frádrátturinn yrði 80% af fjárhæðinni sem varið væri til fjárfestingar. Árið 1997 voru svo loks samþykkt lög um endalok frádráttarins árið 2002. Ákvæðum

um húsnæðissparnaðarreikninga, sem teknir voru upp 1. júlí 1985 sem sparnaðarform og veittu 25% skattafslátt, var breytt með umræddum lögum í desember 1992. Afslátturinn skyldi lækka um 5% á ári og vera úr sögunni árið 1997. Skerðing vaxtabóta, sem kom ekki til framkvæmda fyrr en árið 1994, var framkvæmd með þeim hætti að vaxtagjöld sem komu til útreiknings vaxtabóta við álagningu þá reiknuðust 90% af framtöldum vaxtagjöldum í stað 100% áður og eignaskerðingarmörkin voru lækkuð. Lögum um tekjustofna sveitarfélaga var breytt með desemberlögunum 1992 á þann hátt að aðstöðugjaldið, sem upphaflega var komið á árið 1962, var afnumið. Innheimta þess gjalds sem lagt yrði á árið 1993 vegna rekstrar á árinu 1992 skyldi falla niður. Semja átti nýtt frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga en á meðan áttu þau að fá hlutdeild í tekjuskattsstofni ríkisins vegna missis aðstöðugjaldsins.

> Byrjað að tölvutengja skattstofurnar í eitt víðnet sem tók nokkurn tíma.

> Yfirskattanefnd tekur til starfa en ríkisskattanefnd lögð niður. Ólafur Ólafsson lögfræðingur formaður hennar.

1993

> Frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga samþykkt 20. desember. Útsvör máttu að hámarki vera 9,2% í stað 7,5% og lágmarkið var hækkað í 8,4%, álagningu fasteignagjalda var breytt og sveitarfélögum var heimilað að leggja sérstakan 1,25% fasteignaskatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, landsútsvar var lagt af en í stað þess komu aukin framlög úr ríkissjóði í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Líka samþykktar ýmsar breytingar á öðrum skattalögum í tengslum við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga. Virðisaukaskattur af matvælum var lækkaður frá næstu áramótum í 14% og skatthlutfall tekjuskatts á einstaklinga lækkaði í 33,15%.

> Embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins stofnað en rannsóknardeild RSK lögð niður. Skúli Eggert Þórðarson lögfræðingur ráðinn fyrsti skattrannsóknarstjórinn en Guðmundur Guðbjarnason viðskiptafræðingur var settur í stöðuna um mánaðarskeið þar til Skúli kom til starfa. Núverandi skattrannsóknarstjóri, Bryndís Kristjánsdóttir lögfræðingur, tók við árið 2006.

1994

> Almenningi leyft að draga húsaleigugjöld af íbúðarhúsnæði til eigin nota frá leigutekjum af eigin íbúð. Ári seinna var ákvæðinu breytt þannig að heimilaður var sérstakur frádráttur á móti húsaleigutekjum. Sama ár voru samþykkt lög um húsaleigubætur sem tóku gildi 1. janúar 1995.

1995

> Sérstakur tekjuskattur, hátekjuskattur, var framlengdur en tekjuviðmið hækkuð. Hætt var við að fella niður frádráttarbærni fjár sem lagt var í fjárfestingu í atvinnulífinu eins og áður var búið að ákveða. Efra þrep eignarskatts var afnumið. Svokallaður ekknaskattur var felldur niður. Hann hafði verið tekinn upp árið 1989 sem áfangi í upptöku fjármagnstekjuskatts sem varð þó ekki af fyrr en seinna.

> Iðgjöld í lífeyrissjóð gerð frádráttarbær á ný, 4% af tekjum eins og var fyrir upptöku staðgreiðslu. Þó var þetta gert í áföngum, frádrátturinn var 2% árið 1995, 3% 1996 og fór í 4% árið 1997. Rekstraraðilum heimilað að draga frá tapað hlutafé vegna gjaldþrota. Í árslok var tekjuskattslögum síðan breytt með þeim hætti að sjálfvirk uppfærsla ýmissa afsláttar- og bótaliða eftir verð- eða launavísitölu var afnumin.

> Lög um áfengisgjald, ákveðin krónutala á hvern sentílítra áfengis umfram 2,25 sentílítra í hverjum lítra.

> Þróunarsjóðsgjald var fyrst lagt á árið 1995. Gjaldið er tvískipt, annars vegar er um að ræða gjald sem lagt er á fiskiskipaeigendur og hins vegar gjald lagt á eigendur fasteigna sem nýttar eru til fiskvinnslu. Það fyrrnefnda er innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og kemur því ekki til álagningar í skattkerfinu. Það síðarnefnda var lagt á af skattstjórum, nú ríkisskattstjóra, og innheimt með öðrum álögðum gjöldum.

Vigdís Finnbogadóttir forseti Íslands frestaði þingi í síðasta sinn

Fjármagnstekjuskattur lögfestur undir þinglok

1996

> Í kjölfar flutnings rekstrar grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga var skattalögum breytt til þess að tryggja þeim aukið fjármagn. Hlutfall útsvars var hækkað þannig að í stað 9,2% hámarks og 8,4% lágmarks komu 11,95% og 11,15%, þó voru sett þau bráðabirgðaákvæði að fyrsta árið voru hlutföllin 11,9% og 11,1%. Á móti var tekjuskattshlutfallið lækkað úr 33,15% í 30,41%. Sama ár var lögaðilum heimilað að færa rekstartap milli átta ára í stað fimm og í tengslum við setningu laga um fjármagnstekjuskatt var skattur af eignatekjum lækkaður í 10% og kom sú breyting til framkvæmda árið 1997.

> Fjármagnstekjuskattur tekinn upp. Tvö frumvörp sem vörðuðu breytingu á gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt vegna söluhagnaðar hlutabréfa og arðs og ný lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur voru samþykkt 5. júní. Lögin mynduðu eina heild og komu til framkvæmda 1. janúar 1997, ákvæðið

um söluhagnað hlutabréfa þó strax árið 1996. Fjármagnstekjuskattur er skattur sem leggst á sérgreindan tekjustofn sem er eignatekjur: vextir, arður, gengishagnaður, söluhagnaður og leigutekjur. Skatturinn var í upphafi 10%. Áður höfðu vaxtatekjur verið skattfrjálsar en allt að 42–47% skattur verið innheimtur af söluhagnaði og arði. Lögin tóku til fjármagnstekna hjá einstaklingum utan rekstrar en á lögaðila var hann ekki lagður heldur greiddu þeir eins og áður skatt af fjármagnstekjum sínum eftir sömu reglum og giltu um aðrar tekjur þeirra. Ýmsir aðilar sem voru undanþegnir tekjuskatti þurftu samt að greiða fjármagnstekjuskatt, ríki, sveitarfélög, sjálfseignarstofnanir, líknarfélög og önnur félög. Þeir aðilar sem undanþegnir eru skattskyldu eru lífeyrissjóðir og ýmsar opinberar lánastofnanir. Hjá hjónum skattleggjast eignatekjur hjá þeim aðila sem hefur hærri tekjur og frádráttur vegna fjárfestingar í atvinnulífinu færist líka hjá sama aðila en sá frádráttur dregst samkvæmt lögunum eingöngu frá öðrum tekjum en eignatekjum. Ákvæðum skattalaga um heimildir til útgáfu jöfnunarhlutabréfa var breytt. Til sögunnar kom nýtt hugtak, jöfnunarverðmæti, sem skilgreint var sem nafnverð að viðbættri þeirri heimild sem hlutafélag hefur til þess að gefa út jöfnunarhlutabréf. Frádráttarbær arður hjá hlutafélögum varð að hámarki 7% af nafnverði hlutafjár í stað 10% áður. Hjá einstaklingum var enginn arðsfrádráttur heimilaður. Skatturinn var hækkaður árið 2009.

1997

> Lög samþykkt sem áttu að tryggja að tekjuskattur einstaklinga lækkaði í áföngum til ársins 1999 um alls 4%, úr 30,41% í 26,41%. Hátekjuskattur var aftur á móti hækkaður úr 5% í 7% en hækkun tekjuviðmiðunar þýddi samt að ríkið fékk minna í sinn hlut en áður. Gert var ráð fyrir að skattleysismörk yrðu óbreytt fyrsta árið en síðan áttu þau að hækka árið 1998 um 2,5% og aftur 1999. Barnabætur og barnabótaauki voru sameinuð í eitt, barnabætur, og tóku nýju reglurnar gildi árið 1998. Bæturnar voru tekju- og eignatengdar en það höfðu barnabæturnar ekki verið.

> Samþykkt lög um sölu og fyrningu aflahlutdeildar í sjávarútvegi. Heimilt hafði verið að fyrna kvótaeign en deilur staðið um það hve mikil hún ætti að vera. Í nóvember 1993 kvað Hæstiréttur upp þann dóm að fyrningarhlutfallið skyldi vera 20%. Nýju lögin boðuðu mikla breytingu því með þeim var fyrningarheimildin afnumin. Með lögunum var meðferð söluhagnaðar kvótasölu líka skýrð og sagt til um það hvernig færa ætti kvótaréttindi til eignar.

> Stöðluð og tölvutæk rekstrarframtöl tekin í notkun. Byrjað að skanna framtöl inn í tölvukerfi en það var aðeins gert í tvö ár.

1998

> Töluverðar breytingar gerðar á skattlagningu fyrirtækja með tvennum lögum sem komu til framkvæmda við álagningu árið 1999. Fyrri breytingin varðaði afnám arðsfrádráttar hjá hlutafélögum og skattfrelsi á arði milli félaga. Í hnotskurn má segja að eftir breytinguna hafi hagnaður hlutafélags verið skattlagður hjá því hlutafélagi þar sem hann myndaðist upphaflega og síðan með 10% fjármagnstekjuskatti við útgreiðslu arðs til hluthafa, einstaklings, sameignarfélags eða félags þar sem úttekt úr félaginu er skattfrjáls. Jafnframt var arður milli félaga gerður skattfrjáls. Það var gert til að koma í veg fyrir eða draga úr tvísköttun hagnaðar við greiðslu á arði milli félaga. Þá var skatthlutfall á sameignarfélögum lækkað úr 41% í 38% og annarra félagsforma úr 33% í 30%. Með seinni lagabreytingunni árið 1998 var skattlagning jöfnunarhlutabréfa afnumin og tekin var upp samsköttun móður- og dótturhlutafélaga. Með því var hlutafélögum og einkahlutafélögum sem eiga hlut í einu eða fleiri dótturfélögum gefinn kostur á að fá sameiginlegan tekjuskatt lagðan á öll félögin. Breytingin tók einungis til tekjuskatts en þar sem eðlilegt þótti að heimildin næði líka til eignarskatts var lögum um hann breytt í sömu átt ári seinna. Þá var einnig ákveðið að hækka millifæranlegan persónuafslátt hjóna og sambýlisfólks í áföngum og varð hann það að fullu að fjórum árum liðnum.

> Búnaðargjald lagt á í fyrsta sinn í staðgreiðslu árið 1998. Það leysti af hólmi þrjú eldri gjöld, búnaðarmálasjóðsgjald, neytenda- og jöfnunargjald og framleiðsluráðsgjald. Gjaldstofninn er virðisaukaskattsskyld velta af búrekstri að frádregnu andvirði seldra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknast gjaldið 2,65% af stofni. Staðgreiðslan er fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu en ríkisskattstjóri leggur gjaldið á.

> Vefurinn rsk.is opnaður 30. desember.

> Ríkisskattstjóra falið að hafa eftirlit með því að allir greiði lífeyrisiðgjald.

1999

> Indriði H. Þorláksson hagfræðingur tekur við sem ríkisskattstjóri af Garðari Valdimarssyni.

> Launamenn geta í fyrsta sinn talið fram á netinu. Rafræn framtöl þróast á næstu árum.

2000

> Sveitarfélögum heimilað að hækka hámark útsvara í tveimur áföngum, úr 12,04% í 12,70% árið 2001 og 13,03% frá og með árinu 2002. Fyrirkomulagi fasteignagjalda einnig breytt á þann veg að fasteignamat var gert að stofni fasteignagjalds. Til að milda áhrifin af hækkun útsvars var hlutfall tekjuskatts lækkað um 0,33%, í 26,08%. Dregið var úr tekjutengingu barnabótakerfisins með því að taka upp að nýju ótekjutengdar barnabætur annars vegar og lækka tekjutengingarhlutföllin hins vegar. Eignatenging bótanna var líka afnumin í þremur áföngum frá og með árinu 2001. Árið 2000 voru líka samþykkt lög um afnám frestunar á skattlagningu söluhagnaðar. Einnig var ákvæðum laga um skatthlutfall breytt þannig að allur skattskyldur söluhagnaður var skattlagður með 10% skatthlutfalli eins og þá gilti almennt um fjármagnstekjur. Loks var gerð sú breyting á tekjuskattslögunum árið 2000 að skattfrelsi forseta Íslands og maka var afnumið og tóku þau lög gildi 1. ágúst það ár.

> Fyrstu áritanir skattyfirvalda á framtöl. Aukast á næstu árum.

2001

> Hinn 1. júlí fól fjármálaráðherra ríkisskattstjóra álagningu bifreiðagjalds og framkvæmd laga um gjaldið frá árinu 1988. Það er lagt á tvisvar á ári og gjaldstofninn miðaðist í fyrstu við þyngd bíls. Bótaþegar Tryggingastofnunar eru undanþegnir gjaldinu og það er ekki lagt á fornbíla og björgunarsveitabíla. Árið 2009 var gerð sú breyting að gjaldið miðast við þyngd bifreiðar og losun koltvísýrings og hefur svo verið síðan.

> Í desember 2001 voru gerðar miklar breytingar á skattkerfinu sem komu til framkvæmda á árunum 2002–2003. Skatthlutfall almenns tekjuskatts lækkaði úr 26,08% í 25,75% og skattlagning húsaleigubóta var afnumin. Viðmiðunarmörk hátekjuskattsins hækkuðu um 15%. Skattar hlutafélaga og félaga með takmarkaða ábyrgð lækkuðu úr 30% í 18% og sameignarfélaga úr 38% í 26%. Neðra þrep eignarskatts fyrirtækja og einstaklinga var lækkað um helming, úr 1,2% í 0,6%. Álagsþrepið frá 1989 upp á 0,75% hélst óbreytt. Fríeignamörk í eignarskatti voru hækkuð um 20% til þess að koma í veg fyrir að hækkun fasteignamats vegna kerfisbreytingar leiddi til hækkunar eignarskatta. Sérstakur eignarskattur einstaklinga og fyrirtækja, Þjóðarbókhlöðuskatturinn svokallaði frá árinu 1989, var afnuminn. Verðbólgureikningsskil, sem tekin höfðu verið upp árið 1980 með lögum númer 40/1978, voru afnumin og fyrirtækjum heimilað að færa bókhald og ársreikninga í erlendri mynt. Til mótvægis þessum breytingum var tryggingagjald hækkað um 0,5% frá 1. janúar 2003.

> Framteljandi getur reiknað út bráðabirgðagreiðslustöðu 1. ágúst við vefskil. Rafræn skil á virðisaukaskatti koma til sögunnar.

2002

> Villuprófun framtala kemst á. Hægt að standa skil á staðgreiðslu og tryggingagjaldi með rafrænum hætti gegnum vefbanka/heimabanka.

> Enn var létt undir með rekstri fyrirtækja með lagabreytingu í desember 2002 en þá var lögaðilum heimilað að nýta rekstrartap í tíu ár í stað átta. Jafnframt var fyrningarreglum breytt. Teknar voru upp stiglækkandi fyrningar á lausafé í stað línulegra og fyrningarhlutföllin voru hækkuð verulega. Hátekjuskattur lækkaður í 5%.

2003

> Allar breytingar á lögum númer 75/1981 felldar inn í eina lagasamfellu sem varð að lögum númer 90/2003. Engar efnisbreytingar voru gerðar heldur voru greinar laganna tölusettar upp á nýtt og lögin gefin út undir nýju númeri. Þau eru enn í gildi.

> Strax sama ár var gerð fyrsta breytingin á lögunum. Samþykkt var að hátekjuskattur lækkaði í 4% við álagningu árið 2005 af tekjum ársins 2004 og í 2% við álagningu árið 2006 af tekjum ársins 2005 og væri þar með úr sögunni.

> Ríkisskattstjóri tekur að sér að hafa umsjón með fyrirtækjaskrá. Nokkrum árum fyrr var embættið komið með ársreikningaskrá á sínar herðar.

2004

> Ný lög um erfðafjárskatt. Lögin fólu í sér verulega lækkun skatthlutfalls og hækkun skattfrelsismarka. Allir erfingjar greiddu 5% skatt, þó þannig að fyrsta milljónin í skattstofni dánarbús var skattfrjáls og erfingjar nutu skattfrelsis í hlutfalli við arf sinn. Lögin eru enn í gildi en á þeim var þó gerð sú breyting árið 2010 með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum að skatthlutfallið var hækkað í 10% og skattleysismörkin hækkuð í 1,5 milljónir króna.

> Í desember samþykkti Alþingi að afnema eignarskatt á einstaklinga og fyrirtæki frá og með álagningarárinu 2006. Hann var því greiddur í síðasta sinn árið 2005. Eftir sem áður voru eignir framtalsskyldar. Víða þurfti að fella orðið eignarskattur út úr lögum og því var frumvarpið eitt lengsta frumvarp sögunnar. Með sömu lögum var stefnt að lækkun tekjuskatts einstaklinga í þremur áföngum. Sá fyrsti var við staðgreiðslu árið 2005 og við álagningu 2006 en þá lækkaði skatthlutfallið úr 25,75% í 24,75%. Síðan kváðu lögin á um lækkun í 23,75% í staðgreiðslu árið 2006 og loks í 21,75% í staðgreiðslu árið 2007 og álagningu árið 2008. Á sama tíma voru barnabætur hækkaðar. Loks voru litlar lánastofnanir gerðar skattskyldar.

> Lög um olíugjald og kílómetragjald í stað þungaskatts. Komu til framkvæmda 2005.

2005

> Orkufyrirtæki voru gerð skattskyld með lögum árið 2005 en áður voru þau undanþegin sköttum samkvæmt ýmsum sérlögum. Breytingin kom í kjölfar nýrra raforkulaga árið 2003 sem fólu í sér heildarendurskoðun laga um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Frumvarpið var samið af starfshópi sem fjármálaráðherra skipaði um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði. Það var niðurstaða starfshópsins að rökréttast væri að skoða starfsemi orkufyrirtækja heildstætt en ekki einungis raforkustarfsemina og því tók frumvarpið til allra orkufyrirtækja. Lögin komu til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 2007 vegna rekstrarársins 2006.

> Þjónustusíða lögaðila opnuð á vef ríkisskattstjóra. Þar var skattframtal þeirra aðgengilegt og hægt að sækja afrit framtals síðasta árs. Einnig opnað fyrir rafræn skil ársreikninga.

2006

> Persónuafsláttur hækkaður og jafnframt ákveðið að hann skyldi árlega taka breytingum í réttu hlutfalli við mismun á vísitölu neysluverðs við upphaf og lok næstliðins tólf mánaða tímabils. Sama ár var dregið í land með þriðju tekjuskattslækkunina sem átti að koma til framkvæmda í staðgreiðslu ársins 2007. Í stað þess að lækka hlutfallið í 21,75% var það lækkað í 22,75%.

2007

> Skúli Eggert Þórðarson lögfræðingur tekur við stöðu ríkisskattstjóra í ársbyrjun af Indriða H. Þorlákssyni.

> Vefurinn skattur.is opnaður.

2008

> Tekjuskattur hlutafélaga lækkaður úr 18% í 15% og samlagsfélaga úr 26% í 23,5%.

> Í desember var tekjuskattshlutfall einstaklinga hækkað úr 22,75% í 24,1% og efri mörk útsvara úr 13,03% í 13,28%. Neðri mörkin fóru úr 11,96% í 12,68%.

> Lög um kolvetnisskatt samþykkt með gildistöku 1. janúar 2009. Þau tóku til skattlagningar á tekjum vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis. Skattskyldan var látin ná til allra þeirra sem fengju leyfi til leitar og einnig til annarra aðila sem tækju með beinum hætti þátt í öflun og dreifingu kolvetnis. Þeim var gert að greiða annað hvort vinnslugjald eða kolvetnisskatt. Vinnslugjaldið átti að vera óháð afkomu olíuvinnslunnar en þegar árleg kolvetnisvinnsla leyfishafa færi að skila hagnaði umfram 20% af skattskyldum rekstrartekjum átti hann að greiða stighækkandi kolvetnisskatt í stað vinnslugjalds til viðbótar við almenna fyrirtækjaskatta. Endurskoðun árið 2011.

2009

> Samþykkt skattlagabreyting vegna eignarhalds á félagi, sjóði eða stofnun í lágskattaríki. Ákvæðið fól það í sér að eigendum slíkra félaga bar að greiða tekjuskatt af hagnaði þeirra í hlutfalli við eignarhluta án tillits til úthlutunar. Stuttu síðar var samþykkt að við álagningu gjalda árið 2010 skyldi leggja sérstakan 8% tekjuskatt á tekjuskattsstofn einstaklings sem var umfram 4,2 milljónir króna frá og með 1. júlí til 31. desember 2009.

> Lög samþykkt í desember en komu til framkvæmda árið 2010. Tekjuskattur lögaðila hækkaður í 18% og tekjuskattur sameignar- og samlagsfélaga úr 23,5% í 32,7%. Tryggingagjald var 5,34%. Þrepakerfi við skattlagningu einstaklinga, eins og tíðkaðist fyrir daga staðgreiðslunnar, var tekið upp á ný: 24,1%, 27% og 33%. Ofan á þetta lagðist útsvarshlutinn þannig að í staðgreiðslu urðu þrepin 37,22%, 40,12% og 46,12%. Með þrepaskiptingu varð hátekjuskatturinn ónauðsynlegur. Persónuafsláttur var hækkaður en ákvæðið um að hann skyldi hækka sjálfkrafa milli ára miðað við vísitölu var fellt úr gildi. Fjármagnstekjuskattur hafði verið hækkaður tímabundið í júní frá 1. júlí 2009 úr 10% í 15% og núna var hann aftur hækkaður í 18%. Virðisaukaskattur var hækkaður. Ákvæði var í lögunum um að sjómannaafsláttur færi stiglækkandi frá og með árinu 2011 í þremur áföngum, þ.e. 2011, 2012 og 2013 og væri þar með úr sögunni. Enn ein breytingin með lögunum varðaði skattalega meðferð á arði sem heimilt er að greiða samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Breytingin tók til úthlutunar arðs til þeirra hluthafa sem starfa hjá viðkomandi félagi og ber að reikna sér endurgjald vegna starfa sinna. Ef arðurinn fer umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé félagsins í árslok skal það sem umfram er skattleggjast til helminga sem laun og arður. Þetta var gert vegna þess að farið var að bera á því að laun væru höfð lág en verulegur arður greiddur út í staðinn.

> Auðlegðarskattur var tekinn upp með ofangreindum lögum, 1,25% eignarskattur af nettóeign einstaklings sem var umfram 90 milljónir króna og 120 milljónir hjá hjónum. Hann átti að vera tímabundinn og miðast við eignir í árslok 2009, 2010 og 2011. Árið 2010 var skatturinn hækkaður í 1,5% og frítekjumörkin lækkuð í 75 og 100 milljónir króna. Enn var auðlegðarskattur hækkaður árið 2011 og gerður þrepaskiptur.

> Samþykkt lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Stuðningurinn er í formi frádráttar frá tekjuskatti og einnig er skattaðilum heimilaður frádráttur vegna fjárfestinga í hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum.

> Hinn 19. desember 2009 voru samþykkt á Alþingi lög sem nefnd voru lög um umhverfis- og auðlindaskatta. Í þeim eru ákvæði um kolefnisgjald á fljótandi jarðefnaeldsneyti, gasi, olíu og bensíni. Tollstjóri sér um að innheimta gjaldið. Einnig eru í lögunum ákvæði um skatt af raforku og heitu vatni, 0,12 krónur á hverja kílóvattstund og 2% af smásöluverði á heitu vatni. Skattskyldir eru söluaðilar á síðasta stigi viðskipta, þ.e. sölu til notenda. Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir þessa aðila og leggur skattana á. Skatturinn myndar gjaldstofn til virðisaukaskatts. Lögin öðluðust gildi 1. janúar 2010 og áttu að falla úr gildi 31. desember 2012. Áður en til þess kom voru þau framlengd með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum í desember það ár og gjöldin hækkuð.

> Í júní var ákveðið að af fjármagnstekjum umfram 250 þúsund krónur hjá einstaklingum og 500 þúsund hjá hjónum á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 2009 skyldi greiða 15% tekjuskatt. Þó bar að reikna tekjuskatt af 70% leigutekna. Í desember var síðan samþykkt að hækka fjármagnstekjuskattinn upp í 18% frá og með staðgreiðsluárinu 2010 og ári seinna var hann hækkaður upp í 20%. Frítekjumarkið var þá lækkað niður í 100 þúsund krónur fyrir einstakling og 200 þúsund fyrir hjón.

> Árið 2009 bárust ríkisskattstjóra upplýsingar frá bönkunum um innstæður og vexti almennings og voru þær áritaðar það ár á framtölin í fyrsta sinn. Við undirbúninginn vildi ríkisskattstjóri fá upplýsingar um bankareikninga með neikvæðri stöðu en því höfnuðu bankarnir með þeim rökum að það væru skuldir. Með lögum sem samþykkt voru 15. apríl var fjármálafyrirtækjum gert skylt að afhenda upplýsingar um öll útlán til viðskiptamanna, innstæður í verðbréfa- og fjárfestingasjóðum og upplýsingar um hlutabréfaviðskipti sem fjármálafyrirtækin hafa haft milligöngu um sem og upplýsingar um hvers kyns viðskipti með annars konar fjármálagerninga. Þar með lauk næstum hundrað ára átökum um bankaleyndina.

> Útvarpsgjald. Gjaldið var tekið upp árið 2009 og rennur til Ríkisútvarpsins. Ríkisskattstjóri leggur það á samhliða álagningu opinberra gjalda. Gjaldið leggst á hvern einstakling undir sjötugu og lögaðila.

> Undirbúningur að sameiningu skattstjóraumdæmanna og embættis ríkisskattstjóra í eina stofnun. Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu leiddi vinnu starfshóps sem undirbjó breytinguna. Lögin samþykkt 13 dögum áður en sameiningin kom til framkvæmda.

2010

> Lög um að Ísland verði eitt skattumdæmi taka gildi 1. janúar. Jafnframt sameinast níu skattstjórar og ríkisskattstjóri í eitt embætti sem fer með álagningu á landsvísu með starfsstöðvar í gömlu skattumdæmunum.

> Tekjuskattslögunum breytt mörgum sinnum. Fyrst skal nefna lög um ívilnun vegna endurbóta og viðhalds íbúðarhúsnæðis. Fólki var heimilað að draga frá tekjuskattsstofni 50% af þeirri fjárhæð sem greidd yrði vegna vinnu án virðisaukaskatts á árunum 2010 og 2011. Hámarkið var 200 þúsund krónur hjá einstaklingum og 300 þúsund hjá hjónum. Um líkt leyti var skattalegri meðferð á eftirgjöf skulda breytt. Lögaðilar og þeir sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi máttu tekjufæra 50% af eftirgjöf skulda umfram rekstrartap. Þetta mátti gera vegna greiðslu- og rekstrarerfiðleika árin 2009, 2010 og 2011. Líka mega þessir aðilar fyrna eignir sem nema fjárhæð eftirstöðva eftirgjafarinnar á því ári sem hún er tekjufærð í skattframtali. Ef engar fyrnanlegar eignir eru til í fyrirtækinu má færa eftirgjöfina til tekna með jöfnum fjárhæðum næstu þrjú árin frá og með því ári sem skuldin var gefin eftir. Með þriðju breytingunni árið 2010 var tekjuskattur lögaðila hækkaður í 20% og sameignar- og samlagsfélaga í 36%, auðlegðarskattur var hækkaður og loks voru gerðar breytingar á skatthlutföllum útsvars og tekjuskatts og komu þær til í tengslum við yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Lægri mörk útsvars hækkuðu úr 11,24% í 12,44% og efri mörkin úr 13,28% í 14,48%. Á móti lækkuðu tekjuskattshlutföllin: 24,1% í 22,9%, 27% í 25,8% og 33% í 31,8%.

> Settur sérstakur skattur á skuldir fjármálafyrirtækja, banka og annarra stofnana sem fengið hafa leyfi til að taka við innlánum. Skatturinn er 0,041% af heildarskuldum viðkomandi fjármálastofnunar. Lögin komu til framkvæmda við álagningu vegna tekjuársins 2010 og skulda í lok þess árs en áttu að koma til endurskoðunar innan eins árs. Nýtt frumvarp var samþykkt árið 2011 með viðbót. Við álagningu árið 2012 var fyrirtækjunum gert að greiða, til viðbótar við skattinn, eingreiðslu 1. nóvember 2012, 0,0875% af skattstofni og greiða fyrirfram upp í þá greiðslu 1. nóvember 2011. Þessu var svo breytt á ný með lögum sama ár sem kváðu á um að þennan sérstaka aukaskatt á sérstaka skattinn skyldi líka greiða 1. nóvember 2013.

> Boðið upp á einfaldað framtal. Viðkomandi þarf bara að staðfesta að framtalið sé rétt.

2011

> Ákveðið að persónuafsláttur taki breytingum ár hvert í samræmi við verðlagsbreytingar á undangengnum 12 mánuðum frá desember árið áður, fyrst í ársbyrjun 2012. Auðlegðarskattur hækkaður og gerður þrepaskiptur. Einstaklingar sem eiga eignir yfir 75 milljónum króna og að 150 milljónum og hjón sem eiga eignir á bilinu 100–200 milljónir skulu greiða 1,5% í skatt. Á eignir umfram þessar upphæðir kom 2% skattur. Skattþrep tekjuskatts urðu 37,31%, 40,21% og 46,21% og tryggingagjald 8,65%. Skattþrepin voru mjög svipuð næstu tvö árin en tryggingagjald fór lækkandi.

> Lög um nýjan skatt sem kallaður hefur verið fjársýsluskattur. Um er að ræða skatt á fjármálafyrirtæki og aðila sem stunda vátryggingastarfsemi. Þessir aðilar eru undanþegnir virðisaukaskatti og þess vegna hafa margir haldið því fram að skatturinn sé í raun ígildi virðisaukaskatts. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir því að lífeyrissjóðirnir í landinu yrðu skattskyldir en það ákvæði var fellt út úr frumvarpinu í umræðum á Alþingi. Öll laun og þóknanir starfsfólks viðkomandi stofnana mynda skattstofninn sem og reiknað endurgjald. Skatthlutfall er 5,45% af skattstofni. Skattskyldum aðilum ber að skrá sig hjá ríkisskattstjóra og hann hefur eftirlit með innheimtu skattsins. Lögin komu til framkvæmda í staðgreiðslu 1. janúar 2012.

> Lög um kolvetnisskatt endurskoðuð og nýtt frumvarp samþykkt. Helstu breytingar voru þær að margir skattaðilar geta nú sameinast um eitt leyfi með mismunandi hlutdeild og þar með mismiklum gjöldum. Framleiðslugjaldið er fastákveðin prósentutala, 5%, en ekki stighækkandi og greiðist mánaðarlega í staðgreiðslu til ríkissjóðs. Þá fellur framleiðslugjaldið ekki niður þótt viðkomandi skattaðili skili hagnaði og greiði sérstakan kolvetnisskatt. Vinnslugjald er greitt af hverri tunnu en í eldri lögum var ekkert greitt af fyrstu 10 milljónum tunna. Kolvetnisskattur leggst á um leið og viðkomandi aðili sýnir hagnað af starfsemi en miðast ekki við 20% mark af skattskyldum tekjum eins og var í eldri lögum.

> Skattstofan í Reykjavík lögð niður.

2012

> Lög um gistináttaskatt, sem samþykkt voru árið 2011, tóku gildi 1. janúar 2012. Skatturinn er 100 krónur fyrir hverja gistináttaeiningu sem er leiga á gistiaðstöðu í allt að einn sólarhring. Sá sem selur gistiaðstöðu skilar skattinum, hótel og gistiheimili, eigendur tjaldsvæða, stæða fyrir húsbíla, tjaldvagna, fellihýsi og hjólhýsi. Einnig eiga orlofssjóðir verkalýðsfélaga að innheimta skattinn vegna orlofshúsa, svo og ferða- og útivistarfélög.

2014

> Fyrstu tvö skattþrep tekjuskatts lækkuð í 37,30% og 39,74% en það þriðja hækkað í 46,24%. Tekjuskattur lækkar í 7,59% og ári seinna í 7,49%.

2016

> Skattkort lögð niður og við tekur rafrænn persónuafsláttur. Álagningu einstaklinga flýtt og lýkur 30. júní.

Ársreikningaskrá
Lagabreytingar og staða skila

Í þessari grein verður farið yfir hvernig skilum á ársreikningum til ársreikningaskrár er háttað og helstu breytingar á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, sem hafa verið samþykkt varðandi skil til ársreikningaskrár.

Skilaskyld félög

Með lögum um ársreikninga er félögum með takmarkaða ábyrgð eigenda sinna gert að skila ársreikningi til opinberrar birtingar hjá ársreikningaskrá ríkisskattstjóra. Skilaskyld félög eru hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög, samvinnufélög og samvinnusambönd, sjálfseignastofnanir í atvinnurekstri, gagnkvæm vátrygginga- og ábyrgðafélög, útibú erlendra félaga og sparisjóðir. Sameignarfélög og samlagsfélög eru almennt undanþegin skilaskyldu til ársreikningaskrár þó ber þeim að skila ársreikningi séu eigendur einungis félög með takmarkaðri ábyrgð eða þau fara yfir stærðarmörk 1. gr. laga um ársreikninga. Samlagsfélög þar sem ábyrgðaraðilar eru félög með takmarkaðri ábyrgð eru einnig skilaskyld til ársreikningaskrár. Fjöldi skilaskyldra félaga vegna reikningsársins 2015 er 35.779.

Skil á lokaskiladegi

Skilaskyldum félögum ber að skila ársreikningi innan mánaðar frá samþykki hans, þó eigi síðar en átta mánuðum frá lokum reikningsárs. Lokaskiladagur samkvæmt lögum er því 31. ágúst fyrir þau félög sem eru með almanaksárið sem reikningsár. Á meðfylgjandi töflu má sjá hver skil hafa verið þann 31. ágúst ár hvert undanfarin ár.

33% skilaskyldra félaga höfðu skilað ársreikningi til ársreikningaskrár áður en skilafrestur rann út skv. lögum. Skil hafa verið að batna undanfarin ár og hafa ársreikningar verið að skila sér fyrr inn en áður. Sem dæmi þá höfðu einungis 21,8% skilaskyldra félaga skilað ársreikningi fyrir rekstrarárið 2011 þegar skilafrestur rann út sem var samt sem áður mun betra en t.d. fyrir góðærisárið 2007 en þá höfðu 15,4% skilað innan tímamarka. Búast má við verulegum breytingum á þessum tölum vegna reikningsársins 2016 en þá verða viðurlög við vanskilum á ársreikningum mun harðari en nú er.

Viðurlög vegna vanskila

Í núgildandi lögum nr. 3/2006 er sektarheimild gagnvart þeim aðilum sem ekki skila ársreikningi til opinberrar birtingar hjá ársreikningaskrá. Sektarheimildin er nánar skilgreind í reglugerð nr. 664/2008 og er lágmarks sektarfjárhæð 250.000 kr. fyrir fyrsta brot og 500.000 kr. fyrir endurtekin brot á lögunum. Samkvæmt reglugerð ber ársreikningaskrá að senda áskorun á félög sem hafa ekki skilað ársreikningi innan tímafrests þar sem skorað er á þau að bæta úr skilum innan 30 daga. Ef ársreikningi er ekki skilað innan þess frests þarf að senda boðun fésektar þar sem einnig er gefinn 30 daga frestur til að bæta úr skilum áður en kemur til endanlegrar ákvörðunar um fésekt. Undanfarin ár hafa fésektarákvarðanir vegna vanskila á ársreikningi því ekki legið fyrir fyrr en um áramót, eða 12 mánuðum eftir að reikningsári lauk.

Skil til ársreikningaskrár 31. ágúst ár hvert

Reikningsár	2011	2012	2013	2014	2015
Fjöldi ársreikninga skilað	7.223	7.215	8.085	9.219	11.809
Fjöldi skilaskyldra félaga	33.081	32.846	33.646	34.596	35.779
Heildarskil	21,8%	22,0%	24,0%	26,6%	33,0%

Breytingar á lögum

Viðamiklar breytingar hafa verið gerðar á ársreikningalögum varðandi skil á ársreikningum til ársreikningaskrár og gilda þær breytingar vegna ársreikninga frá og með reikningsárinu 2016. Fyrst ber að nefna að tekinn er af allur vafi um skilaskyldu félaga til ársreikningaskrár sem reis upp í kjölfar úrskurða yfirskattanefndar á árinu 2012. Ljóst er að öllum skilaskyldum félögum ber að skila ársreikningi til ársreikningaskrár óháð því hvort þau teljist hafa verið í starfsemi eða ekki. Félögum er skipt upp í aðrar stærðarflokkanir en áður og hafa svokölluð örfélög heimild til að útbúa ársreikning út frá innsendu skattframtali án aðkomu skoðunarmanna eða endurskoðanda með svokölluðum „hnappi“.

Sektarheimild ársreikningaskrár breytist á þann veg að ekki er um að ræða heimild lengur heldur skal leggja sektir á félög að fjárhæð 600.000 kr. hafi ekki verið skilað ársreikningi til ársreikningaskrár innan 8 mánaða frá lokum reikningsárs. Sektir leggjast því sjálfkrafa á félög sem ekki hafa skilað ársreikningi til ársreikningaskrár fyrir lok ágústmánaðar. Skili félag ársreikningi innan 30 daga frá skiladegi fæst 90% afsláttur af sektarfjárhæðinni, ef skilað er innan 60 daga fæst 60% afsláttur og 40% afsláttur ef skilað er innan 90 daga. Hafi félag ekki skilað ársreikningi innan 8 mánaða frá álagningu sektar vegna vanskila á ársreikningi skal ársreikningaskrá senda félagið í skiptameðferð og slit. Gæti þar verið tækifæri til varnar kennitöluflakki þar sem skiptastjórar munu þá fá þau félög fyrr til meðferðar sem notuð eru í þeim tilgangi. Því eru meiri möguleikar fyrir skiptastjóra til að afturkalla ólögmæta samninga og gerninga, sem og að sækja fyrirsvarsmenn til saka hafi þeir gerst brotlegir gegn lögum.

Með hertum viðurlögum má vænta þess að skil til ársreikningaskrár batni til muna og vonandi verða skil þá jafn góð og gerist á Norðurlöndunum. Góð skil til ársreikningaskrár stuðla að heilbrigðara viðskiptaumhverfi, samkeppni og eftirliti markaðarins með félögum með takmarkaðri ábyrgð eigenda sinna. ■

ÓMS

Aflandsfélög

Mikið hefur verið fjallað um svokölluð aflandsfélög og eignir Íslendinga í skattaskjólum í fjölmiðlum undanfarið. Ríkisskattstjóri hefur um árabil fengist við ýmis álitamál tengd alþjóðlegum viðskiptum, aflandfélögum og skattaskjólum, enda er heimur aflandsfélaganna þess eðlis að hann hlýtur að vekja sérstakan áhuga þeirra sem fara með skattframkvæmd. Aflandsfélög gegna oft lögmætu og þýðingarmiklu hlutverki í alþjóðlegum viðskiptum og mikilvægt er að hafa í huga að þrátt fyrir að þau séu stundum notuð til að gera skattyfirvöldum erfitt fyrir er ekki þar með sagt að þeir sem tengist félögunum séu sekir um skattundanskot eða önnur lögbrot.

Aflandsríkin bjóða bankaleynd og lága eða enga skatta gegn því að félögin greiði umsýslugjald. Félögin eiga það því flest sammerkt að vera skráð í löndum þar sem litlar sem engar reglur gilda um meðferð fjárhagsupplýsinga, bókhald og skattskil. Þau þurfa hvorki að skila skattframtölum né ársreikningum til opinberra aðila enda greiða þau mjög lága eða enga skatta en geta engu að síður stundað margvíslega starfsemi. Þá ríkir alger leynd og trúnaður um fjárhag félaganna og eigenda þeirra. Umgjörð þessara félaga er því ekki traustvekjandi.

Viðskiptafléttur og flækjur þar sem félög í skattaskjólum gegna lykilhlutverki væru ekki fyrirhafnarinnar virði ef ekki væri einhvern ábata að hafa. Með ærinni fyrirhöfn og kostnaði er miklum fjármunum komið fyrir í félögum utan lögsögu landsins þar sem fáar eða engar reglur gilda um bókhald og skattskil og alger leynd hvílir yfir öllum þáttum starfseminnar, þ.á.m. eignarhaldi. Oftar en ekki er markmiðið með stofnun þessara félaga því að lækka skatta með löglegum eða ólöglegum hætti, eftir atvikum.

Þótt aflandsfélög eigi sér ekki langa sögu hér á landi eru þau vel þekkt innan hins alþjóðlega viðskipta- og fjármálaheims og lögin í kringum þau byggja á áratuga gömlum grunni. Það kunna því að vera ýmsar viðskiptalegar ástæður fyrir því að Íslendingar telja hentugt að stofna aflandsfélög. Það getur til að mynda verið gott að losna undan kvöðum og reglum sem fyrirtækjum er almennt gert að fara eftir og geta verið íþyngjandi. Þá kann að vera ákveðið hagræði fólgið í því að félag sem stundar alþjóðleg viðskipti sé skráð utan landsteinanna. Aflandsfélög gætu til dæmis átt auðveldara með að fá lán fyrir fjárfestingarverkefnum heldur en íslensk einkahlutafélög. Þá er ekki lögbrot að fara gegn anda skattalaga, reyna að nýta sér glufur í þeim eða láta reyna á vafaatriði, þótt það kunni óneitanlega að lýsa ákveðnu viðhorfi til laga og réttar.

Það er mikilvægt að árétta að þrátt fyrir að umgjörð aflandsfélaganna sé ekki til þess fallin að skapa traust skattyfirvalda þá hafa þessi félög alls ekki alltaf með skattundanskot eða fjársvik að gera. Einstaklingum var til skamms tíma frjálst að eiga erlendar fasteignir, verðbréf og innstæður, og stofna og fjárfesta í fyrirtækjum sem skráð eru erlendis. Höftin hafa þó gert alþjóðlegum fjárfestum erfitt fyrir. Þeim sem bera hér ótakmarkaða skattskyldu ber hins vegar að telja þessar eignir og allar tekjur sem þeir hafa af þeim rétt fram á skattframtali.

Útrás Íslendinga

Í rúma tvo áratugi hefur ríkisskattstjóri farið yfir skattskil einstaklinga og félaga þar sem aflandsfélög og skattaskjól hafa komið við sögu. Ósjaldan hefur ýmislegt verið aðfinnsluvert hjá þessum aðilum og hafa skattar þá verið endurákvarðaðir. Það er því ekki hægt að segja annað en að skattyfirvöldum sé vel kunnugt um aflandsheiminn og hinar ýmsu hliðar hans.

Í kjölfar þess að Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu breyttist viðskiptaumhverfið hér á landi í átt til aukins frjálsræðis. Á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins gátu fyrirtæki starfað og boðið þjónustu sína. Vörur og fjármagn streymdu óhindrað á milli landa og einstaklingar gátu leitað fyrir sér um vinnu alls staðar á svæðinu. Íslendingum og íslenskum fyrirtækjum var gert auðveldara að hasla sér völl á alþjóðavettvangi á sama tíma og landið var opnað fyrir erlendum félögum sem hugðust stunda viðskipti hér

Heimur alþjóðlegra viðskipta er landamæralaus, rafrænn og síkvikur. Fjármagnið sækir þangað sem ávöxtun er hæst. Ríki víða um heim hafa byggt upp gróðavænlega starfsemi í kringum ýmsa fjármálaumsýslu og sniðið viðskiptaumhverfið að þörfum alþjóðlegra fjárfesta. Þannig hafa þau gert skattyfirvöldum í öðrum ríkjum erfitt fyrir.



KARÍBAHAF	SUÐUR AMERÍKA	BANDARÍKIN	EVRÓPA	ASÍA	AFRÍKA	MIÐ-AUSTURLÖND
Caymaneyjar	Uruguay	Delaware	Írland	Hong Kong	Márituseyjar	Sameinaða
Bresku Jómfrúareyjar	Panama		Lúxemborg	Macau	Seychelleyjar	Arabíska
Bahama			Sviss	Singapore		furstadæmið
Bermúda			Holland			
			Jersey			
			Guernsey			
			Kýpur			

20 þekktustu lágskattasvæði heims

Miðstöðvar alþjóðlegrar fjármálaumsýslu þar sem ríkir fullkomin bankaleynd, skattar eru lágir og allt regluverk er lítt íþyngjandi fyrirfinnast víða um heim, allt frá Dyflinni til Maká. Lágskattasvæðin í Evrópu, í Lúxemborg, Hollandi og Sviss, og í Karíbahafi, í Panama og á Bresku Jómfrúreyjum, eru þó einna best þekkt. Ýmsar ástæður kunna að liggja að baki því að menn kjósa að skrá fyrirtæki eða flytja fjármuni á reikninga fjarri heimahögunum. Slíkar ráðstafanir eru hluti af hinu alþjóðlega viðskiptaumhverfi og því ekki hægt að fullyrða að þar sé ávallt um annarleg sjónarmið eða ólöglegt athæfi að ræða. Fyrirtæki sem skráð eru á lágskattasvæðum eiga stundum auðveldara með að fá fjárfesta til liðs við sig við að fjármagna einstök verkefni en ef fyrirtækin væru skráð þar sem reglur eru strangar, upplýsingaskylda rík og skattar háir.

á landi. Í flóknum heimi alþjóðaviðskipta er þó ekki alltaf auðvelt að greina á milli innlendra og erlendra, jafnvel þegar farið er eftir skattalögum.

Á 10. áratugnum var fremur fátítt að Íslendingar ættu hlut í erlendum félögum en eftir því sem alþjóðleg fjármálastarfsemi og -umsýsla óx og dafnaði í landinu um miðjan fyrsta áratug þessarar aldar tók að bera meira á þessum félögum. Það má segja að ákveðin þáttaskil hafi orðið þegar íslensku bankarnir opnuðu útibú erlendis og fóru að aðstoða viðskiptavini sína við fjárvörslu og alþjóðlegar fjárfestingar en þá var málum iðulega svo fyrir komið að stofnað var félag af þessu tagi. Sífellt algengara varð að aflandsfélög kæmu við sögu skattyfirvalda með einum eða öðrum hætti. Íslensk fjármálafyrirtæki gegndu lykilhlutverki við að kynna viðskiptavinum sínum heim alþjóðlegrar fjármálastarfsemi, skattaskjóla og aflandseyja, sem skýrir það af hverju svo margir Íslendingar fóru inn í þennan heim. Á gullaldarárum alþjóðlegrar fjármálaumsýslu stofnuðu Íslendingar fjölda svokallaðra 1929 félaga í Lúxemborg á grundvelli sérstakra laga frá árinu 1929 um eignarhaldsfélög. Lúxemborg á sér langa sögu sem alþjóðleg fjármálamiðstöð og mörkuðu lög sem þessi hertogadæminu sérstöðu meðal nágrannaríkjanna. Er óhætt að fullyrða að Lúxemborgarar hafi grætt vel á fjármálaumsýslu og þjónustu við íbúa grannríkjanna í gegnum tíðina. Félögin sem Íslendingarnir stofnuðu féllu undir ákvæði laganna frá 1929 og greiddu þau hvorki tekjuskatt né skatt af fengnum arði auk þess sem þau voru undanþegin greiðslu ýmissa annarra þarlendra skatta. Þess í stað greiddu þau árlegt gjald, aðstöðugjald, sem nam 0,2% af eigin fé félaganna. Samkvæmt lögunum máttu félögin eiga hlutabréf, skuldabréf og fasteignir en ekki aðrar tegundir fjármálagerninga. Þá takmörkuðu lögin einnig skyldu félaganna til að veita

> ”
> Það má segja að ákveðin þáttaskil hafi orðið þegar íslensku bankarnir opnuðu útibú erlendis og fóru að aðstoða viðskiptavini sína við fjárvörslu og alþjóðlegar fjárfestingar

Gjaldár	Fjöldi mála	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi lögaðila	Gjaldabreytingar	Fjöldi mála með gjaldabreytingu
2011	9	9	0	40.657.604	5
2012	58	53	5	325.131.796	32
2013	44	43	1	1.030.676.620	8
2014	14	14	0	113.797.160	8
2015	3	3	0	-	0

skattyfirvöldum í Lúxemborg upplýsingar, sem aftur kom í veg fyrir að yfirvöld í Lúxemborg gætu veitt öðrum skattyfirvöldum upplýsingar um félögin. Það var því viðtekin venja hjá útibúum íslensku bankanna í Lúxemborg að stofna dótturfélög á bresku Jómfrúareyjum (BVI) fyrir þau 1929 félög sem voru í þeirra umsjá til að geta átt viðskipti með aðra og flóknari fjármálagerninga eins og valrétt og skiptasamninga sem 1929 félögunum var óheimilt að stunda. 1929 félögin voru bókhaldsskyld og áttu að semja ársreikninga en engar slíkar kvaðir eru á BVI félögunum.

> ”
>
> Er þess skemmst að minnast að ekki alls fyrir löngu töldu ýmsir Ísland til skattaskjóla enda greiddu alþjóðleg viðskiptafélög sem skráð voru hér á landi aðeins 5% skatt af hagnaði

Árið 1999 hóf framkvæmdastjórn Evrópusambandsins formlega rannsókn á lögunum um 1929 félögin og sjö árum síðar, árið 2006, úrskurðaði framkvæmdastjórnin fyrirkomulagið ósamrýmanlegt lögum Evrópusambandsins þar sem í því fælist ríkisaðstoð. Í kjölfarið ákváðu stjórnvöld í Lúxemborg að afnema lögin og var það gert árið 2007. Þau félög sem stofnuð höfðu verið fyrir þann tíma nutu hins vegar skattfríðindanna áfram til ársins 2010. Á þessum tíma, frá árinu 2007 til 2010, bar nokkuð á því að Íslendingar slitu 1929 félögum og færðu fjármunina ýmist heim til Íslands eða inn á erlenda bankareikninga.

Er þess skemmst að minnast að ekki alls fyrir löngu töldu ýmsir Ísland til skattaskjóla enda greiddu alþjóðleg viðskiptafélög sem skráð voru hér á landi aðeins 5% skatt af hagnaði. Þótti þessi háttur brjóta í bága við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið en EFTA dómstóllinn úrskurðaði að skattfríðindi alþjóðlegra viðskiptafélaga á Íslandi fælu í sér ríkisaðstoð og var Íslendingum gert að krefja félögin um endurgreiðslu á sköttum.

Skattamál tengd aflandsfélögum

Skattundanskot tengd aflandsfélögum eru í eðli sínu ekki frábrugðin öðrum skattundanskotum. Þau snúast um að dylja tekjur og eignir eða offæra kostnað í skattskilum eða bókhaldi. Undanskotin eiga sér stað þegar arður eða aðrar úttektir úr félögum eru ekki talin fram eins og ber að gera og þá skiptir ekki máli hvort erlent félag komi þar við sögu eður ei.

Það er vel þekkt að menn færi eignir, hlutabréf eða kauprétt, inn í aflandsfélög á undirverði. Þegar eignin er síðan seld verður hagnaðurinn til í skattaskjólinu og er ekki gefinn upp. Dæmi eru um að eignir á Íslandi séu seldar erlendu félagi á undirverði. Þá eru þess einnig dæmi að Íslendingar hafi keypt hlut í erlendu félagi fyrir söluhagnað innlendra hlutabréfa. Nokkru síðar er erlenda félaginu slitið og það gert upp. Þá eru engar eignir lengur í erlenda félaginu og það því verðlaust skv. skattframtali. Á sínum tíma voru eignir skattlagðar og því gat skipt máli að þær væru rétt taldar fram.

Aflandsfélög eru hins vegar ekki aðeins notuð til að dylja söluhagnað sem ætti með réttu að vera skattlagður hér á landi heldur einnig aðrar tekjur s.s. vexti, arð, leigutekjur og launatekjur. Þá hafa Íslendingar sem hafa starfað og aflað tekna erlendis stundum stofnað aflandsfélög um starfsemina og látið freistast til að skjóta tekjunum undan að fullu eða að hluta.

Það er rétt að það komi fram að margir hafa gert grein fyrir tekjum af aflandsfélögum á skattframtölum í gegnum tíðina frá því að þau komu til sögunnar og árið 2015 voru framtaldar tekjur Íslendinga af aflandsfélögum ríflega 30 milljarðar.

Eftirlitsátak

Þegar algengara varð að Íslendingar tengdust aflandsfélögum fjölgaði eftirlitsmálum þar sem þau komu við sögu. Í byrjun árs 2010 var hrint af stað eftirlitsátaki þar sem skattskil þessara félaga og eigenda þeirra voru skoðuð með skipulegum hætti. Ýmislegt þótti kalla á frekari skýringar, annað var aðfinnsluvert en skattar margra félaga hafa verið endurákvarðaðir í kjölfar þessarar vinnu, sem heldur áfram.

Sem fyrr segir komu lögin um 1929 félögin í veg fyrir að skattyfirvöld í Lúxemborg veittu íslenskum skattyfirvöldum upplýsingar um eigendur og rekstur félaganna. Félögin voru hins vegar bókhaldsskyld og áttu að semja ársreikninga og skila þeim til fyrirtækjaskrár í Lúxemborg. Ársreikningarnir voru því lagðir fram hjá fyrirtækjaskránni í Lúxemborg, öllum opnir og aðgengilegir. Þótt erfitt geti verið að sannreyna eða sýna fram á að upplýsingar úr ársreikningum um verðmæti eigna, sem oft voru geymdar í BVI félögum, séu réttar sýna ársreikningar 1929 félaganna oft að þær upplýsingar sem eigendur félaganna hér á landi hafa látið skattyfirvöldum í té eru rangar, eða alltént ekki í samræmi við ársreikning 1929 félagsins sem um ræðir. Ríkisskattstjóri hefur í gegnum tíðina keypt hundruð ársreikninga frá fyrirtækjaskrá í Lúxemborg en hér er oft um mjög mikilvægar upplýsingar að ræða sem gefið hafa tilefni til skattrannsóknar.

Á árunum 2011 og 2012 var tekið úrtak úr þýði 1.005 aðila sem tengdust aflandsfélögum. Alls voru 230 aðilar valdir til sérstakrar skoðunar og skattskil þeirra yfirfarin með hliðsjón af því hvort tekjur af íslenskum hlutabréfum og aðrar tekjur sem kunna að hafa verið af aflandsfé-

lögunum hafi verið taldar rétt fram. Í ljós kom að óska þurfti eftir frekari skýringum á skattskilum 128 aðila, 55,7% þeirra aðila sem voru skoðaðir, en þar af voru sex lögaðilar. Skattar 57 þessara aðila eða tæplega fjórðungs voru endurákvarðaðir en samanlögð hækkun gjalda var ríflega 1,5 milljarður króna.

Á undanförnum mánuðum hefur verið unnið úr gögnum sem keypt voru á sínum tíma og gögnum um viðskiptavini Mossack Fonseca, eða svo kölluðum Panamaskjölum sem hafa verið aðgengileg á netinu um tíma. Þá hefur ríkisskattstjóri aflað ýmissa annarra gagna um aflandsfélög og eigendur þeirra og er nokkur vinna fyrir höndum að greina og vinna úr þeim gögnum.

Niðurstaða

Það ætti ekki að koma á óvart að skattskil stórs hluta þeirra sem tengjast aflandsfélögum hafi verið vafasöm. Aflandsfélög og mál tengd þeim eru þess eðlis að þau höfða sérstaklega til þeirra sem vilja komast hjá skattlagningu með því að fela tekjur eða eignir, láta reyna á alþjóðlegan skattarétt eða getu skattyfirvalda til að framfylgja lögum. Hér er yfirleitt um dýra leikfléttu að ræða og því aðeins á færi stöndugra aðila sem eiga mikilla hagsmuna að gæta að stofna þessi félög og leggja út fyrir sérfræðiráðgjöf, stofnkostnaði og öðrum útgjöldum tengdum stofnun og rekstri félaganna. Það segir sig því sjálft að aflandsfélög eru oft stofnuð til þess að koma eignum og tekjum undan skatti eða til að komast með öðrum hætti hjá því að greiða skatt hér á landi.

Stjórnvöld eiga almennt erfitt um vik að rannsaka mál utan lögsögu sinnar en til að unnt sé að að framfylgja skattalögum þarf að vera hægt að sannreyna þær upplýsingar sem framteljendur veita um tekjur sínar og eignir. Skattyfirvöldum um allan heim er vel kunnugt um að menn reyni að komast undan réttvísinni með því að dylja slóð sína eða koma illa fengnu fé fyrir í aflandsfélögum, úr augsýn yfirvalda.

Mál tengd aflandsfélögum hafa verið á borði embættis ríkisskattstjóra um árabil. Þrátt fyrir að mál aflandsfélaga og skattaskjóla séu ávallt erfið viðureignar, enda leikurinn stundum til þess gerður að gera yfirvöldum erfitt fyrir, þá hefur ríkisskattstjóra engu að síður orðið nokkuð ágengt í þessum málaflokki sem má að nokkru þakka það að nú er auðveldara að fá upplýsingar erlendis frá á sama tíma og erfiðara er um vik að stofna aflandsfélög. Þar skiptir fall bankanna og alþjóðlegrar fjármálastarfsemi í landinu nokkru auk þess sem settar hafa verið hömlur á fjármagnsflutninga á milli landa.

> ”
>
> Á undanförnum mánuðum hefur verið unnið úr gögnum sem keypt voru á sínum tíma og gögnum um viðskiptavini Mossack Fonseca

Það er alþjóðleg vakning meðal ríkja heims um að ólíðandi sé að ríki grafi hvert undan öðru með því að bjóða í skattstofna hvers annars. Á undanförnum árum hefur smám saman komið í ljós að lítill hópur alþjóðlegra fjármálamanna á stóran hluta auðæfa heimsins en greiðir litla sem enga skatta af ofurtekjum á meðan almenningur hefur þurft að axla þeim mun þyngri byrðar, og þykir mörgum nóg um. Þrýstingur á þau ríki sem hafa verið skálkaskjól alþjóðlegum fjármálamönnum, veitt þeim atbeina og liðsinni hefur því aukist. ■

PK/GB

Álagning lögaðila 2016

Um miðjan október sl. lauk ríkisskattstjóri við að leggja opinber gjöld á lögaðila vegna rekstrar ársins 2015. Skilafrestur framtala var í maí, lagt var á um miðjan október og í kjölfarið voru álagningarseðlar sendir út. Gjalddagar eru tveir, 1. nóvember og 1. desember. Lögaðilar hafa 60 daga til að kæra álagninguna. Þó að framtöl séu enn að berast og álagningin eigi því eftir að taka nokkrum breytingum þegar lengra líður frá skilafresti bera niðurstöður hennar engu að síður með sér að rekstrarskilyrði og atvinnuhorfur hafa farið batnandi árið 2015. Skattskyldur hagnaður jókst um 7,4% að raunvirði og tryggingagjaldsstofn hækkaði um 8,4%. Alls voru nú lagðir rúmir 172 milljarðar á fyrirtæki og stofnanir í opinber gjöld sem er rúmum 15 milljörðum minna en í fyrra. Hér skiptir sköpum að sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, sem er skattur á skuldir fjármálafyrirtækja, lækkaði um 25,6 milljarða frá því í fyrra. Niðurstöður álagningar bera með sér að efnahagur landsins er á uppleið, fyrirtækjum fjölgar, hagnaður eykst og laun hækka.

Páll Kolbeins

Lögaðilar á skrá

Nú voru 57.212 lögaðilar á skattgrunnskrá, 1.557 fleiri en fyrir ári. Lögaðilum á skrá fjölgaði um 2,8% á milli ára sem er heldur meiri fjölgun en á milli áranna 2014 og 2015 en þá fjölgaði um 1.277 eða 2,3%. Nú voru 41.045 þeirra 57.512 lögaðila sem voru á skrá tekjuskattsskyld fyrirtæki en 16.467 voru aðrir lögaðilar, opinberir aðilar, sveitarfélög, stofnanir og félaga- og líknarsamtök sem eru ekki rekin í ágóðaskyni. Stofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni eru undanþegnar tekjuskatti en þurfa hins vegar að skila tryggingagjaldi af launum. Fyrir tveimur árum voru húsfélög almennt skráð á skattgrunnskrá en þessi félög höfðu fram að því yfirleitt ekki verið skráð nema þau hefðu launaða starfsmenn í vinnu. Lögaðilum sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni fjölgaði um hátt í sjö þúsund við þessa breytingu.

Lögaðilum á skrá hefur fjölgað mun hraðar en einstaklingum á síðustu 20 árum. Árið 2016 lagði ríkisskattstjóri á 335.118 einstaklinga og lögaðila en þar af voru tekjuskattsskyldir lögaðilar 12,2%. Fyrir tíu árum var 277.281 aðili á skattgrunnskrá en þar af voru 27.637 tekjuskattsskyld fyrirtæki, eða um 10% aðila á skattgrunnskrá.

Lögaðilum fjölgaði mikið um og upp úr aldamótum í kjölfar þess að skattar á fyrirtæki voru lækkaðir og einstaklingum var gert auðveldara um vik að flytja einstaklingsrekstur yfir í einkahlutafélög án þess að þurfa að innleysa söluhagnað við yfirfærslu eigna. Þá varð algengara að menn stofnuðu eignarhaldsfélög um eignir og ýmiss konar fjármálaumsýslu sem var stór atvinnuvegur á þeim tíma. Eftir hrun dró aftur mikið úr fjölgun félaga þegar skattar á fyrirtæki voru hækkaðir og aðstæður fjárfestingafyrirtækja breyttust.

Lögaðilum á skattgrunnskrá hefur fjölgað mikið á síðustu tveimur áratugum. Í árslok 2015 voru 40.359 fleiri lögaðilar skráðir en árið 1995. Þeim hefur fjölgað um 235,3% á sama tíma og einstaklingum hefur fjölgað um 72.818 eða 35,6%. Árið 2016 lagði ríkisskattstjóri skatta og gjöld á 335.118 einstaklinga og lögaðila sem var 7.356 fleiri en árið áður en þar af voru 41.045 tekjuskattsskyld fyrirtæki, 16.467 lögaðilar sem undanþegnir eru tekjuskatti og 277.606 einstaklingar. Árið 1995 voru tekjuskattskyldir lögaðilar um 5.0% skattskyldra aðila en síðan hefur þetta hlutfall hækkað í 12,2%. Frá árinu 2005 hefur lögaðilum fjölgað um 21.575 en einstaklingum á skrá hefur fjölgað um 36.260. Nokkuð hefur dregið úr mikilli fjölgun lögaðila á síðustu árum og má ætla að færri sjái sér hag í því að stofna fyrirtæki nú en fyrir hrun.



Áætlanir

Þrátt fyrir að lögaðilar fái lengri frest en einstaklingar til að gera upp rekstur ársins og ganga frá skattframtalinu skila mörg fyrirtæki framtali seint, eða eftir að skilafresti og álagningu er lokið. Sum skila ekki neinu. Ríkisskattstjóri áætlaði tekjur og skatta 11.051 fyrirtækis eða um 19,2% lögaðila á skattgrunnskrá. Skattar og gjöld eru yfirleitt ekki áætluð nema á fyrirtæki sem rekin eru í hagnaðarskyni og því má segja að skattar 26,9% tekjuskattsskyldra fyrirtækja, eða ríflega fjórðungs, hafi verið áætlaðir. Þetta hlutfall hefur þó farið heldur lækkandi á undanförnum árum en árið 2009 voru skattar 33,9% fyrirtækja áætlaðir. Árið 2010 var þetta hlutfall 35,1% og það var 28,9% í álagningu árið 2015. Hlutfall áætlaðra fyrirtækja hefur reyndar ekki verið lægra síðan 1999 þegar skattar 24,4% tekjuskattsskyldra félaga voru áætlaðir. Sem fyrr segir má búast við því að þegar lengra líður frá lokum skilafrests skili fleiri fyrirtæki skattframtali og því muni álagningin taka nokkrum breytingum.



Upp úr síðustu aldamótum og fram til ársins 2007 jukust tekjur og tekjuskattsstofn fyrirtækja gríðarlega mikið. Aldamótaárið 2000 var tekjuskattsstofn fyrirtækja um 64 milljarðar. Hann óx um 265 milljarða fram til ársins 2005 og aftur um 71 milljarð fram til ársins 2007 og stóð þá í 400 milljörðum. Hann féll síðan um 174 milljarða fram til ársins 2011 en þá var hann 227 milljarðar en síðan hefur hann vaxið aftur um 108 milljarða. Áætlanir hafa áhrif á tekjuskattsstofn en árin 2007 og 2008 byggðust um 43,2% og 50,9% tekjuskattsstofns á áætlunum skattstjóra. Nú byggðust 11,5% tekjuskattsstofns á áætlunum. Ef litið er framhjá áætlunum þá hefur tekjuskattsstofn aldrei verið hærri. Tekjuskattsstofn skv. skattframtali var nú 296 milljarðar, rúmum sex milljörðum hærri en hann var árið 2006.



Tekjuskattur lögaðila er flatur skattur og breytist því eins og skattstofninn og skatthlutfallið. Upp úr aldamótunum var tekjuskattur hlutafélaga lækkaður úr 30% í 18%. Greiddur var 18% tekjuskattur af tekjum ársins 2002 og fram til ársins 2007. Tekjuskattur var lækkaður í 15% í álagningu 2009 á tekjur ársins 2008 en hækkaður aftur í 18% árið eftir og 20% í álagningu 2012. Hann hefur verið óbreyttur síðan. Skattbreytingarnar hafa þýtt að tekjur af tekjuskatti jukust ekki jafnmikið og skattstofninn þegar hann óx mest en hrun tekna af tekjuskatti lögaðila var heldur ekki jafnmikið og hrun tekjuskattsstofnsins. Frá árinu 2000 til ársins 2005 jukust skattskyldar tekjur um 413,6% en á sama tíma jókst tekjuskattur um 208%. Á árunum 2007 til 2011 drógust tekjur saman um 43,4% en á sama tíma drógust tekjur af tekjuskatti saman um 35,7%.

Tekjur og tekjuskattur

Tekjuskattur er lagður á hreinar tekjur fyrirtækja. Ólíkt einstaklingum mega félög draga kostnað frá sem fellur til við að afla teknanna og halda þeim við. Dugi tekjurnar ekki fyrir rekstrargjöldum verður tap af rekstrinum sem félagið getur dregið frá hagnaði komandi ára. Það getur verið nokkur munur á því hvernig kostnaður er færður í reikningsskilum og á skattframtali og því þarf að leiðrétta hagnað skv. reikningsskilum með tilliti til skattalaga.

Þó að hagnaður samkvæmt ársreikningi fyrirtækisins myndi skattstofn er ekki þar með sagt að hann sé allur skattlagður. Sambandið á milli hagnaðar og skattstofns er því flóknara en margur kynni að ætla.

Ekki er allur hagnaður fyrirtækja skattlagður á því ári sem hann myndast og því er erfitt að spá með vissu um skattskyldan hagnað og tekjur af tekjuskatti fyrirtækja. Fjárfesting, sem er sparnaður, dregst frá tekjum þegar hún er afskrifuð og leiðir þar af leiðandi til þess að tekjuskattsstofn dregst saman. Þó að til þess að gera lítill hluti tekna fyrirtækja sé skattlagður er tekjuskattsstofn engu að síður hagnaður af rekstri fyrirtækjanna og því vex hann eftir því sem fyrirtækjunum vegnar betur og þau hagnast meira.

Skattskyldur hagnaður fyrirtækja var rúmir 296 milljarðar árið 2015, skv. skattframtölum ársins 2016. Hann hafði þá aukist um rúma 26 milljarða eða 9,8% að raunvirði frá árinu áður. Til viðbótar áætlaði ríkisskattstjóri félögum rúma 38 milljarða í tekjur sem var rúmum þremur milljörðum minna en í fyrra. Áætlanir lækkuðu um 8,1% á milli ára. Þetta er nokkur breyting frá því sem var í fyrra en þá hækkaði skattstofninn um 36 milljarða á milli ára en 36,4% hækkunarinnar voru vegna áætlana sem hækkuðu um rúma 13 milljarða. Nú hækkaði skattstofninn samanlagt um 7,4% að raungildi. Um 11,5% skattstofnsins voru áætlanir saman borið við 13,4% í fyrra en alls var tekjuskattsstofn fyrirtækja 335 milljarðar.

Nú voru lagðir tæpir 70 milljarðar á félög í tekjuskatt af hagnaði sem var tæpum fimm milljörðum meiri en fyrir ári. Rúmur 61 milljarður var lagður á tekjur skv. skattframtali en rúmir átta milljarðar til viðbótar voru lagðir á áætlaðar tekjur.

Tekjuskattur lögaðila er flatur 20% skattur sem er lagður á hagnað hlutafélaga en sameignar- og samlagsfélög, þrota- og dánarbú greiða 36% skatt. Skatturinn hefur verið óbreyttur síðan í álagningu 2012 en þá hafði hann hækkað úr 15% í álagningunni 2010 og 18% í álagningu 2011. Tekjur af tekjuskatti lögaðila hafa ekki verið hærri síðan í álagningu árið 2008 en þá voru 73 milljarðar lagðir á félög. Munurinn er þó sá að árið 2008 var rúmur 31 milljarður af þeim 73 sem voru lagðir á byggður á áætlunum samanborið við rúma átta milljarða núna.

Sömu sögu er að segja af skattstofninum en hann hefur aldrei verið jafnhár og nú að árunum 2007 og 2008 undanskildum en þá voru aðstæður í landinu mjög óvenjulegar og 43,2% og 50,9% skattstofnsins byggðu á áætlunum. Árið 2007 var skattstofn skv. skattframtali 290 milljarðar eða um sex milljörðum lægri en nú.

Tekjuskattur var lagður á 18.418 félög sem er 1.013 fleiri en fyrir ári. Um 44,9% félaga greiða nú tekjuskatt samanborið við 43,7% í fyrra. Þetta hlutfall hefur hækkað á undanförnum árum. Árið 2011 var tekjuskattur lagður á 40,7% félaga.

Laun og tryggingagjald

Tryggingagjald er lagt á allar tegundir launa og þóknana fyrir starf. Ekki skiptir máli hvort greitt er í fríðu eða með vöru- eða vinnuskiptum. Þá er einnig greitt tryggingagjald af lífeyrisiðgjaldi og mótframlagi launagreiðanda í lífeyrissjóð. Tryggingagjald er þannig hluti af launakostnaði fyrirtækja og því er ekki að fullu ljóst hvernig gjaldið skiptist á milli vinnuveitenda og launþega.

Tryggingagjald samanstendur af tveimur gjöldum, almennu tryggingagjaldi og atvinnutryggingagjaldi en til viðbótar tryggingagjaldi er gjald í ábyrgðarsjóð vegna gjaldþrota og markaðsgjald lagt á tryggingagjaldsstofn en þessi gjöld eru talin með í álagningunni. Þá er greitt slysatryggingagjald vegna sjómannsstarfa.

Upphaflega voru tvö gjaldstig í tryggingagjaldi og fór þá eftir atvinnugreinum hversu hátt gjaldið var en árið 2001 var gjaldið sameinað og hefur síðan verið lagt á í einu gjaldstigi óháð því í hvaða atvinnugrein laun voru greidd.



Tryggingagjald er greitt af öllum launum og hlunnindum hverju nafni sem þau nefnast. Þróun tryggingagjaldsstofns sýnir því þróun launagreiðslna í landinu. Raunvirði launa jókst um 41,9% á fimm árum, frá 2002 til 2007, og hrundi svo aftur um 22,6% á milli áranna 2007 og 2010. Síðan hefur tryggingagjaldsstofn vaxið aftur um 23,2% að raungildi. Hann er núna 1.092 milljarðar, svo að segja jafn hár og hann var árið 2008. Það vantar aðeins 53 milljarða upp á að hann verði jafnhár og hann var árið 2007. Tryggingagjaldsstofn óx um 5,6% á milli áranna 2013 til 2014 og nú aftur um 8,4% á síðasta ári. Stofninn hefur vaxið um 18,9% að raungildi á síðustu þremur árum, sem hlýtur að teljast umtalsvert. Þetta er heldur minni vöxtur en á síðustu þremur árum fyrir hrun, 2004 til 2007, en þá óx tryggingagjaldsstofn um 32,5%, sem er vel í lagt.



Tryggingagjald er lagt á tryggingagjaldsstofn. Í reynd eru nokkur mismunandi gjöld lögð á með tryggingagjaldi. Tryggingagjald samanstendur af tveimur gjöldum, almennu tryggingagjaldi, sem var 6,04% af launum ársins 2015, atvinnutryggingagjaldi, sem var 1,34% en samanlögð voru þessi gjöld 7,39% af launum. Á tryggingagjaldsstofn var einnig lagt gjald í ábyrgðarsjóð vegna gjaldþrota og markaðsgjald. Þessi gjöld voru hvort um sig 0,05%. Tryggingagjald er flatur skattur sem fylgir launaþróun ef gjaldinu er ekki breytt. Í kjölfar hrunsins var tryggingagjald hækkað mikið til að mæta áfallinu sem landið varð fyrir. Árið 2008 var almennt tryggingagjald 4,54% og atvinnutryggingagjald 0,65%. Gjald í ábyrgðarsjóð launa var 0,10%. Í álagningu 2016 var atvinnutryggingagjald 6,04%, rúmum þriðjungi hærra en það var árið 2008, atvinnutryggingagjald var 1,35% eða 107,7% hærra en það var þá. Gjald í ábyrgðarsjóð vegna gjaldþrota hefur hins vegar lækkað um helming. Þessi gjöld eru nú samanlögð 40,64% hærri en þau voru árið 2008. Tryggingagjaldið hefur því ekki fylgt þróun tryggingagjaldsstofns heldur hefur það hækkað mun hraðar. Tryggingagjaldsstofn lækkaði um 22,6% á árunum 2007 til 2010 en á sama tíma hækkaði álagt tryggingagjald um 25,4%. Frá árinu 2008 má ætla að hækkun tryggingagjalds og gjalds í ábyrgðarsjóð vegna gjaldþrota hafi skilað samanlagt tæpum 158 miljörðum umfram það sem hefði verið ef gjaldið hefði verið óbreytt eða 5,29%.

Almennt tryggingagjald var nú 6,04% og var það óbreytt á milli ára. Tekjur af almennu tryggingagjaldi renna að mestu til Tryggingastofnunar til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga. Tekjur af atvinnutryggingagjaldi renna til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Atvinnutryggingagjald var nú 1,35%, lækkaði um 0,1% frá því í fyrra. Atvinnutryggingagjald var 0,65% í álagningu 2010. Það hækkaði í 2,21% á miðju ári árið 2010 og svo aftur í 3,81%. Það var svo lækkað aftur í 2,45% í álagningu árið 2013 og hefur síðan lækkað í þrepum niður í 1,35% eins og fyrr segir. Þá er gjald í Ábyrgðarsjóð launa lagt á tryggingagjaldsstofninn en það var nú 0,05% af stofni. Gjald í Ábyrgðarsjóð launa hefur lækkað úr 0,30% í 0,05% á tveimur árum. Loks er markaðsgjald, sem rennur til Útflutningsráðs, lagt á tryggingagjaldsstofn en það er 0,05% og hefur verið óbreytt frá árinu 1999.

Árið 2015 greiddu fyrirtæki og stofnanir 1.092 milljarða í laun, lífeyri og launatengd gjöld. Þetta var 85 milljörðum eða 8,4% meira en þau greiddu árið áður. Tryggingagjaldsstofn var ekki nema 1,5 milljarði lægri árið 2015 en hann var árið 2008 en ekki vantar nema 53 milljarða eða 4,8% upp á að hann nái sömu hæðum og árið 2007. Því lítur út fyrir að atvinnulífið hafi að mestu náð sér eftir áfallið sem það varð fyrir árið 2008 og tryggingagjaldsstofn hefur hækkað um 206 milljarða eða 23,2% frá árinu 2010, þegar botninum var náð.

Nú voru lagðir rúmir 82 milljarðar í tryggingagjald á lögaðila. Tryggingagjald skilar ríkinu umtalsverðum tekjum sem sést á því að það hafði ekki nema rúma 134 milljarða í tekjur af tekjuskatti einstaklinga.

Tryggingagjald var nú 5,3 milljörðum hærra en í fyrra. Það er athyglisvert að tryggingagjald er nú ríflega 21 milljarði hærra en það var árið 2007 og hefur það aldrei verið hærra. Tekjur af tryggingagjaldi eru þannig 33,8% hærri en þær voru þá en stofninn er enn 4,6% lægri. Tryggingagjaldið sjálft var hækkað mikið, úr 5,29% í 8,60%, á árunum 2009 til 2010 til að mæta áfallinu sem varð í hruninu. Á undanförnum árum hefur það þó lækkað nokkuð en það var 7,54% árið 2014 og 7,44% af launum árið 2015.

Allir launagreiðendur, hvort heldur um er að ræða lögaðila eða einstaklinga sem starfa sjálfstætt, eiga að greiða tryggingagjald af launum. Nú var lagt tryggingagjald á 18.720 lögaðila en það er 801 fleiri en í álagningunni í fyrra. Hið opinbera og aðrir sem undanskildir eru tekjuskatti þurfa engu að síður að greiða tryggingagjald af launum. Ríki og sveitarfélög eru því iðulega meðal stærstu skattgreiðenda í landinu. Af þeim 57.512 lögaðilum sem eru á grunnskrá greiða því aðeins 18.720 laun en eins og fyrr hefur komið fram voru 41.045 þessara lögaðila skráð fyrirtæki sem rekin eru í hagnaðarskyni. Þar sem lítið er gert nema mannshöndin komi þar nærri skýtur skökku við að laun séu ekki greidd nema hjá innan við helmingi skattskyldra fyrirtækja.



Yfirfæranlegt tap félaga fór að aukast jafnt og þétt í byrjun tíunda áratugarins þegar alþjóðleg fjárfestingarfélög fóru að hasla sér völl hér á landi. Tapið jókst mikið og með auknum hraða fram að því að bankarnir féllu en þá tók steininn úr. Tapið hélt áfram að aukast fram til ársloka 2011 en þá stóð það í 9,6 billjónum. Síðan hefur dregið úr tapinu þegar staða félaganna hefur batnað og félögum hefur verið slitið. Yfirfæranlegt tap félaga minnkaði um 5,3 billjónir á milli áranna 2014 og 2015. Hér munar mestu um að staða fallinna fjármálastofnana hefur breyst.

Yfirfæranlegt tap félaga er ekki ætlað af ríkisskattstjóra og því getur það hækkað nokkuð ef fyrirtæki skila seint. Nokkur munur getur því verið á yfirfæranlegu tapi sé miðað við stöðu strax að lokinni álagningu í október eða þegar lengra dregur frá lokum álagningarinnar og fleiri framtöl berast. Þá er tapið að miklu leyti bundið við fáein fjármála- og fjárfestingafélög og því hefur það mikil áhrif á samanlagt tap ef eitthvert þessara félaga hefur ekki skilað framtali.

> ”
>
> Það er athyglisvert að tryggingagjald er nú ríflega 21 milljarði hærra en það var árið 2007 og hefur það aldrei verið hærra

Yfirfæranlegt tap

Fyrirtæki sem eru rekin með tapi geta flutt tap ársins yfir til næsta árs og lækkað skattstofn komandi ára um sem nemur tapinu. Rekstur er áhættusamur og því getur brugðið til beggja vona en fyrirtæki eru stundum rekin með tapi í mörg ár áður en þau skila hagnaði. Á þessum tíma safnast upp tap í fyrirtækinu sem það getur nýtt til að lækka skattstofninn og fyrirtæki eru því stundum rekin árum saman án þess að greiða skatta af tekjum eða hagnaði. Á þessum tíma þurfa fyrirtækin að standa í skilum og fjármagna reksturinn með einhverjum hætti. Leyfilegt er að draga vexti frá hagnaði og lækka skattstofninn um vaxtagreiðsluna.

Uppsafnað yfirfæranlegt tap fyrirtækja jókst mikið upp úr aldamótum þegar íslensk fjárfestingafélög tóku að fjárfesta á alþjóðavísu og var þá jafnan meira lagt undir en hafði tíðkast þegar fjárfest hafði

Opinber gjöld lögaðila 2005 til 2016													Breyting	
Álagningarár	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**	**2011**	**2012**	**2013**	**2014**	**2015**	**2016**	**2015-2016**	
Tekjuskattur	23.770	34.671	42.717	39.201	35.375	29.752	36.292	42.151	44.780	55.520	63.754	69.656	5.902	9,3%
Fjármagnstekjuskattur	298	6.235	342	1.574	1.419	1.226	1.226	1.390	1.100	1.523	1.440	1.363	-77	-5,3%
Búnaðargjald	127	171	107	104	136	161	175	190	216	211	221	251	30	13,8%
Jöfnunargjald alþjónustu	31	31	24	39	260	44	39	42	44	45	47	47	1	1,4%
Iðnaðarmálagjald	277	310	380	459	479	431								
Útvarpsgjald	0	0	0		544	558	625	602	628	670	641	612	-28	-4,4%
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki							978	1.046	1.033	35.029	33.657	8.706	-24.951	-74,1%
Viðbót á sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki								2.233	2.204					
Sérstakt gjald á lífeyrissjóði								1.538						
Fjársýsluskattur									2.605	3.475	2.895	2.890	-5	-0,2%
Sérstakur fjársýsluskattur									1.697	13.017	6.023	6.798	775	12,9%
Tryggingagjald*	27.598	32.486	37.248	40.079	45.211	46.244	65.397	69.290	67.015	71.599	75.120	82.037	6.917	9,2%
Endurgreiðsla vegna rannsóknarkostnaðar							441	764	898	1.000	1.017	1.167	150	14,8%
Samtals	**53.633**	**73.903**	**80.818**	**81.456**	**83.422**	**78.417**	**104.732**	**118.482**	**121.323**	**181.089**	**183.796**	**172.361**	**-11.435**	**-6,2%**

Fjöldi gjaldenda													Breyting	
Álagningarár	**2005**	**2006**	**2007**	**2008**	**2009**	**2010**	**2011**	**2012**	**2013**	**2014**	**2015**	**2016**	**2015-2016**	
Tekjuskattur	13.206	14.693	15.121	16.184	15.897	16.995	15.006	15.240	15.751	16.332	17.405	18.418	1.013	5,8%
Fjármagnstekjuskattur	82	89	172	191	234	265	301	374	447	583	605	643	38	6,3%
Búnaðargjald	320	371	409	446	489	530	574	607	615	651	690	716	26	3,8%
Jöfnunargjald alþjónustu	39	41	35	41	38	41	41	47	44	52	59	58	-1	-1,7%
Iðnaðarmálagjald	5.497	5.691	6.101	6.315	6.264	6.198								
Útvarpsgjald	-	-	-		31.629	32.444	34.890	32.002	33.424	34.547	35.995	37.331	1.336	3,7%
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki		-	-				19	20	17	9	11	4	-7	-63,6%
Viðbót á sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki		-	-					20	17					
Sérstakt gjald á lífeyrissjóði		-	-					35						
Fjársýsluskattur		-	-						160	143	152	145	-7	-4,6%
Sérstakur fjársýsluskattur		-	-						6	9	10	8	-2	-20,0%
Tryggingagjald*	14.401	15.414	15.910	16.697	16.860	16.461	16.527	16.838	16.973	17.559	17.919	18.720	801	4,5%
Endurgreiðsla vegna rannsóknarkostnaðar							50	70	84	93	94	98	4	4,3%
Fjöldi gjaldskyldra félaga	**26.043**	**27.637**	**30.098**	**32.868**	**34.195**	**35.709**	**36.837**	**37.243**	**38.190**	**38.773**	**39.813**	**41.045**	**1.232**	**3,1%**

* Markaðsgjald og iðgjald slysatryggingar sjómanna eru hér talin með í tölum um tryggingagjald.

verið í íslensku atvinnulífi. Með hliðsjón af íslensku efnahagslífi var tap þessara félaga verulegt, meira en áður hafði sést, og jókst það ár frá ári. Stór hluti yfirfæranlegs taps var bundinn við fremur fá félög.

Í árslok árið 2000 var yfirfæranlegt tap 282 milljarðar. Árið 2005 var það orðið rúmir 385 milljarðar. Það jókst um 71,5% árið 2006, 57,4% árið 2007 og 139,1% árið 2008. Árið 2009 hátt í tvöfaldaðist yfirfæranlegt tap er það jókst enn um 187,6% og stóð þá í 7.154 milljörðum. Yfirfæranlegt tap hélt áfram að aukast fram til ársins 2011 er það var komið í 9.895 milljarða.

Eins og gefur að skilja var stór hluti yfirfæranlegs taps bundinn við þrotabú föllnu bankanna og því skiptir sköpum að þau hafi öll skilað framtali þegar tapið er skoðað. Árið 2014 hafði eitt þrotabúanna ekki skilað skattframtali þegar lagt var á og því féll tapið verulega frá árinu á undan þegar miðað var við álagningarstöðuna í október en þegar upp var staðið reyndist það ekki hafa lækkað um nema 7,3% frá fyrra ári.

Í álagningu nú hafði yfirfæranlegt tap lækkað um 5.316 milljarða frá sama tíma í fyrra og má skýra það með því að stór hluti tapsins gekk á móti hagnaði þrotabúa bankanna.

Nú voru 17.773 fyrirtæki með yfirfæranlegt tap en það eru 623 fleiri en fyrir ári. Það er athyglisvert að 36.191 fyrirtæki var ýmist með yfirfæranlegt tap eða hreinar tekjur þannig að 4.854 félög hafa hvorki verið með tap né hagnað af rekstrinum. Tæpur helmingur félaga sem var ýmist með tap eða hagnað, eða 49,1%, átti yfirfæranlegt tap. Þetta hlutfall hefur farið heldur lækkandi á síðustu árum. Samkvæmt framtali árið 2010 voru 51,7% félaga í rekstri með yfirfæranlegt tap en árið áður hafði þetta hlutfall verið 46%.

Aðrir skattar og gjöld

Fyrirtæki geta dregið vaxtagjöld frá tekjum en tekjur af fjármunum eða fjármagnstekjur eru skattlagðar sem hverjar aðrar tekjur í rekstrinum. Öðru máli gegnir um stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni en þær þurfa að greiða fjármagnstekjuskatt af fjármagnstekjum en hér er aðallega um að ræða ríki og sveitarfélög. Fjármagnstekjuskattur sem er lagður á lögaðila hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár í kringum 1,5 milljarða en lögaðilar greiða 20% skatt af fjármagnstekjum. Nú voru lagðir tæpir 1,4 milljarðar á lögaðila sem var 106 milljónum minna en í fyrra en skatturinn var lagður á 643 lögaðila, 38 fleiri en í fyrra.

Skattar á fjármálafyrirtæki

Frá því bankarnir í landinu féllu með alvarlegum afleiðingum fyrir efnahag landsmanna hefur þótt ástæða til að skattleggja fjármálastarfsemi sérstaklega. Allt frá árinu 2011 hafa fimm mismunandi skattar verið lagðir á fjármálastarfsemi og hafa þeir skilað rúmum 129 milljörðum til ríkisins á þessum tíma. Í ár voru 18,4 milljarðar lagðir á fjármálafyrirtæki til viðbótar tekjuskatti og tryggingagjaldi.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki var tekinn upp árið 2011. Skatturinn var 0,041% og lagður á heildarskuldir fjármálafyrirtækja. Skatturinn var hækkaður í 0,37% í álagningunni árið 2014 en þá var aðeins lagt á skuldir umfram 50 milljarða.

> 36.191 fyrirtæki var ýmist með yfirfæranlegt tap eða hreinar tekjur þannig að 4.854 félög hafa hvorki verið með tap né hagnað af rekstrinum

Eins og gefur að skilja hækkuðu tekjur af skattinum verulega í kjölfarið en síðan hefur sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki verið óbreyttur. Hann skilaði nú 8,7 milljörðum sem er 25,6 milljörðum minna en í álagningunni í fyrra. Skatturinn var nú aðeins lagður á fjögur fjármálafyrirtæki en í fyrra var lagt á 11 fyrirtæki.

Viðbót á sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki var tekin upp í álagningu 2012 og var hún lögð á sama gjaldstofn og sérstaki skatturinn. Viðbótin var lögð á í tvö ár, 2012 og 2013, og skilaði um 2,4 milljörðum í tekjur hvort árið. Árið 2012 greiddu 20 fyrirtæki viðbótina en seinna árið var skatturinn lagður á 17 fyrirtæki.

Þá var lagt sérstakt gjald á lífeyrissjóði árið 2012 sem var 0,0814% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Gjaldið var lagt á 35 lífeyrissjóði og skilaði 1,7 milljörðum króna til ríkisins en var aðeins lagt á þetta eina ár.

Fjársýsluskattur var tekinn upp og lagður á árið 2013. Skatturinn er lagður á allar tegundir launa og þóknana hjá fjármálafyrirtækjum, verðbréfafyrirtækjum og tryggingafélögum auk Íbúðalánasjóðs. Skatturinn var 5,45% árið 2013, 6,75% árið 2014, 5,5% árið 2015 og var nú óbreyttur á milli ára. Lagðar voru 2.890 milljónir á fjármálafyrirtæki sem var 63 milljónum minna en í fyrra. Laun í fjármálageiranum drógust saman um 2,1% á milli áranna 2014 og 2015. Fjársýsluskattur var nú lagður á 145 fyrirtæki en fjármálafyrirtækjum sem greiða skattinn hefur fækkað um sjö á milli ára.

Loks var sérstakur fjársýsluskattur tekinn upp árið 2013 en hann er 6% viðbótartekjuskattur á tekjur fjármálafyrirtækja sem eru með tekjur yfir einum milljarði. Frá álagningu árið 2014 hefur ekki verið tekið tillit til samsköttunar og yfirfæranlegs taps. Skatturinn var nú 6,7 milljarðar, 654 milljónum eða 10,6% hærri en í fyrra. Átta fyrirtæki þurfa að greiða skattinn en fyrirtækjum sem greiða sérstakan fjársýsluskatt hefur fækkað um tvö frá fyrra ári.

Samtals voru nú lagðir 18,4 milljarðar á fjármálafyrirtæki sem var 25 milljörðum minna en fyrir ári. Sérstakir skattar og gjöld á fjármálafyrirtæki hafa lækkað um 57,6% á milli ára.

Önnur gjöld

Búnaðargjald er 1,2% gjald sem er lagt á heildarveltu búvöru og tengda þjónustu hjá búvöruframleiðendum. Gjaldið var nú 251 milljón, 26 milljónum hærra en fyrir ári. Það var lagt á 716 bú sem eru félög en 26 fleiri bú greiddu búnaðargjald í ár en í fyrra.

Jöfnunargjald alþjónustu er 0,1% gjald sem er lagt á veltu af fjarskiptastarfsemi. Gjaldið var nú lagt á 58 félög, einu færra en í fyrra, og skilaði það 47 milljónum, sem var rúmum 300 þús. kr. minna en fyrir ári.

Útvarpsgjald hefur verið lagt á lögaðila síðan árið 2009. Gjaldið var nú 16.400 kr. en var 17.800 kr. í fyrra. Það er lagt á einstaklinga og lögaðila. Útvarpsgjaldið hefur lækkað á undanförnum árum en það var 19.400 kr. í álagningu árið 2014. Nú voru 612 milljónir lagðar á í útvarpsgjald á skattskyld fyrirtæki, 41 milljón minna en í fyrra. Gjaldið var lagt á 37.331 lögaðila, 1.336 fleiri en í fyrra, en félög í gjaldþrotameðferð þurfa ekki að greiða gjaldið. ■

Raunverulegur eigandi

Framkvæmd ákvæða um raunverulegan eiganda í alþjóðlegum skattarétti og vangaveltur um framkvæmd á Íslandi.

Hugtakið „raunverulegur eigandi“ (e. beneficial owner) lýsir því hver hefur ráðstöfunarrétt og ábatann af tiltekinni eign. Hugtakið felur í sér að ekki er sjálfgefið að lögformlegt eða skráð eignarhald sé endilega það sama og raunverulegt eignarhald. Þannig geti réttur til ráðstöfunar og ábata af eign í sumum tilvikum verið hjá öðrum aðila en þeim sem lögformlega er skráður fyrir eigninni. Sá aðili sem á rétt til að nýta og njóta tekna af tiltekinni eign telst að öllu jöfnu vera hinn raunverulegi eigandi teknanna.

Við framkvæmd skattalöggjafar þykir rétt að skattlagning beinist að raunverulegum eiganda tekna. Í þeim tilvikum þegar tekjur hjá aðila í einu ríki hafa orðið til í öðru ríki þá kunna bæði ríkin að gera tilkall til skattlagningar þessara tekna. Tvísköttunarsamningar eru tól til að koma í veg fyrir að sömu tekjur, eða eftir atvikum eignir, sæti skattlagningu í tveimur ríkjum. Samningarnir fela þannig í sér að ríkin sem gert hafa samninginn semja um að annað ríkið gefi eftir skattlagningarrétt sem þau ella hefðu að hluta eða öllu leyti haft. Samningarnir eru sem slíkir ekki formleg skattlagningarheimild, heldur er gengið út frá því að skattlagningarheimild sé til staðar í lögum viðkomandi ríkis. Auk markmiða um að koma í veg fyrir tvöfalda skattlagningu hafa tvísköttunarsamningar einnig það markmið að koma í veg fyrir að tekjum sé skotið undan skattlagningu. Í flestum tvísköttunarsamningum síðari ára, sem byggst hafa á samningsfyrirmynd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), hafa verið ákvæði um að einungis raunverulegur eigandi arðs, vaxta og þóknana geti fengið lausn frá skattlagningu annað hvort í upprunaríkinu eða í því ríki þar sem raunverulegur eigandi teknanna ber skattskyldu. Við mat á því hvort tiltekinn aðili uppfylli skilyrði til eftirgjafar skattlagningar á ágóðahluta, vexti eða þóknanir verður því að horfa til þess hvernig raunverulegur eigandi er skilgreindur í lögum viðkomandi ríkis. Það má oftast ganga út frá því að formlegt eignarhald og raunverulegt eignarhald fari saman. Þegar svo er ekki þá er það raunverulegi eigandinn sem nýtur réttarverndar tvísköttunarsamnings en ekki sá sem formlega er skráður eigandi.

Vísað er til hugtaksins „raunverulegur eigandi“ í hundruðum tvísköttunarsamninga um heim allan. Hugtakið kom fyrst fram í fyrirmynd OECD um tvísköttunarsamninga á árinu 1977. Það sem er einstakt við hugtakið er að engin almenn alþjóðleg skilgreining er til á því, þ.e. hvort hugtakið skuli notað til að koma í veg fyrir undanskot skatta eða einungis sem tæki til að úthluta skattlagningarrétti milli ríkja. Tilraun til að komast að sameiginlegum skilningi þjóða á hugtakinu og hvernig það skuli notað kom fram í athugasemdum með samningsfyrirmyndinni frá 1977. Í ákvæðum 10., 11., og 12. greina fyrirmyndarinnar er fjallað um lausn frá tvískattlagningu arðs (ágóðahluta), vaxta og þóknana. Þessar tekjur bera það einkenni að þeirra er aflað án þess að sérstakt vinnuframlag hafi verið lagt fram við öflun þeirra. Í fyrirmyndum OECD og Sameinuðu þjóðanna um samninga til að koma í veg fyrir tvísköttun er sérstaklega tilgreint að ákvæði um eftirgjöf skattlagningar af arði, vöxtum og þóknunum nái eingöngu til raunverulegra eigenda umræddra tekna. Telja verður þó að ákvæðin hafi reynst erfið í skattframkvæmd þar sem þau gera ráð fyrir að fyrir liggi upplýsingar sem skattyfirvöldum kann að reynast erfitt að nálgast.

Í flestum tvísköttunarsamningum sem ríkisstjórn Íslands hefur gert, sem og í samningsfyrirmynd OECD, er fjallað um að einungis raunverulegur eigandi geti notið ábata samningsins vegna þessara tekna. Í samningsfyrirmyndinni frá 1977 var hugtakið um raunverulegan eiganda látið koma til skýringar við texta þegar ágóðahluti, vextir eða þóknanir eru greidd til „aðila heimilisföstum í hinu aðildarríkinu“. Var þessari skýringu bætt við með nýjum málsgreinum í umræddum samningsgreinum.[1] Eldra orðalagið án ákvæða um raunverulegan eiganda var t.d. notað í tvísköttunarsamningi Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands frá 1971.

Notkun hugtaksins í landsrétti

Í íslenskum tekjuskattslögum er hvergi að finna nánari skýringu á raunverulegum eiganda. Slík skilgreining er þó í lögum nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peninga-

Höfundur greinarinnar er Helgi Guðnason.

þvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í lögum um tekjuskatt er að finna reglu af svipuðum meiði. Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þar sem fjallað er um skattskyldu lögaðila, kemur fram að lögaðili teljist eiga hér heimili ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi. Þannig er gengið út frá því að skráð framkvæmdastjórn sé ekki endilega sú sama og raunveruleg framkvæmdastjórn.[2] Má því ályktа að löggjafinn hafi hér reynt að greina það sem raunverulega er til staðar, þ.e. horft í gegnum formið þannig að meta mætti hvernig málum væri háttað í reynd, óháð forminu.

Skilgreiningu á raunverulegum eiganda í 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 64/2006 skal nota við könnun á áreiðanleika viðskiptamanns sbr. 16. gr. laganna og við veitingu heimildar til skráningar gjaldeyrisskiptastöðva og peninga og verðmætasendingarþjónustu sbr. 25. gr. b. í lögunum. Í þessari skilgreiningu er miðað við að einstaklingur eigi í raun eða sé framtíðareigandi að meira en 25% hlut í lögaðila, ráði yfir meira en 25% atkvæðisréttar í lögaðilanum eða hafi yfirráð yfir meira en 25% af eignum hans. Eins og rakið verður síðar verður skilgreining á raunverulegum eiganda í lögum um peningaþvætti ekki lögð að jöfnu við athugasemdir um hugtakið í samningsfyrirmynd OECD.

Með lögum nr. 164/2000 var verðbréfafyrirtækjum veitt heimild til að skrá eignir viðskiptamanna á safnreikning. Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 164/2000 kom eftirfarandi fram:

> *Í frumvarpinu er lagt til að verðbréfafyrirtækjum verði heimilað að halda utan um eignir viðskiptamanna sinna á eigin reikningi (safnreikningi) og taka við greiðslum fyrir hönd viðskiptamanna sinna frá einstökum útgefendum verðbréfa. Hér er um að ræða atriði sem á ensku hefur verið kallað* ***nominee registration*** *eða* ***omnibus registration****.*

Heimild til vörslu eigna á safnreikningi er í 12. gr. núgildandi laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Við framkvæmd ákvæðisins er stuðst við reglugerð nr. 706/2008, um safnskráningu og varðveislu fjármálagerninga á safnreikningi. Samkvæmt 1. gr. reglugerðarinnar er safnreikningur „Eigin reikningur vörsluaðila þar sem fjármálagerningar viðskiptavina eru skráðir“. Hérna er því að finna íslenska lagaheimild til að dylja raunverulegt eignarhald fjármálagerninga með því að skrá þá á safnreikning fjármálafyrirtækis.

Í landsrétti í löndum þar sem fordæmisréttur gildir, t.d. í Bretlandi, Kanada og Ástralíu, er að finna lagaákvæði um að fjárhaldsaðili (e. trust) geti talist raunverulegur eigandi teknanna. Í Bretlandi hefur komið fram ábending um að ekki hafi verið þörf á að bæta hugtakinu um raunverulegan eiganda í samningsfyrirmyndina þar sem skattalöggjöf í heimilisfestiríki greiðanda geti fullvel hindrað misnotkun samningsins

---

1 Í umfjöllun um sögulegar breytingar á 10., 11. og 12. gr. í athugasemdum með samningsfyrirmynd OECD frá 2014 kemur fram að ákvæði um raunverulegan eiganda hafi komið fram í samningsfyrirmyndinni frá 1977. Við breytingarnar 1977 hafi verið bætt 2. og 4. mgr. við 10. og 11. greinarnar og 3. mgr. við 12. greinina. Síðari tíma breytingar voru orðalagsbreytingar á 2. mgr. 10. og 11. gr. á árinu 1995 og 4. mgr. 10. gr. og 11. gr. og 3. mgr. 12. gr. á árinu 2000. Hugtakinu var bætt í 1. mgr. 12. gr. á árinu 1997 og í 6. mgr. 11. gr. og 4. mgr. 12. gr. á árinu 2014.

2 Í nefndaráliti með breytingatillögu að lagafrumvarpi í 695. máli á 131. löggjafarþingi, sem bætti umræddu ákvæði í tekjuskattslögin með lögum nr. 77/2005, kom fram að tillagan snúi að því að gera ákvæði um skattskyldu félaga almennara „til að koma í veg fyrir mismunun milli innlendra og erlendra aðila sem aðsetur hafa hér og eru skattskyldir hér á þeim grundvelli“. Ákvæðinu var bætt inn í 2. grein tekjuskattslaganna m.a. til þess að „komast hjá því að þurfa gera breytingar á öðrum ákvæðum laganna“.

Raunverulegur eigandi



Fyrirtæki í ríki B getur ekki nýtt undanþágu frá skattlagningu vaxta, arðs eða þóknana í ríki A skv. samningsfyrirmynd OECD þar sem gegnumstreymisfyrirtæki teljast ekki vera raunverulegur eigandi tekna.

þegar greiðsla er látin renna til annars aðila en hins raunverulega eiganda.[3] Umræðan í Bretlandi á undanförnum mánuðum hefur þó snúist í þá átt að draga úr möguleikum til að hylja eignir hjá fjárhaldsaðilum. Í niðurstöðum breskrar þverpólitískrar þingmannanefndar um ábyrga skattlagningu, sem birt var í ágúst 2016, var ályktað að aðgerðaráætlun OECD til að draga úr rýrnun skattstofns og tilfærslu hagnaðar, kölluð BEPS (e. Base Erosion and Profit Shifting), myndi ekki ná tilætluðum árangri í baráttunni við alþjóðleg skattundanskot án fulls aðgengis skattyfirvalda að upplýsingum um raunverulega eigendur fjármálagerninga.[4]

Tvísköttunarsamningar og samningsfyrirmynd OECD

Þjóðríki hafa almennt þá stefnu að auka auðlegð sína. Lýðræðisríki nýta auðlegð sína að öllu jöfnu til aukinnar velsældar þegna sinna. Stefnan er þannig ekki ólík markmiði fyrirtækjareksturs, að auka hag eigenda sinna. Skattlagning gegnir lykilhlutverki í fjármögnun þjóðríkis. Skattlagning nær jafnan bæði til félaga og einstaklinga sem hafa sjálfir markmið um að auka eigin velsæld m.a. með því að lágmarka eigin útgjöld. Við skattlagningu þarf þjóðríki því að horfa bæði til efnahagslegra þátta við tekjuöflun ríkisins sem og þeirra félagslegu þátta sem íbúar þess vilja hafa ráðandi í samfélaginu. Skattalög þurfa því að vera sanngjörn þannig að félagslegum og siðfræðilegum hagsmunum sé náð og skilvirk þannig að efnahagslegum markmiðum sé náð. Hér gætu komið til álita félagslegar kröfur um greiðslugetu og lágmarksframfærslu íbúa, siðfræðilegar kröfur um sanngirni skattlagningar og efnahagslegir og hagrænir þættir sem geta verið breytilegir á hverjum tíma.

Skattalög eru jafnan sett af löggjafarvaldi hvers þjóðríkis fyrir sig og ná þannig eingöngu til efnahagslegrar lögsögu þess þjóðríkis. Framkvæmd skattalaganna flækist því verulega þegar gæta þarf siðfræðilegra og efnahagslegra hagsmuna utan efnahagslögsögunnar. Til þess að stefnan um aukna auðlegð þjóðar nái fram að ganga milli þjóðríkja hafa ríki komið sér saman um samstarfsvettvang þannig að skattlagning verði sanngjörn. Framkvæmd þessa samstarfs byggir á samningi til að koma í veg fyrir tvískattlagningu sömu tekna eða eigna. Með tvísköttunarsamningi er þannig reynt að koma í veg fyrir að skattgreiðandi verði fyrir ósanngjarnri skattlagningu þegar tekjur eða eignir eru andlag skattlagningar í tveimur þjóðríkjum.

Tvísköttunarsamningar þjóna einnig fjölþættari markmiðum svo sem að koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu tekna og eftir atvikum eigna. Þetta markmið kemur víða fram í heiti tvísköttunarsamninga m.a. í samningi Íslands og Bandaríkjanna frá 1975 og raunar flestum ef ekki öllum tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert við önnur ríki síðan. Ákvæðin um raunverulegan eiganda eru ekki hvað síst komin til að þjóna þessu markmiði, sem þó tengist hinu markmiðinu þannig að ríkin vilja ekki játa aðila réttindi á grundvelli þessara samninga ef þeir eru ekki „raunverulegir" eigendur. Þannig hefur markmið ákvæða um raunverulegan eiganda í alþjóðlegum skattarétti aðallega snúið að því að hindra undanskot tekna frá skattlagningu.

Af áðurgreindum siðferðislegum og félagslegum markmiðum má draga þá ályktun að örvun viðskipta og fjárfestinga milli tveggja ríkja, með því að koma í veg fyrir að sömu tekjur séu skattlagðar bæði í upprunaríkinu og í heimilisfestiríki viðtakanda teknanna, sé helsti hvati þjóðríkja til að gera tvísköttunarsamninga. Viðtakandi teknanna er þá leystur undan skattlagningu að hluta eða í heild með skattaafslætti, frádrætti, undanþágu eða með lægra skatthlutfalli. Þetta göfuga markmið hefur þó verið notað af ýmsum skattgreiðendum til að greiða lægri skatta með því að fá lausn frá skattlagningu að hluta til eða í heild án þess að eiga rétt til slíkra skattívilnana. Mörg ríki hafa því bætt baráttunni við tvöfalda skattundanþágu (e. double non-taxation) við markmið tvísköttunarsamninga. Ein aðferð til að draga úr slíkum skattundanskotum er endurskoðun á hugtakinu um raunverulegan eiganda.

Í fyrirmynd OECD um tvísköttunarsamninga er að finna grundvöll fyrir samstarfi þjóðríkja um sanngjarna skattlagningu. Núverandi fyrirmynd OECD um tvísköttunarsamninga er frá árinu 2014. Fyrirmyndin er með 31 grein sem nær með breiðum hætti til mögulegra tilvika tvísköttunar og hvernig skuli leysa aðila undan tvísköttun auk ákvæða um upplýsingaskipti. Auk sjálfrar

3 Í umfjöllun John F. Avery Jones, „The Beneficial Ownership Concept Was Never Necessary in the Model" í *Beneficial Ownership: Recent Trends*, bls. 333-339, færir höfundur rök fyrir því að þágildandi ákvæði breskra tekjuskattslaga um skattskyldu fjárhaldsaðila vegna tekjugreiðslna úr landi væru nægjanleg til að hindra að annar en raunverulegur eigandi gæti nýtt ákvæði tvísköttunarsamninga. Fjárhaldsaðilinn eða milliliðurinn sem sæi um færslu teknanna frá Bretlandi taldist þannig vera skattskyldi aðilinn vegna teknanna. Ef tekjurnar ættu hins vegar uppruna sinn utan Bretlands og væru strax fluttar aftur frá Bretlandi þá myndaðist ekki skattskylda í Bretlandi. Fjárhaldsaðilinn teldist í slíkum tilvikum ekki vera heimilisfastur í Bretlandi í skilningi tvísköttunarsamnings og því gæti greiðandinn ekki notið ábata í heimilisfestiríki sínu á grundvelli tvísköttunarsamnings þess ríkis við Bretland. Að mati höfundar létu stjórnvöld í Bretlandi undan þrýstingi annarra OECD ríkja og féllust á að bæta hugtakinu í samningsfyrirmyndina.

4 Í skýrslu All-Party Parliamentary group on Responsible Tax, *„A more responsible global tax system or a 'sticking plaster'?"*, frá ágúst 2016, var fjallað um tvískinnung breskra stjórnvalda við framkvæmd BEPS áætlunar OECD. Annars vegar sé reynt að halda í ævagamlar hefðir um fjárvörsluaðila og hins vegar samið á alþjóðavettvangi um gagnsæi í baráttunni við skattundanskot. Jafnframt var ályktað að ríkisstjórn Bretlands skuli knýja aflandssvæði sín og önnur sjálfstjórnarsvæði krúnunnar til að taka upp opinbera skráningu á raunverulegum eigendum.

fyrirmyndarinnar hefur OECD staðið fyrir alþjóðlegu samstarfi aðildarríkja, fræðimanna og hagsmunasamtaka um framkvæmd samningsfyrirmyndarinnar. Athugasemdir við einstakar greinar fyrirmyndarinnar (e. Commentaries On The Articles) eru byggðar á margra ára samvinnu þessara aðila. Athugasemdirnar nýtast til að nálgast skilning á því hvaða tilvik tvískattlagningar samningnum sé ætlað að leysa úr. Athugasemdirnar eru hins vegar ekki lögformlegt bindandi álit um túlkun tvísköttunarsamninga. Engu að síður þykja þær gefa góða vísbendingu um tilgang hverrar greinar og þannig fela í sér einhverskonar bindandi álit.[5]

Ákvörðunin um að bæta hugtakinu um raunverulegan eiganda í samningsfyrirmynd OECD á árinu 1977 gefur til kynna að fyrri texti um skattskyldu í síðarnefnda ríkinu, þegar ágóðahluti, vextir eða þóknanir eru greiddir til „aðila heimilisföstum í hinu aðildarríkinu", hafi ekki nægt til að hindra einhverjar tegundir skattundanskota. Af athugasemdum með samningsfyrirmyndinni frá 2014 þykir mega ráða að hugtakinu hafi upphaflega verið bætt í samningsfyrirmyndina til að hindra að aðilar gætu nýtt undanþáguákvæði tvísköttunarsamnings sem ekki stæðu til boða án milligöngu fjárhaldsaðila. Í athugasemdum með samningsfyrirmyndinni frá 2014 kemur fram að hugtakinu hafi verið bætt við 2. mgr. 10. gr. til að takast á við hugsanleg vandamál tengd orðalaginu „greiddur til ... heimilisfasts aðila" í 1. málsgreininni. Sambærilegar athugasemdir eru í umfjöllun um 11. og 12. gr. Hugtakið sem upphaflega var ætlað að skerpa á skilningi á eldri textanum hefur því fengið nýja sjálfstæða merkingu. Má þannig færa rök fyrir því að þessi breyting á athugasemdunum geti haft áhrif á dóma sem gætu fallið vegna ákvæðisins í þeim tvísköttunarsamningum sem gerðir verða eftir fyrirmyndinni frá 2014.[6]

Fjallað er um túlkun alþjóðasamninga í 31. gr. Vínarsamnings um þjóðréttarsamninga. Í greininni kemur fram að aðal áherslan sé á orðalag samningstexta þess alþjóðasamnings sem til túlkunar er. Fylgja þurfi hlutlægri en ekki huglægri túlkun. Ekki þurfi að vera um hreina orðatúlkun að ræða heldur skuli horft til merkingar og samhengis. Orðalag tvísköttunarsamnings skal þó túlkað samkvæmt venjulegri merkingu skv. ákvæðum a-liðar 3. tölul. 31. gr. samningsins og skal ekki leggja sérstaka merkingu í orð án vissu um samþykki allra samningsaðila sbr. 4. tölul. 31. gr. Mikilvægt er að ákvæði tvísköttunarsamninga séu skilin eins hjá samningsríkjum.[7] Samræming og samkomulag aðildarríkja OECD við gerð athugasemdanna með samningsfyrirmyndinni hafa leitt til þess að þær eru almennt viðurkenndar sem leiðbeining og túlkun við notkun ákvæða gildandi tvísköttunarsamninga. Þannig gefur texti Vínarsamningsins til kynna að gefa skuli athugasemdum samningsfyrirmyndar OECD umtalsvert vægi við túlkun á hugtakinu raunverulegur eigandi. Í 1. mgr. 33. gr. Vínarsamningsins er tiltekið að þegar þjóðréttarsamningar eru gerðir á fleiri en einu tungumáli þá skuli textar hvers tungumáls fyrir sig vera jafngildir, nema sérstaklega hafi verið tilgreint að annar textinn skuli vera ráðandi ef til ágreinings kemur. Mismunandi tungumálaskilningur á hugtakinu styrkir þörfina fyrir alþjóðlega skilgreiningu þess. Með samanburði á texta tvísköttunarsamninga sem gerðir eru á mörgum tungumálum má sjá að orðin „beneficial owner" eru ávallt notuð í enskum texta. Skilningur hugtaksins getur verið mismunandi eftir því hvernig lagaumhverfi er í viðkomandi ríkjum eða menningu ríkis. Sem dæmi er hugtakið „bénéficaiaire effectif" notað í frönskum textum þeirra tvísköttunarsamninga sem Kanada hefur gert og útleggst hugtakið þá sem raunverulegur eða sannur rétthafi.[8] Mismunandi skilningur á hugtakinu hefur án efa verið ráðandi þáttur í því að Fjármálaráðuneytið ákvað að hætta að kalla hugtakið „raunverulegur rétthafi", sbr. tvísköttunarsamningur Íslands við Frakkland frá 1992, og notar núna orðalagið „raunverulegur eigandi".

Horft var til samningsfyrirmyndar OECD í dómi Hæstaréttar frá 20. september 2007 (mál 523/2006) í máli Impregilo SpA, útibú á Íslandi, gegn íslenska ríkinu. Atriði til úrlausnar var metið með því að útbúa próf sem byggði alfarið á samningsfyrirmynd OECD. Þetta próf leiddi svo til þeirrar niðurstöðu að kröfu stefnanda var hafnað. Þó svo að þetta hafi verið niðurstaða Hæstaréttar Íslands er ekki hægt að fullyrða að samningsfyrirmynd OECD og athugasemdir hennar njóti alls staðar sömu stöðu sem túlkunargagn. Samningsfyrirmynd OECD er ekki alþjóðleg með sama hætti og Vínarsamningurinn og er ekki skuldbindandi að þjóðarrétti. Engu að síður er almennt talið að athugasemdir með samningsfyrirmynd OECD hafi vægi við túlkun þeirra tvísköttunarsamninga sem byggja á henni, enda skulu þjóðréttarsamningar túlkaðir í góðri trú í samræmi við almenna merkingu hugtaka í samhengi og í ljósi markmiða og tilgangs þeirra, sbr. 1. mgr. 31. gr. Vínarsamningsins. Þó svo að Ísland sé ekki aðili að Vínarsamningnum um þjóðréttarsamninga má þannig ætla að horft yrði til hans ef upp kæmu ágreiningsmál hér á landi um túlkun tvísköttunarsamnings.

Þó svo að hugtakið hafi ekki verið skýrt í meginmáli samningsfyrirmyndar OECD þá er í einstökum tvísköttunarsamningum að finna slíka skilgreiningu, t.d. í nokkrum samningum sem Þýskaland hefur gert, m.a. í tvísköttunarsamningi Þýskalands og Ítalíu. Í sumum ríkjum hefur skilgreiningu á hugtakinu verið bætt í skattalög, t.d. í Hollandi. Í sumum ríkjum er mat á því hver teljist raunverulegur eigandi eingöngu af lögfræðilegum toga og ber þá að meta réttindi til raunverulegs eignarhalds án tilvísunar til efnahagslegra verðmæta þeirra réttinda. Í slíkum tilvikum teljast yfirráð yfir tekjunum skipta höfuðmáli. Í ríkjum Evrópusambandsins (ESB) hefur því verið haldið fram að lög sambandsins ráði ef skilgreiningu er ekki að finna á hugtaki í tvísköttunarsamningi. Í tilskipun ESB um vexti og sparnað (e. Interest Savings Directive) kemur fram að „raun-

---

5 Í úrskurði yfirskattanefndar nr. 13/2001 vísaði nefndin m.a. til athugasemda við 10. gr. samningsfyrirmyndar OECD til rökstuðnings niðurstöðu sinnar. Í þessum úrskurði var til úrlausnar bindandi álit ríkisskattstjóra á greiðslu arðs frá dönsku félagi sem stofnsett væri á Íslandi á grundvelli þágildandi lagaákvæða um alþjóðleg viðskiptafélög, til félags í Danmörku. Ríkisskattstjóri hafði ályktað að félagið í Danmörku væri í raun gegnumstreymisfyrirtæki (e. conduit company), þ.e. aðili sem hefur það eina verkefni að taka við fjármagni og afhenda það áfram til annars aðila. Félagið í Danmörku væri þannig ekki raunverulegur eigandi arðgreiðslunnar. Féllst yfirskattanefnd á með kæranda að arðgreiðslur frá alþjóðlega viðskiptafélaginu á Íslandi til danska móðurfélagsins væru undanþegnar skattlagningu á Íslandi. Til rökstuðnings kom fram að efni tvísköttunarsamnings Norðurlanda, að teknu tilliti til þágildandi athugasemda við samningsfyrirmynd OECD, girti ekki fyrir undanþágu frá skattskyldu á Íslandi við þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar voru. Ákvæði um alþjóðleg viðskiptafélög voru felld úr íslenskum lögum um tekjuskatt á árinu 2003 þar sem slík ákvæði voru talin óþörf. Tvísköttunarsamningur ríkisstjórna Norðurlanda var fullgiltur á árinu 1997. Verður því að telja að yfirskattanefnd hafi litið svo á að ákvæði um raunverulegan eiganda ágóðahluta í 10. gr. samningsins hindruðu ekki að löglega stofnsettur aðili í Danmörku gæti talist raunverulegur eigandi ágóðahlutans óháð því hver hefði rétt til að nýta og njóta ágóðahlutans.

6 Eric C.C.M. Kemmeren: „Preface to Articles 10 to 12, bls. 716-718.

7 Ásmundur Vilhjálmsson: „Gerð og túlkun tvísköttunarsamninga", bls. 140 og 145.

8 Eric C.C.M. Kemmeren: „Preface to Articles 10 to 12", bls. 718.

verulegur eigandi“ sé sá einstaklingur sem taki við vöxtum nema hann sanni að vextirnir hafi ekki verið mótteknir honum til ábata. Í tilskipun um vexti og þóknanir (e. Interest and Royalty Directive) kemur fram að fyrirtæki skuli teljast raunverulegur eigandi vaxta og þóknana ef þær greiðslur eru því til ábata og ekki hluti af starfsemi fjárhaldsaðila í umboði annars einstaklings. Samkvæmt þessu teljast aðilar sem eingöngu taka við greiðslum fyrir hönd annars aðila og milliliðir sem taka við tekjum í eigin nafni en til ábata fyrir annan aðila ekki vera raunverulegu eigendur umræddra tekna.[9] Þessar tilskipanir ESB komu fram nokkrum árum eftir að hugtakinu var bætt í samningsfyrirmynd OECD. Ákvæðin um „til eigin ábata“ í tilskipunum ESB eru að einhverju leyti frábrugðin skilgreiningu um raunverulegan eiganda í athugasemdum OECD fyrirmyndarinnar þar sem áherslan er á rétt til að „nýta og njóta“. Færð hafa verið rök fyrir því að hvorug umræddra tilskipana ESB nægi til að skilgreina raunverulegan eiganda skv. samningsfyrirmynd OECD. Í dómum og úrskurðum í málum sem fjallað verður um síðar má sjá að í framkvæmd fær hugtakið almennt alþjóðlega merkingu óháð landsrétti. Frávik frá þessu er þó að finna í dómum í málum Royal Dutch Oil, Indofood, Prévost og Real Madrid þar sem alþjóðlega merkingin var látin víkja fyrir landsrétti.

> ”
>
> Til þess að stefnan um aukna auðlegð þjóðar nái fram að ganga milli þjóðríkja hafa ríki komið sér saman um samstarfsvettvang þannig að skattlagning verði sanngjörn

Notkun hugtaksins í dómaframkvæmd

Ein leið til að kanna framkvæmd einstakra ríkja á ákvæðum um raunverulegan eiganda í tvísköttunarsamningum er skoðun á opinberum dómum um efnið og umfjöllun fræðimanna um þessa dóma. Með skoðun á dómum má draga fram heildstæða mynd af framkvæmd ákvæðanna ásamt því að velta upp hugmyndum um framtíð hugtaksins. Gagnaöflun skattyfirvalda er grundvöllur könnunar á því hvort aðili, sem notfærir sér ákvæði tvísköttunarsamnings um undanþágu skattlagningar vegna arðs, vaxta eða þóknunar, sé raunverulegur eigandi teknanna. Skattyfirvöld í einu ríki leita upplýsinga hjá til þess bærum yfirvöldum í öðru ríki um viðtakanda tekna og þurfa að meta hvort viðtakandi sé raunverulegur viðtakandi eða einhvers konar gegnumstreymisfyrirtæki (e. conduit company).

Royal Dutch Oil (1994)

Í dómi Hæstaréttar í Hollandi þann 6. apríl 1994 í máli nr. 28638 var staðfest að kaupandi á rétti til arðs, þ.e. svokölluðum arðsmiða (e. detached dividend coupon), væri raunverulegur eigandi arðsins óháð því hvort hluthafafundur hefði ákveðið fjárhæð arðs áður en viðskiptin með arðsmiðann fóru fram. Skattaðilinn í þessu máli var félag sem stofnsett var á Bretlandi. Starfsemi félagsins fólst í verðbréfasölu og var félagið viðskiptavaki með hlutabréf í Royal Dutch Oil í Hollandi. Árið 1985 keypti skattaðilinn umtalsvert af arðsmiðum (e. dividend coupons) í Royal Dutch Oil frá félagi í Lúxemborg á 80% af skrásettu verði. Arðsmiðarnir endurspegluðu arð sem þegar hafði verið ákveðið að greiða en hafði enn ekki komið til greiðslu. Þegar arðurinn kom loks til greiðslu var hann greiddur skattaðilanum að undanskildum 25% afdráttarskatti í Hollandi. Skattaðilinn lagði fram kröfu til hollenskra skattyfirvalda um endurgreiðslu afdráttarskatts umfram 15% af arðinum í samræmi við ákvæði 10 gr. tvísköttunarsamnings Hollands og Bretlands á þeim grundvelli að raunverulegur eigandi arðsins væri heimilisfastur á Bretlandi. Skattyfirvöld höfnuðu rökum skattaðila og synjuðu kröfu um endurgreiðslu afdráttarskattsins. Skattaðili skaut málinu til dómstóls í Amsterdam og krafðist ógildingar á ákvörðun skattyfirvalda. Dómstóllinn hafnaði kröfunni með sömu rökum og skattyfirvöld. Málinu var því næst skotið til Hæstaréttar Hollands sem snéri við ákvörðun skattyfirvalda. Til rökstuðnings kom fram að ákvæði tvísköttunarsamnings skyldu gilda við arðgreiðslur, jafnvel þó að viðtakandi arðsins væri ekki eigandi hlutabréfanna og jafnvel þó að viðtakandinn hefði greitt eiganda hlutabréfanna fjárhæð sem samsvaraði fjárhæð arðsins. Í máli þessu var skilgreining hugtaksins í almennu réttarfari látin ná til ákvæða tvísköttunarsamnings um raunverulegan eiganda. Af þessum dómi má draga þá ályktun að formlegt eignarhald á þeirri eign sem tekjur stafa frá sé ekki endilega nauðsynlegt þegar metið er hver sé raunverulegur eigandi tekna samkvæmt ákvæðum tvísköttunarsamninga um arðgreiðslur.

Indofood (2006)

Helsta dómsmál um hugtakið „raunverulegur eigandi“ í alþjóðlegum skattarétti var í máli sem kennt er við Indofood. Málið er fyrsta alþjóðlega dómsmálið þar sem fjallað var um raunverulegan eiganda í skilningi athugsemda við samningsfyrirmynd OECD frá 2003. Vandfundinn er dómur um hugtakið „raunverulegur eigandi“ í skattarétti á síðari árum þar sem ekki er vísað til dómsniðurstöðu í Indofood málinu. Er það sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að málið snéri ekki að ákvörðun skattyfirvalda um notkun undanþágu í tvísköttunarsamningi heldur um uppgjör skuldabréfa yfir landamæri.

Málavextir voru þeir að félagið PT Indofood Sukses á Indónesíu hafði stofnað dótturfélag á Máritaníu, Indofood International Finance Ltd., sem var útgefandi skuldabréfa að fjárhæð 280 milljónir bandaríska dollara með 10,375% vöxtum og voru gefin út þann 18. júní 2002. Móðurfélagið á Indónesíu ábyrgðist greiðslu skuldarinnar. Kaupendur skuldabréfanna voru fjöldi alþjóðlegra fjárfesta og ábyrgðist JPMorgan Chase Bank í Bretlandi sölu skuldabréfanna og kom þannig fram sem fjárhaldsaðili. Sama dag lánaði dótturfélagið í Máritaníu sömu fjárhæð með sömu skilmálum til móðurfélagsins í Indónesíu. Í skattalögum í Indónesíu var kveðið á um 20% afdráttarskatt af vaxtagreiðslum úr landi. Í tvísköttunarsamningi Indónesíu og Máritaníu var að finna ákvæði um 10% hámark afdráttar-

9 Eric C.C.M. Kemmeren: „Preface to Articles 10 to 12“, bls. 719.

skatts af vöxtum sem greiddir voru til dótturfélags á Máritaníu sem alfarið var í eigu móðurfélags í Indónesíu. Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna skyldi skuldin greidd þann 18. júní 2007. Ákvæði voru þó um að greiða mætti upp skuldina fyrr ef breytingar yrðu á skattahagræði vegna tvísköttunarsamnings Indónesíu og Máritaníu og að því gefnu að útgefandinn gæti ekki gert sanngjarnar ráðstafanir til að forðast breytingar á skattahagræðinu. Þann 24. júní 2004 sagði Indónesía upp tvísköttunarsamningi við Máritaníu með gildisdagsetningu þann 1. janúar 2005. Um sama leyti þótti Indofood í Indónesíu ákjósanlegt að greiða upp skuldabréfalánið snemma þar sem vextir höfðu lækkað á heimsvísu og lánsfjármagn var auðfengnara.

Þann 20. ágúst 2004 tilkynnti útgefandi skuldabréfanna að hann hygðist greiða upp skuldabréfin í samræmi við ákvæði skilmála um breytingar á skattahagræði og skyldi uppgreiðsludagur vera þann 29. desember 2004. Þann 22. nóvember 2004 tilkynnti bankinn, sem ábyrgðist greiðslu skuldabréfsins, að hann neitaði að fallast á uppgreiðsluna vegna þess að útgefandinn hefði ekki gert sanngjarnar ráðstafanir til að forðast breytingar á skattahagræðinu. Til rökstuðnings fullyrti bankinn að dótturfélagið hefði getað stofnað millifélag í Hollandi, Lúxemborg eða Bretlandi milli sín og móðurfélagsins. Sýnu best væri að stofna slíkt millifélag í Hollandi og nýta þannig ákvæði um 10% afdráttarskatta í tvísköttunarsamningi Indónesíu og Hollands. Þar sem bankinn neitaði að taka við uppgreiðslu skuldabréfsins ákvað Indofood International Finance Ltd. að stefna JPMorgan Chase Bank.

Niðurstaða lægra dómstigs var að millifélag í Hollandi gæti verið raunverulegur eigandi með sömu rökum og félag í Máritaníu hefði verið við upphaflegu útgáfu skuldabréfanna. Indofood skaut málinu til áfrýjunardómstóls. Niðurstaða áfrýjunardómsins var að þær ráðstafanir sem stefndi lagði til væru ekki sanngjarnar. Leitaði dómarinn m.a. álits ríkisskattstjóra Indónesíu um hvort millifélag í Hollandi gæti talist raunverulegur eigandi vaxtateknanna. Samkvæmt áliti ríkisskattstjórans myndi slíkt millifélag í Hollandi ekki teljast raunverulegur viðtakandi vaxtatekna frá móðurfélaginu á Indónesíu í skilningi 2. mgr. 11. gr. tvísköttunarsamnings Indónesíu og Hollands. Hugtakið „raunverulegur eigandi“ ætti að fá alþjóðlega fjárhaldslega merkingu (e. international fiscal meaning) og ætti því ekki að draga ályktanir um hugtakið út frá landsrétti tiltekins ríkis. Orðalag dómsins um að skilgreining á raunverulegum eiganda skyldi byggjast á alþjóðlegri fjárhagslegri merkingu, byggðist í raun á svari ríkisskattstjóra Indónesíu. Engu að síður taldi dómurinn að réttur til að nota og hafa beinan ábata af vaxtatekjunum byggðist á alþjóðlegri fjárhagslegri merkingu en ekki á landsrétti Indónesíu.

Niðurstaða dómsins var að túlkun samningsfyrirmyndarinnar ætti að gilda, þ.e. að skoða skyldi ferlið heildstætt en ekki þröngt, m.a. það markmið samningsfyrirmyndarinnar að hindra undanskot skatta. Horfa skyldi á efni umfram form. Féllst dómurinn því á kröfu Indofood um að fá að greiða skuldabréfin upp snemma.

Bank of Scotland (2006)

Í máli franska stjórnsýsludómstólsins þann 29. desember 2006 í skattamáli nr. 283314 var tekin til úrlausnar krafa Bank of Scotland um að bankinn teldist vera raunverulegur eigandi arðs sem greiddur var frá frönsku dótturfélagi til móðurfélags í Bandaríkjunum. Bankinn hafði keypt réttindi tengd sérstökum hlutabréfum í franska dótturfélaginu. Franska félagið hafði gefið þessi hlutabréf út sérstaklega í þessum tilgangi. Greiðsla fyrir hlutabréfin fór fram með lánveitingu frá bandaríska félaginu til bankans og greiddi bankinn vexti af láninu með arðinum af hlutabréfunum í franska félaginu. Franska félagið hélt eftir afdráttarskatti af arðgreiðslunni til bankans. Bankinn sótti svo um endurgreiðslu afdráttarskattsins í Frakklandi á grundvelli ákvæða tvísköttunarsamnings Bretlands og Frakklands.

Frönsk skattyfirvöld héldu því fram að tilgangur þessarar fléttu hefði verið að ná fram hagsmunum af tvísköttunarsamningi sem samræmdust ekki tilgangi samningsins. Bankinn tók nær enga áhættu í þessum viðskiptum skv. skoðun á skilmálum viðskiptabréfanna. Engin ákvæði voru um að einungis raunverulegur eigandi mætti nýta ákvæði um arð í umræddum tvísköttunarsamningi. Niðurstaða franskra skattyfirvalda byggðist á því að um tæknileg undanskot væri að ræða skv. ákvæðum í frönskum skattalögum. Bankinn væri ekki raunverulegur viðtakandi arðsins. Skattyfirvöld synjuðu bankanum því um endurgreiðslu afdráttarskattsins. Franski stjórnsýsludómstóllinn staðfesti þannig niðurstöðu skattyfirvalda. Hér er skýrt dæmi um að horft hafi verið til efnis umfram form við ákvörðun um hver raunverulegi eigandinn er.

Real Madrid F.C. (2006)

Í fimm sambærilegum dómum áfrýjunardómstóls í Madrid í máli knattspyrnufélagsins Real Madrid F.C. gegn skatteftirliti Spánar, var til úrlausnar hvort þóknanagreiðslur félagsins til aðila í Ungverjalandi, vegna réttinda til að nýta ímynd leikmanna félagsins, væru undanþegnar skattlagningu á Spáni á grundvelli tvísköttunarsamnings Spánar og Ungverjalands. Greiðslurnar voru í raun greiðsla fyrir höfundarrétt sem leikmenn áttu á nafni sínu, ýmist sjálfir eða í formi einhvers konar félags. Var um vel þekkta og jafnvel heimsfræga knattspyrnumenn að ræða. Ungverski aðilinn millifærði þóknunina, að frádregnum minniháttar kostnaði, til aðila í Hollandi og á Kýpur. Notkun á milliliðum í Ungverjalandi var talin hafa það skýlausa markmið að nýta vel þekkta leið til að koma þóknunum fyrir höfundarrétt frá skattlagningu með heimild í tvísköttunarsamningi Spánar og Ungverjalands. Slíkar þóknanir voru samkvæmt samningnum undanþegnar afdráttarskatti á Spáni. Í öllum málunum var aðal ágreiningsefnið hvort ungversku milliliðirnir gætu talist raunverulegur eigandi í skilningi umræddu tvísköttunarsamnings frá 1984.

Fyrir dómi krafðist knattspyrnufélagið þess að úrskurður skatteftirlitsins yrði ógiltur. Taldi félagið að málatilbúnaður skattyfirvalda væri reistur á veikum grunni þar sem skattyfirvöld hefðu látið undir höfuð leggjast að kanna hvort ungverski milliliðurinn væri lögformlegur eigandi þóknananna. Áframsending greiðslnanna til þriðja aðila ein og sér útilokaði ekki að ungverski aðilinn væri raunverulegur eigandi þóknananna.

Í umfjöllun dómsins í þessum málum var horft til ákvæða um þóknanir í 12. gr. tvísköttunarsamnings Spánar og Ungverjalands. Tiltók dómurinn að aðal tilgangur ákvæðis um raunverulegan eiganda væri að koma í veg fyrir svokallað „Treaty shopping“, þ.e. þegar farið er með greiðslur í gegnum ótengt ríki með það eina markmið að ná fram hagræði af tvísköttunarsamningi. Hugtakið raunverulegur eigandi hafi óháða alþjóðlega merkingu. Var vísað til ákvæða 2. mgr. 3. gr. tvísköttunarsamningsins og taldi dómurinn að hér væri um að ræða tilvik þar sem ekki skyldi horfa á skilgreiningu hugtaksins um raunverulegan eiganda í landsrétti. Útbjó dómurinn nokkurs konar próf um tilgang viðskiptanna og jafnaði það próf við hugtakið um raunverulegan

eiganda. Ályktaði dómurinn að ef viðskiptalegar ástæður væru fyrir millilið milli greiðanda og lokaviðtakanda, aðrar en sniðganga afdráttarskatta á Spáni, þá gæti milliliðurinn talist raunverulegur eigandi, annars ekki. Dómurinn tók ekki afstöðu til andmæla um að ungverski milliliðurinn væri lögformlegur eigandi þóknananna heldur ályktaði að svo gæti ekki verið þar sem umsvifalaus áframsending þóknananna gæfi til kynna að engin slík yfirráð væru fyrir hendi. Niðurstaða dómsins var að úrskurðir skattyfirvalda voru staðfestir.

Í þessum dómum kemur fram að spænsk skattyfirvöld og dómstólar skilgreina ákvæði um raunverulegt eignarhald í tvísköttunarsamningum sem tæki til að koma í veg fyrir skattundanskot. Í rökstuðningi dómsins var horft til efnis umfram form.

MIL (Investments) S.A. (2007)

Í máli þessu var til úrlausnar hvort skattlagning á söluhagnaði hlutabréfa skyldi fara fram í Kanada eða hvort skattlagningarrétturinn væri í Lúxemborg. Til úrlausnar voru ákvæði 13. gr. tvísköttunarsamnings Kanada og Lúxemborgar. Félagið MIL hugðist komast hjá skattlagningu söluhagnaðar hlutabréfa í félaginu Diamond Fields Resources Ltd. og innlausnar uppsafnaðs hagnaðar við flutning MIL frá Kanada til Lúxemborgar. Niðurstaða dómsins var að flutningur MIL frá Kanada til Lúxemborgar teldist hvorki vera misnotkun á kanadískum lögum né tvísköttunarsamningi Kanada og Lúxemborgar. Áfrýjun stjórnvalda á niðurstöðu skattadómstóls í máli þessu var því vísað frá. Niðurstaðan var því að félaginu hefði verið heimilt að flytja starfsemi sína á milli skattumdæma án þess að það teldist vera svokallað „Treaty shopping“. Í stuttu máli má segja að áfrýjunardómstóllinn hafi ákveðið að almenna kanadíska skattasniðgöngureglan ætti ekki við þrátt fyrir að augljóslega væri verið að fara með greiðslur í gegnum ótengd ríki með það að markmiði að ná hagræði af tvísköttunarsamningi.

Impreglio (2007)

Í áðurgreindum dómi Hæstaréttar í máli Impregilo SpA, útibú á Íslandi, gegn íslenska ríkinu var til úrlausnar hvort íslensku útibúi erlends félags bæri skylda til að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda af launum starfsmanna portúgalskra starfsmannaleiga. Var m.a. til úrlausnar hver raunverulegi vinnuveitandi starfsmannanna væri í skilningi 2. mgr. 15. gr. samningsfyrirmyndar OECD, þ.e. „hvernig haga skal skattlagningu launa starfsmanna sem heimilisfastir eru í öðru samningsríkinu og ráðnir eru af starfsmannaleigu í því ríki til starfa hjá notanda í hinu ríkinu“. Leit Hæstiréttur til athugasemda vegna 2. mgr. 15. gr. samningsfyrirmyndarinnar og ályktaði að textann bæri að „túlka þannig að vinnuveitandi í þessu sambandi sé sá sem á rétt til þess verks sem til verður við vinnuna og beri á því ábyrgð og áhættu af því“. Horfa þyrfti til boðvalds yfir starfsmönnum, tengsl endurgjalds til starfsmannaleigunnar við greiðslu til starfsmannanna, hver leggi til tæki og tól og hver taki ákvörðun um kröfur til hæfni starfsmanna. Taldist Impreglio uppfylla skilyrði til þess að vera vinnuveitandi starfsmanna portúgölsku starfsmannaleigunnar í merkingu 2. mgr. 15. gr. tvísköttunarsamnings Íslands og Portúgal.

Þó svo að mál þetta fjalli ekki um raunverulegan eiganda í skilningi samningsfyrirmyndar OECD þá þykir mál þetta gefa góða innsýn í það vægi sem samningsfyrirmynd OECD hefur í íslenskri dómaframkvæmd. Hæstiréttur ákvað í dómi þessum próf á því hvort fyrirtæki væri raunverulegur launagreiðandi og byggði alfarið á samningsfyrirmynd OECD. Þetta próf leiddi svo til þeirrar niðurstöðu að portúgölsku starfsmennirnir uppfylltu skilyrði til takmarkaðrar skattskyldu hér á landi skv. ákvæðum 1. mgr. 3. gr. laga um tekjuskatt.

Prévost (2009)

Endurskoðun á skilgreiningum hugtaksins „raunverulegur eigandi“ í samningsfyrirmynd OECD, sem hófst í september 2009, þykir að hluta til mega rekja til dóms í máli Prévost Car Inc. gegn hinu opinbera. Dómurinn var kveðinn upp í Kanada þann 26. febrúar 2009. Í þessum dómi var byggt á athugasemdum um raunverulegan eiganda í samningsfyrirmynd OECD.

Upphaf þessa máls var ákvörðun skattyfirvalda í Kanada um að félaginu Prévost Car Inc. væri ekki heimilt að nýta ákvæði um 5% afdráttarskatt af arðgreiðslu til móðurfélags, Prévost Holding B.V. í Hollandi á grundvelli tvísköttunarsamnings Kanada og Hollands, þar sem eigendur móðurfélagsins voru félögin Volvo Bussar Corporation, sem heimilisfast var í Svíþjóð, og Henlys Group plc, heimilisfast á Bretlandi. Raunverulegu eigendur arðsins væru því aðilar í Svíþjóð og Bretlandi. Afdráttarskattur af arðgreiðslum úr landi var 25% skv. landsrétti. Í þessu tilviki skyldi afdráttarskattur vera 15% vegna greiðslna til Svíþjóðar á grundvelli tvísköttunarsamnings Kanada og Svíþjóðar og 10% vegna greiðslna til Bretlands skv. tvísköttunarsamningi Kanada og Bretlands. Niðurstöðu skattyfirvalda var skotið til skattadómstóls í Kanada. Skattadómstóllinn kvað upp þann úrskurð að raunverulegur eigandi arðsins væri hollenska félagið Prévost Holding B.V. Í forsendum dóms skattadómstólsins var þróað eins konar próf til að finna raunverulegan eiganda. Komst dómarinn að því að það væru fjórir meginþættir sem þyrfti að skoða og greina og fjallaði um þá í 100. mgr. úrskurðarins. Þessir þættir voru móttaka arðsins (e. the person who receives the dividends), réttur til að nota og njóta (e. use and enjoyment), áhætta (e. risk) og yfirráð (e. control). Þessir þættir voru skoðaðir hver fyrir sig og síðan var lagt heildstætt mat á fyrirkomulag arðgreiðslunnar. Horft var til þess hvort fjármagn hefði eingöngu streymt í gegnum skráða eigandann í Hollandi eða hvort það hefði raunverulega verið nýtt í þágu hins skráða eiganda.

Saksóknari skaut málinu til áfrýjunardómstóls. Í niðurstöðu áfrýjunardómstólsins fjallaði dómarinn um skilgreininguna á hugtakinu um raunverulegan eiganda. Tiltók hann að í samningsfyrirmynd OECD frá 1977, í tvísköttunarsamningi Kanada og Hollands og í kanadískum skattalögum væri ekki að finna útkljáða skilgreiningu á hugtakinu. Kvaðst dómarinn hafa skoðað skilgreiningu hugtaksins í almennu málfari, tæknilegu inntaki, fordæmum, lögum sjálfstjórnarsvæðisins Québec, hollenskum lögum og alþjóðalögum. Horft var til fordæmis í máli MIL (Investments) S.A. og talið að frávísun áfrýjunardómstóls í því máli hefði ekki byggst á skilgreiningum á hugtakinu. Jafnframt skoðaði dómarinn athugasemdirnar við samningsfyrirmynd OECD frá 1977 með viðbótum frá 2003, en tvísköttunarsamningur Kanada og Hollands kom til framkvæmda þann 27. nóvember 1986 og byggðist á samningsfyrirmynd OECD frá 1977. Að auki leitaði hann til sérfróðra aðila. Niðurstaða dómarans var að bæði í fordæmarétti og almennum rétti teldist raunverulegur eigandi tekjuberandi eignar vera sá aðili sem ætti rétt til að taka við tekjum af eigninni. Raunverulegi eigandinn væri sá sem tæki við tekjunum og tekur við áhættu og stjórnun á tekjunum. Staðfesti dómarinn þannig forsendur prófs um

raunverulegan eiganda sem fram komu í niðurstöðu skattadómstólsins. Vísaði dómarinn til hins áfrýjaða skattadóms sem taldi ekki viðeigandi að horfa gegnum hulu fyrirtækisins (e. pierce the corporate veil) nema í þeim tilvikum þegar fyrirtækið væri hreint gegnumstreymisfyrirtæki sem ekkert ákvörðunarfrelsi hefði um ráðstöfun tekna sinna. Hollenska félagið væri ekki gegnumstreymisfyrirtæki í þessum skilningi. Kröfu hins opinbera var því hafnað.

Niðurstaða Prévost málsins gaf til kynna að kanadísk réttarmeðferð styddist ekki í öllum tilvikum við „efni umfram form". Í umfjöllun nefndar kanadíska dómsmálaráðuneytisins um endurskoðun athugasemda um raunverulegan eiganda í samningsfyrirmynd OECD á árinu 2011 var að finna réttlætingu fyrir kröfu kanadískra yfirvalda í Prévost málinu. Var rakið að hluthafasamningur milli Volvo og Henlys gerði ráð fyrir að 80% af arðstekjum hollenska félagsins og dótturfélaga þess yrði úthlutað til eigendanna í formi arðs. Því hefði arðgreiðsla kanadíska dótturfélagsins verið endurmetin með þeim rökum að hollenska móðurfélagið hefði ekki verið raunverulegi eigandi arðsins. Taldi nefndin að rökstuðningur í dómi í Indofood málinu væri eini viðeigandi rökstuðningurinn við skilgreiningu hugtaksins við beitingu ákvæða tvísköttunarsamnings.

Skattlagning á Íslandi vegna flutnings hlutafélags milli ríkja (2010)

Í úrskurði yfirskattanefndar nr. 11/2010 var til úrlausnar ágreiningur um úrskurð ríkisskattstjóra um að færa skattaðila, sem var einstaklingur, til tekna söluhagnað vegna sölu hlutabréfa í félagi á Bresku Jómfrúreyjunum til félags í Lúxemborg. Um var að ræða flutning á félagi frá Bresku Jómfrúreyjunum til Lúxemborgar og taldi ríkisskattstjóri það jafngilda slitum á félaginu á fyrrgreinda staðnum og stofnun nýs félags á síðarnefnda staðnum. Skattaðilinn var eigandi að móðurfélagi umræddsfélags og var móðurfélagið staðsett á Kýpur. Horfði ríkisskattstjóri heildstætt á viðskiptin með vísan til sjónarmiða um skattsniðgöngu í 1. mgr. 57. gr. laga um tekjuskatt og leit svo á að skattaðilinn væri raunverulegur eigandi félagsins á Bresku Jómfrúreyjunum. Hann hefði þannig í raun selt eignarhluta sinn í því félagi til nýja félagsins í Lúxemborg. Væri því tilefni til skattlagningar söluhagnaðarins í samræmi við ákvæði 18. gr. sömu laga. Stofn skattaðila til fjármagnstekjuskatts var hækkaður um rúma 6 milljarða króna auk 25% álags skv. 2. mgr. 108. gr. sömu laga.

Í kæru til yfirskattanefndar kom fram að skattaðilinn taldi umræddan flutning félags milli ríkja ekki geta verið andlag skattlagningar. Þá taldi skattaðilinn að málinu væri ranglega beint gegn sér. Ályktanir ríkisskattstjóra um skattsniðgöngu stæðust þannig ekki. Um hafi verið að ræða aðgerðir utan lögsögu íslensks skattaréttar.

Í niðurstöðu yfirskattanefndar var farið nánar í gögn að baki úrskurði ríkisskattstjóra. Í gögnum málsins lágu fyrir samþykktir hlutafélagsins á Bresku Jómfrúreyjunum um niðurlagningu félagsins og samþykktir um stofnun hlutafélagsins í Lúxemborg. Yrði því að „virða þá ráðstöfun sem sölu og ákvarða söluhagnað". Jafnframt var ákvörðun um álagsbeitingu staðfest.

> ”
>
> Hæstiréttur ákvað í dómi þessum próf á því hvort fyrirtæki væri raunverulegur launagreiðandi og byggði alfarið á samningsfyrirmynd OECD

Mál þetta varðaði söluhagnað hlutabréfa og er um margt líkt kanadíska MIL málinu sem fjallað var um hér að framan. Niðurstaðan er þó allt önnur. Yfirskattanefnd staðfestir þá aðferð ríkisskattstjóra að horfa skuli á málið heildstætt og vítt og að efni máls skuli skoðað umfram form þess. Í kanadíska málinu var horft þröngt á tiltekna aðgerð og form þeirrar aðgerðar talið vega þyngra en efni máls.

Afdráttarskattur í Danmörku (2012)

Í dómi skattadómstóls Danmerkur þann 16. desember 2011, sem birtur var þann 13. janúar 2012, komst dómurinn að því að stefnanda, sem var félag nefnt Danmark ApS í opinberum skjölum, bæri ekki skylda til að halda eftir afdráttarskatti (staðgreiðslu tekjuskatts) vegna arðgreiðslu til móðurfélags á Kýpur. Í framhaldi af endurskoðun danskra skattyfirvalda á skattskilum félagsins var það úrskurður skattyfirvalda að undanþága frá afdráttarskatti á þeim grundvelli að skattskylda arðgreiðslunnar væri á Kýpur ætti ekki við þar sem raunverulegur eigandi teknanna væri móðurfélag þess félags á Bermúda. Enginn tvísköttunarsamningur var milli Danmerkur og Bermúda. Var félaginu gert að standa skil á afdráttarskattinum í Danmörku.

Í lýsingu málsins kom fram að félagið Danmark ApS hefði verið stofnað í Danmörku á árinu 2000. Stofnandi félagsins og upphaflega móðurfélag þess var félag á Bermúda sem nefnt er Bermuda Ltd. í málsskjölum. Danmark ApS sinnti sölu- og ráðgjafarþjónustu vegna alþjóðlegrar starfsemi Bermuda Ltd. utan Norður Ameríku og Mexíkó. Starfsemi félagsins var stjórnað frá félagi sem nefnt er D Holland BV og var heimilisfast í Hollandi. Árið 2005 stofnaði Bermuda Ltd. félag á Kýpur sem nefnt er Cyprus Ltd. í málsskjölum. Félagið Danmark ApS var selt til Cyprus Ltd. á 90 milljónir evra síðar sama ár. Cyprus Ltd. var þannig orðið að millifélagi milli Bermuda Ltd. og Danmark ApS. Í september 2005 greiddi Danmark ApS arð til Cyprus Ltd að fjárhæð um 566 milljónir danskra króna og aftur í október 2006 að fjárhæð um 92 milljónir danskra króna. Í ársreikningum Cyprus Ltd. vegna umræddra ára kom fram að félagið hafði það eina hlutverk að eiga Danmark ApS. Cyprus Ltd. hafði hvorki starfsstöð né launaða starfsmenn. Tekjur í Cyprus Ltd. voru greiddar beint til Bermuda Ltd. í formi arðs. Fyrir lá að dönsk skattyfirvöld höfðu á árinu 2009 aflað gagna frá til þess bærum yfirvöldum á Bermúda um starfsemi Bermuda Ltd. á grundvelli upplýsingaskiptasamnings sem gerður var fyrr á því ári. Á grundvelli þessara gagna lá fyrir að öll starfsemi við sölu á þjónustu og vörum félagsins utan Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó væri skipulögð á Bermúda.

Í tvísköttunarsamningi Danmerkur og Kýpur frá 26. maí 1981 voru ákvæði um að arðgreiðslur frá dönsku félagi til félags á Kýpur teldust skattskyldar þar ef móttakandi arðsins væri réttmæti eigandinn (d. såfremt modtageren er udbyttets retmæssige ejer). Vísuðu skattyfirvöld til þess að í samningsfyrirmynd OECD frá 1977, sem umræddur tvísköttunarsamningur

byggðist á, hefði ekki verið að finna skilgreiningar á ákvæði um raunverulegan eiganda í 10. gr. þar sem fjallað var um arðgreiðslu. Síðari tíma athugasemdir með samningsfyrirmyndinni bæru þó með sér skýringar á því hvernig ákvarða bæri réttmætan eiganda. Cyprus Ltd. væri í skilningi þeirra athugasemda gegnumstreymisfyrirtæki og ætti því ekki rétt til lausnar frá skattlagningu í Danmörku á grundvelli 10. gr. gildandi tvísköttunarsamnings. Litu dönsk skattyfirvöld svo á að það væri undir Danmark ApS komið að halda eftir afdráttarskatti þar sem því félagi hafi verið ljóst að tilgangur Cyprus Ltd. hafi ekki verið annar en að vera gegnumstreymisfyrirtæki.

Í umfjöllun dómsins voru skoðuð fordæmi í dönskum rétti vegna greiðslna vaxta frá dönsku félagi gegnum félag á Jersey til félags í Svíþjóð þar sem niðurstaðan var að danska félaginu bar að halda eftir afdráttarskatti af vöxtunum. Þá var fjallað um fordæmið um skattskyldu arðgreiðslna í Prévost málinu og um skattskyldu vaxta í Indofood málinu. Niðurstaða dómsins var að ekki yrði framhjá því litið að Cyprus Ltd. hefði verið löglega stofnað á Kýpur. Orðalag þágildandi ákvæðis 10. gr. tvísköttunarsamnings Danmerkur og Kýpur gæfi til kynna að dönsk skattyfirvöld skyldu gefa eftir skattlagningu arðs sem greiddur væri til móttakanda á Kýpur ef um löglega ráðstöfun væri að ræða. Hvorki í skattalögum né hlutafélagalögum í Danmörku væri heimild fyrir því að horfa framhjá löglegum gerningum þó svo að um misnotkun væri að ræða. Að teknu tilliti til móður- og dótturfélagatilskipunar ESB væri ekki unnt að leggja skyldu til afdráttar skatta á arðgreiðslu frá danska dótturfélaginu til móðurfélags á Kýpur.
Í móður- og dótturfélagatilskipun ESB er að finna ákvæði til að koma í veg fyrir misnotkun tilskipunarinnar. Í þessum dómi taldi dómurinn að tilskipunin næði til arðgreiðslna yfir landamæri. Fram komu athyglisverðar grundvallar hugleiðingar um framkvæmd tilskipunarinnar þar sem í 1. grein tilskipunarinnar kemur fram að grundvöllur notkunar hennar yrði að eiga stoð í landsrétti viðkomandi ríkis. Ákvæði tilskipunarinnar geta þó ekki skilgreint hugtakið „raunverulegur eigandi" og sama má segja um dönsk lagaákvæði sem ætlað er að hindra að fyrirtæki heimilisföst í Danmörku nýti gegnumstreymisfyrirtæki. Þó má leiða líkur að því að dönsk yfirvöld muni almennt nýta hugtakið sem vörn gegn misnotkun á ákvæðum tvísköttunarsamninga í tilvikum sem þessum.

Velcro (2012)

Í máli Velcro Canada Inc. gegn kanadískum stjórnvöldum var tekist á um hvort félagið Velcro Industries BV, sem upphaflega var heimilisfast í Hollandi, teldist raunverulegur eigandi þóknunar sem kanadíska fyrirtækið greiddi fyrir afnot af réttindum til að framleiða Velcro festingar (á íslensku kallað franskir rennilásar). Félagið Velcro Industries BV var flutt frá Hollandi til Hollensku Antilla eyjanna á árinu 1995. Í október sama ár stofnaði Velcro Industries BV dótturfélag í Hollandi að nafni Velcro Holdings BV og afsalaði höfundarréttindum vegna framleiðslu festinganna til þess félags. Á árunum 1996 til 2004 greiddi kanadíska félagið þóknanir til hollenska eignarhaldsfélagsins vegna afnotaréttarins. Hollenska félagið afhenti svo 90% af greiðslunni til félagsins á Hollensku Antilla eyjunum. Velcro Holdings BV í Hollandi hafði tekjur nær eingöngu vegna þóknananna frá félaginu í Kanada og bar innan 30 daga frá móttöku að greiða allar tekjur sínar til félagsins á Hollensku Antilla eyjunum, að frádregnu því sem kanadísk skattyfirvöld kölluðu armslengdar þóknun.[10] Fjárhæð þessarar armslengdar þóknunar byggðist á matsreglum hollenskra skattyfirvalda. Stjórn hollenska eignarhaldsfélagsins hittist eftir þörfum án þess að dagskrá væri gerð eða fundargerðir haldnar. Framkvæmdastjórn eignarhaldsfélagsins var í höndum stjórnunarfyrirtækis sem var í armslengdarfjarlægð. Auk þóknananna hafði hollenska fyrirtækið vaxtatekjur af lánum til dótturfélaga og fékk arð vegna hlutabréfaeignar í dótturfélögum. Umsýslan á þóknunum var stærsti tekju- og gjaldaliður fyrirtækisins. Engra fjárhæða var getið í birtum dómsskjölum. Af gögnum máls verður ekki ráðið hvort hollenska félagið hafi haft skrifstofuhúsnæði eða launaða starfsmenn.

Þóknanir frá aðila í Kanada til aðila í erlendu ríki sættu 25% afdráttarskatti skv. kanadískum skattalögum vegna umræddra ára. Á grundvelli tvísköttunarsamnings Kanada og Hollands mátti þessi afdráttarskattur að hámarki vera 10%. Var það skatthlutfall notað vegna greiðslnanna frá 1996 til 2004 að undanskildu árinu 1999 þegar engum afdráttarskatti var skilað í Kanada. Þegar tekjurnar bárust frá Kanada til Hollands var þeim blandað saman við annað handbært fé hollenska félagsins. Handbæra fénu var yfirleitt skipt í bandaríska dollara, í einstaka tilvikum þó í gjaldmiðil Hollands. Auk greiðslu þóknunar til félagsins á Hollensku Antilla eyjunum var handbæra fénu ráðstafað til greiðslu afborgana rekstrarlána og rekstrar- og stjórnunarkostnaðar. Tekjurnar sem stöldruðu við í Hollandi voru geymdar á vaxtaberandi bankareikningi.
Niðurstaða kanadískra skattyfirvalda var að félagið á Hollensku Antilla eyjunum væri raunverulegur eigandi höfundarréttargreiðslnanna. Voru opinber gjöld Velcro Canada Inc. endurákvörðuð á árinu 2006 og félaginu gert að greiða mismun þeirra afdráttarskatta sem skilað var í ríkissjóð og þeirra skatta sem félagið hefði átt að standa skil á, auk 10% álags.

Dómurinn, sem kveðinn var upp þann 24. febrúar 2012, tók fram oftar en einu sinni að fjárhæðin sem var greidd frá Kanada til Hollands var ekki sú sama og greidd var frá Hollandi til Hollensku Antilla eyjanna. Dómstóllinn hafnaði því mati skattyfirvalda að Velcro Holdings BV hefði verið gegnumstreymisfyrirtæki. Vísað var til niðurstöðunnar í Prévost málinu og þess prófs sem þar var útbúið til að meta hvort um raunverulegt eignarhald væri að ræða. Niðurstaða þessa prófs var helsta ástæða fyrir niðurstöðu dómsins. Þar sem ekki væri óhindrað flæði gegnum hollenska félagið þá teldist hollenska félagið vera raunverulegur eigandi þóknunar fyrir afnot af höfundarréttinum í skilningi 2. mgr. 13. greinar tvísköttunarsamnings Kanada og Hollands. Í því sambandi horfði dómarinn til athugasemda við samningsfyrirmynd OECD frá 1977 og 2003 auk skýrslu OECD frá 1986 um gegnumstreymisfyrirtæki. Hollenska félagið mátti að eigin geðþótta ráðstafa þóknuninni áfram og því gæti dómstóllinn ekki tekið það harðneskjulega skref að horfa í gegnum hulu fyrirtækisins (e. piercing the corporate veil). Niðurstaða dómsins var að endursenda málið til skattaráðuneytisins til endurskoðunar og endurákvörðunar.

Helsta úrlausnarmálið í þessum dómi var hvort hollenska félagið væri raunverulegur eigandi þóknananna eða gegnumstreymisfyrirtæki. Ef horft er á efni máls umfram form þykir ljóst að hollenska fyrirtækið hafði lítið annað hlutverk en að færa greiðslur frá Kanada til Hollensku Antilla eyjanna. Hollenska fyrirtækið átti ekki höfundarréttinn og hafði hvorki

10 Í 2. gr. reglugerðar nr. 1180/2014, um skjölun og milliverðlagningu í viðskiptum tengdra lögaðila, kemur fram að með armslengdarreglu er átt við „að verðlagning í viðskiptum milli tengdra aðila eigi að vera sambærileg því sem almennt gerist í viðskiptum á milli ótengdra aðila undir sambærilegum kringumstæðum".

fengið leyfi fyrir notkun höfundarréttarins né framselt höfundarleyfi til kanadíska fyrirtækisins. Í raun var eina hlutverk hollenska félagsins að millifæra þóknanir. Prófið sem þróað var í Prévost málinu leiddi þó til þeirrar niðurstöðu að hollenska félagið taldist vera raunverulegur eigandi teknanna skv. kanadískum lögum. Þá var enginn skattur greiddur af tekjunum í Hollandi og því hefði almenn skattasniðgönguregla skv. kanadískum skattalögum (e. general anti-avoidance rule) átt að leiða til skattlagningar í Kanada. Þykir því ljóst að kanadísk skattyfirvöld hefðu getað fært betri rök fyrir ákvörðun sinni og fullt tilefni hefði því verið til að áfrýja dóminum til Hæstaréttar Kanada.

Þróun á útfærslu hugtaksins hjá OECD

Eitt helsta viðfangsefni alþjóðlegra skattamála á síðari árum snýr að skilgreiningum á skattlagningarstað tiltekinna tekna að teknu tilliti til raunverulegs eiganda. BEPS áætlun OECD og bandarísku FATCA lögin (e. Foreign Account Tax Compliance Act) hafa það markmið að sporna gegn skattundanskotum með því að skapa skýran grundvöll fyrir skattlagningu tekna þar sem uppruni þeirra er. Færa má rök fyrir því að mismunandi skilningur á hugtakinu hverfi ef einhugur verður um skilgreiningu OECD á hugtakinu. Í flestum tvísköttunarsamningum sem byggðir eru á OECD fyrirmyndinni er að finna ákvæði um upplýsingaskipti. Í 26. gr. samningsfyrirmyndarinnar er fjallað um skipti á upplýsingum milli til þess bærra yfirvalda. Þá hefur OECD að beiðni G20 ríkjanna hrint í framkvæmd staðli um almenna upplýsingagjöf (e. Common Reporting Standard – CRS). Staðall þessi leggur þá skyldu á skattumdæmi að afla upplýsinga frá fjármálastofnunum og skiptast sjálfkrafa á þeim upplýsingum. Ef alþjóðlegar áætlanir um sjálfvirk upplýsingaskipti ganga eftir þá má færa fyrir því rök að skattlagning yfir landamæri verði skýrari og gegnsærri. Þannig yrði unnt að tryggja að undanþága frá afdráttarsköttum í einu ríki myndi ekki ná fram að ganga án skattlagningar í hinu ríkinu.

Í BEPS áætlun OECD er nánast hvergi vikið að hugtakinu „raunverulegur eigandi“. Þykir það gefa vísbendingu um að skilgreining á hugtakinu kunni til framtíðar að breytast. Upphaflegur tilgangur þess að hafa hugtakið í samningsfyrirmynd tvísköttunarsamninga byggðist á því að koma þurfti böndum á útstreymi óskattlagðra tekna vegna arðs, vaxta og þóknunar. Nái BEPS áætlunin fram að ganga eins og til er ætlast þá má leiða að því líkur að fyrri tíma aðgerðir til að hindra að tekjur fari yfir landamæri án skattlagningar verði óþarfar. Engin tímamörk eru um innleiðingu BEPS áætlunarinnar og því þykir ljóst að hún muni ekki leysa ákvæði um raunverulegan eiganda af hólmi á næstu árum.

Að lokum

Samningsfyrirmynd OECD og athugasemdirnar við hana hafa ekki reynst nægjanlegar til að hindra alþjóðleg skattundanskot. Af þeim ákvæðum í skattframkvæmd og dómum sem rakin hafa verið, má sjá að styrkari stoðir samningsfyrirmyndarinnar með aukinni áherslu á hindrun skattundanskota geti aukið skatttekjur þjóðríkja. Sterk samningsfyrirmynd er þó ekki nóg heldur þurfa ákvæði í landsrétti og þá sérstaklega skattalögum aðildarríkja að hafa ákvæði sem kveða á um að byggja megi skattlagningu á raunverulegu efni gerninga fremur en formi þeirra. Þá þurfa hugtök eins og hugtakið um raunverulegan eiganda að byggjast á alþjóðlegri breiðri skilgreiningu við framkvæmd skattlagningar en ekki þröngri lagatæknilegri skilgreiningu.

Breytingar á athugasemdum um raunverulegan eiganda í samningsfyrirmynd OECD á árinu 2014 má að öllum líkindum rekja til óska margra ríkja um að efni samninga skuli fá meira vægi en form þeirra. Í þekktum málum sem tengjast Hollandi, Kanada og Danmörku hefur niðurstaðan verið að horfa til forms umfram efni. Í máli Royal Dutch Oil í Hollandi var skilgreining á raunverulegum eiganda arðs í almennu réttarfari talin ná til ákvæða tvísköttunarsamnings. Í máli MIL (Investments) í Kanada var til úrlausnar hvar skattleggja ætti söluhagnað hlutabréfa og var niðurstaðan að form samninga vægi þyngra en efni. Þó svo að ákvæði um raunverulegan eiganda væru ekki til úrlausnar í því máli þá var vísað til þess í Prévost málinu í Kanada nokkrum árum síðar. Þar var niðurstaða dóms að form samnings um arðgreiðslur gilti umfram efni þeirra. Sama var uppi á teningnum vegna þóknana í Velcro málinu í Kanada, form gilti umfram efni. Í máli fyrir skattadómstól í Danmörku var talið að lögformlega stofnað félag á Kýpur gæti talist raunverulegur eigandi arðs jafnvel þó að arðurinn rynni áfram til félags á Bermúda. Í öðrum þekktum málum hefur niðurstaðan verið að horfa á efni umfram form. Í Indofood málinu var til úrlausnar hver væri raunverulegur eigandi vaxtatekna. Niðurstaða þess máls var að milliliður gæti ekki talist raunverulegur eigandi vaxtatekna. Franski stjórnsýsludómstóllinn staðfesti í Bank of Scotland málinu að arðgreiðsla til milliliðs teldist vera tæknileg undanskot frá skattlagningu. Mál spænskra yfirvalda gegn Real Madrid dró fram að ákvæði um raunverulegt eignarhald þóknana í tvísköttunarsamningum væru tæki til að koma í veg fyrir skattundanskot og þannig skyldi horft á efni máls umfram form þess.

Við þá skattframkvæmd á Íslandi sem hér hefur verið til umfjöllunar þykir sýnt að horft hefur verið til þeirra athugasemda við samningsfyrirmynd OECD sem í gildi voru þegar tvísköttunarsamningur kom til framkvæmda. Impregilo dómurinn frá 2007 gefur góða innsýn í það vægi sem samningsfyrirmynd OECD hefur í íslenskri dómaframkvæmd. Almennt gildi í skattamálum á Íslandi að efni vegi þyngra en form gerninga. Telja verður að einungis sterk rök og mjög sérstakar aðstæður geti leitt til þess að fallist yrði á að form gerninga gengi umfram efni þeirra í skattframkvæmd á Íslandi. ■

Grein þessi er byggð á lokaritgerð höfundar til MA gráðu í skattarétti og reikningsskilum frá Lagadeild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi var Bragi Gunnarsson, hdl. og prófdómari Árni Kolbeinsson.

Helstu heimildir

Ásmundur Vilhjálmsson: „Gerð og túlkun tvísköttunarsamninga“. *Úlfljótur*, 1. tbl. 2007, bls. 121-172.

Eric C.C.M. Kemmeren: „Preface to Articles 10 to 12“. *Klaus Vogel on Double Taxation Conventions*, 1. bindi, Alphen aan den Rijn 2015, bls. 705-774.

Michael Lang o.fl: *Beneficial Ownership: Recent Trends*, Amsterdam 2013.

OECD: „About Base Erosion and Profit Shifting (BEPS)“, http://www.oced.org/ctp/beps-about.htm (skoðað 27. febrúar 2016).

OECD: „Action Plan on Base Erosion and Profit Shifting“, http://www.oecd-ilibrary.org/taxation/action-plan-on-base-erosion-and-profit-shifting_9789264202719-en (skoðað 13. mars 2016).

OECD: „Common Reporting Standard (CRS)“, https://www.oecd.org/tax/automatic-exchange/common-reporting-standard/ (skoðað 23. mars 2016).

OECD: *Model Tax Convention on Income and on Capital 2014 (Full Version)*, París 2015.

Working Party No. 1 on Tax Conventions and Related Questions: *The Meaning of Beneficial Owner*. París 2011.

Working Party No. 1 on Tax Conventions and Related Questions: *The Meaning og Beneficial Ownership: Specific Examples*. París 2010.

Úrskurðir yfirskattanefndar

52-54/2016

Eignatjón vegna myglusvepps

Í úrskurði yfirskattanefndar nr. 52/2016 segir almennt um þetta kæruefni:

„Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal ríkisskattstjóri taka til afgreiðslu umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns ef hann hefur orðið fyrir verulegu eignartjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila. Lögin hafa ekki að geyma nánari ákvæði um ákvörðun ívilnunar við þessar aðstæður. Í reglum ríkisskattstjóra nr. 212/1996, um skilyrði fyrir ívilnun samkvæmt 66. og 80. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, kemur fram að skilyrði fyrir lækkun samkvæmt þessum tölulið séu að um sé að ræða verulegt eignatjón sem ekki hafi fengist bætt úr hendi annars aðila. Með verulegu eignatjóni sé hér átt við að fjárhagslegar afleiðingar tjóns sem verði á eignum manns skerði gjaldþol hans. Ívilnun komi ekki til álita ef mögulegt sé að fá tjónið bætt úr hendi annars aðila.

Samkvæmt forsögu lagaákvæða um ívilnanir í sköttum er ljóst að búið hefur að baki þeim sú hugmynd að réttlætanlegt væri að víkja frá almennum reglum um skattálagningu þar sem gjaldþol skattþegns hefur skerst verulega vegna sérstakra áfalla, svo sem slysa eða veikinda. Upphaflega var það almennt skilyrði fyrir ívilnunum í sköttum að gjaldþol skattþegns hefði skerst verulega vegna þeirra atvika sem gátu gefið tilefni til ívilnana. Það skilyrði er berum orðum áskilið varðandi ívilnanir samkvæmt 1. og 6. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003. Varðandi önnur ívilnunartilefni virðist megináherslan fremur vera á þeim kostnaði sem fallið hefur á skattþegn af tilgreindum orsökum, sbr. m.a. 4. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003. Varðandi forsögu ívilnana og almenn atriði að því er þær snertir má vísa til álits umboðsmanns Alþingis frá 2. febrúar 1996 í málinu nr. 1427/1995 (SUA 1996:485).

Í 49. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt, eru skilgreindar nánar þær aðstæður sem tilefni geta gefið til ívilnana í sköttum, þar á meðal vegna eignatjóns, sbr. c-lið 1. tölul. A-liðar reglugerðarinnar. Er eignatjón þar skilgreint sem „eyðing eða óvenjulegar skemmdir fjármuna, svo sem af völdum eldsvoða, flóða, jarðskjálfta, eldgosa, fjárfellis eða skipsskaða“. Um túlkun þessa reglugerðarákvæðis og þýðingar þess að öðru leyti við mat á því í einstökum tilvikum, hvort skilyrði ívilnunar á grundvelli 5. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003 séu til staðar, þykir hér mega vísa til umfjöllunar í úrskurði yfirskattanefndar nr. 85/2014. Eins og þar kemur fram verður að telja að tjón á eignum af völdum myglusvepps geti eftir atvikum fallið undir hugtakið eignatjón og þannig orðið grundvöllur ívilnunar samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003 séu skilyrði ákvæðisins að öðru leyti uppfyllt. Verður að telja að það eigi einkum við ef grandlaus kaupandi húseignar verður fyrir slíku tjóni sem ekki fæst bætt úr hendi seljanda eða annarra sem í hlut eiga. Getur þá bæði verið um að ræða sérstakt tjón á húseigninni sjálfri vegna myglusvepps og tjón á innanstokksmunum eða öðrum lausafjármunum. Þar sem ívilnunarheimildin er bundin við tjón (skemmdir) á eignum verður þó að telja að óbeinn kostnaður sem kann að falla til, t.d. vegna leiguhúsnæðis ef húseign reynist óíbúðarhæf vegna myglu, komi ekki til álita í þessu sambandi. Þá er aukinheldur ljóst að kostnaður fasteignaeigenda vegna nauðsynlegs viðhalds og endurbóta á fasteign, sem er úr sér gengin vegna aldurs, getur ekki talist til eignatjóns í framangreindum skilningi og fellur utan ívilnunarheimildar 5. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003. Þykir einsýnt að þetta eigi almennt við þegar rekja má rakaskemmdir í húseignum til skorts á nauðsynlegu viðhaldi, sér í lagi þegar um eldri húseignir er að ræða.“

Í úrskurði yfirskattanefndar nr. 52/2016 kom fram að húsnæði kæranda var byggt árið 1966 og hafði kærandi búið í húsnæðinu um áratugaskeið. Í málinu kom fram að miklar skemmdir voru í þakplötu húseignarinnar sem rekja mátti til raka, tæringar og rakaskemmda (sveppagróður) í tréverki í loftum, veggjum og undir skorsteini. Var það niðurstaða

matsmanns að ráðast þyrfti í verulegar endurbætur á eigninni. Var ráðist í endurbæturnar á árinu 2014 og nam heildarkostnaður við endurbæturnar 44 milljónum króna.

Yfirskattanefnd taldi að ekki yrði séð að í þessu tilviki væri um að ræða eignatjón, þ.e. óvenjulegar skemmdir fjármuna, í skilningi 5. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003, sbr. c –lið 1. tölul. A-liðar reglugerðar nr. 245/1963, eins og skýra yrði ákvæði þessi. Yrði þvert á móti að telja að kostnaður kæranda af endurbyggingu fasteignarinnar sé að verulegu leyti vegna endurbóta og viðhalds á eigninni sem ekki geti veitt kæranda rétt til ívilnunar. Í málinu hefði ekkert komið fram um sérstakt tjón kæranda vegna myglusvepps í eigninni, en af umfjöllun í matsgerð dómkvadds matsmanns verði ályktað að mygla í húseigninni hafi fyrst og fremst verið afleiðing þeirra ágalla á þaki eignarinnar sem lýst er í matsgerðinni. Með vísan til þess og þar sem ekki varð séð að önnur ákvæði 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003 gætu tekið til tilviks kæranda var kröfu hans hafnað.

Í úrskurði yfirskattanefndar nr. 53/2016 kom fram að ríkisskattstjóri hafði hafnað beiðni kærenda um ívilnun m.a. með vísan til aldurs fasteignar. Málavextir voru þeir að kærendur keyptu húsnæði sitt árið 2010. Fljótlega fór að bera á heilsuleysi fjölskyldumeðlima og þegar myglusveppur hafði greinst í húsinu í febrúar 2011 flutti fjölskyldan úr því. Kærandi fékk ekki bætur frá fyrri eiganda. Um ástand hússins liggja fyrir skýrslur sérfræðinga og matsgerð dómkvadds matsmanns, sem mat kostnað við úrbætur 2.809.000 kr. Í matsgerð kemur fram að kostnaður við úrbætur væri að langmestu leyti vegna endurnýjunar á jarðvatnslögnum húseignarinnar sem voru úr sér gengnar vegna aldurs, en húsið var byggt árið 1947. Taldi yfirskattanefnd að slíkur kostnaður vegna viðhalds og endurbóta á húseigninni gæti ekki talist til eignatjóns í skilningi 5. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003.

Varðandi staðhæfingar kærenda um tjón á innbúi taldi yfirskattanefnd að þegar frá væri talið vatnstjón sem varð á innbúi og fékkst bætt úr tryggingum, þá yrði ekki ráðið af gögnum að um verulegt óbætt tjón í skilningi 5. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 9072003 hefði verið að ræða. Kröfu kærenda um lækkun tekjuskattsstofns var hafnað.

Í úrskurði yfirskattanefndar nr. 54/2016 voru atvik þau að kærendur höfðu haft leiguafnot af fasteign um skeið, en keyptu eignina í ársbyrjun 2011. Í lok febrúar 2011 kom í ljós að myglusveppur var í húsnæðinu og flutti fjölskyldan þá út. Kærendur riftu kaupunum, en máli gagnvart seljendum lauk með dómsátt þar sem kærendur greiddu seljanda hússins 3 m.kr. gegn því að kaup gengju til baka. Í beiðni sinni um lækkun tekjuskattsstofns töldu kærendur útlagðan kostnað sinn hafa verið 10.180.500 kr., þ.e. framangreind greiðsla 3.000.000 kr., málskostnaður 1.892.480 kr., útlagður kostnaður vegna kaupa á búslóð 3.887.162 kr., hreinsunar- og hlífðarútbúnaður 274.574 kr., sérfræðiúttekt 773.244 kr., húsnæðiskostnaður 294.072 kr. og sjúkrakostnaður 58.968 kr., tjón vegna fargaðrar búslóðar 6.088.900 kr. og vegna vinnutaps 828.000 kr. Yfirskattanefnd taldi að framangreindur kostnaður gæti ekki að öllu leyti talist til eignatjóns í skilningi 5. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003. Það ætti við um framangreinda 3 millj. kr. greiðslu, kostnað af málarekstri, óbeinan kostnað s.s. vegna leigu orlofsíbúðar, læknisþjónustu, sérfræðiúttekta og vinnutaps. Á hinn bóginn féllst nefndin á að tjón vegna skemmda á búslóð af völdum mygluskemmda gæti fallið þar undir. Kærendur höfðu upplýst um förgun búslóðar m.a. með reikningi frá gámaþjónustu og kvittunum um kaup á nýrri. Einnig tók yfirskattanefnd fram að umrætt tjón búslóðar hafi ekki fengist bætt úr hendi annarra. Nefndin taldi að tjón kærenda hefði ekki numið þeim fjárhæðum sem krafist var en mat lækkun á tekjuskattsstofni hæfilega 700.000 kr.

Í úrskurðunum er fjallað um skilyrði fyrir ívilnun í sköttum þegar um tjón vegna myglusvepps er að ræða.

55/2016

Ívilnun - Peningasendingar til fjölskyldu í Víetnam

Skattframtali kæranda fylgdi umsókn um lækkun tekjuskattsstofns vegna foreldra og annarra vandamanna á framfæri kæranda, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Fram kom að fjölskylda kæranda í Víetnam glímdi við fjárhagserfiðleika og hefði kærandi sent fé til að taka þátt í framfærslu aldraðra foreldra sinna og fjölskyldu bróður síns. Kærandi lagði fram gögn til stuðnings umsókninni, kvittanir banka og póstdreifingarfyrirtækja vegna fjórtán millifærslna fjár til Víetnam. Ríkisskattstjóri hafnaði beiðni kæranda um ívilnun. Í niðurstöðu yfirskattanefndar sagði að fyrir lægi að kærandi hefur sent fjölskyldu sinni í Víetnam, þ.e. foreldrum sínum og bróður, fjármuni. Hefði kærandi lagt fram gögn um aðstæður fjölskyldunnar. Engin gögn hefðu þó komið fram í málinu um greiðslu skólagjalda vegna bróðursonar kæranda. Skilyrði ívilnunar vegna framfærslu vandamanna væri að sýnt hefði verið fram á að framfærslufé vandamanns, þ.e. tekjur, bætur og styrkir, standi ekki undir nauðsynlegum útgjöldum vegna framfærslunnar. Í umsókn kæranda um lækkun (RSK 3.05) komi m.a. fram að mágkona kæranda hefði þurft að gangast undir læknisaðgerð á árinu 2012 og til að gera það mögulegt hefði „öll fjölskyldan“ þurft að taka þátt í kostnaði. Ekkert væri þó komið fram um þátttöku annarra fjölskyldumeðlima í umræddum kostnaði. Kærandi hefði ekki gert grein fyrir mati á hæfilegu eða lágmarks framfærslufé í Víetnam og framfærslufé fjölskyldu hennar þar í landi þrátt fyrir áskorun ríkisskattstjóra. Þá hefði kærandi ekki sýnt fram á það með sannanlegum hætti að fjölskylda hennar í Víetnam hefði ekki haft aðrar tekjur til framfærslu sem líta yrði til í þessu sambandi, sbr. áskilnað í reglum ríkisskattstjóra nr. 212/1996. Hefði kærandi látið sitja við almennar staðhæfingar um tekjuleysi í þessu sambandi og um skort á almannatryggingum í Víetnam. Ekki verði talið að fyrrgreind gögn sem fylgdu bréfi kæranda til ríkisskattstjóra staðfesti með fullnægjandi hætti að foreldrar kæranda eða bróðir og fjölskylda hans hafi ekki haft frekari tekjur, bætur eða styrki til eigin framfærslu en sem nam umræddum greiðslum kæranda til þeirra.

Yfirskattanefnd tók því undir með ríkisskattstjóra að kærandi hefði ekki með fram komnum skýringum og gögnum sýnt fram á að skilyrði ívilnunar vegna framfærslu vandamanna samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003, sbr. reglur ríkisskattstjóra nr. 212/1996, væru fyrir hendi í tilviki kæranda. Kröfu kæranda var því hafnað.

Ekki voru lögð fram fullnægjandi gögn til stuðnings ívilnun vegna peningasendinga til fjölskyldu erlendis.

59/2016

Bindandi álit – Tekjufærsla við eftirgjöf skulda

K óskaði bindandi álits ríkisskattstjóra á því álitaefni annars vegar hvort samningur sem K myndi gera við X hf. (banki) um

greiðslu óverulegs hluta kröfu félagsins, t.d. 2-3%, en að eftirstöðvar hennar yrðu felldar niður, hefði í för með sér að K bæri að telja sér til skattskyldra tekna þann hluta kröfunnar sem gefinn væri eftir. Hins vegar laut beiðnin að því hvort nauðasamningur kæranda við kröfuhafa sína á grundvelli laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., sem fæli í sér að samningskröfuhafar fengju greidda fjárhæð sem næmi 2-3% af samningskröfum, hefði í för með sér að kæranda bæri að telja sér til tekna þann hluta samningskrafna sem gefinn væri eftir.

Í bindandi áliti ríkisskattstjóra kom fram að féllu eftirstöðvar skuldar K við X hf. niður gegn greiðslu á óverulegum hluta hennar skyldi telja til skattskyldra tekna þá fjárhæð eftirgjafarinnar sem næmi eignum kæranda og maka hans að frádreginni greiðslu á því tímamarki er eftirgjöfin væri frágengin. Yrði krafan hins vegar felld niður í kjölfar nauðasamnings yrði niðurfelld fjárhæð ekki talin til skattskyldra tekna kæranda.

Yfirskattanefnd taldi að það væri meginskilyrði fyrir skattfrelsi eftirgjafar skuldar, í þeim tilvikum þegar ekki er um að ræða eftirgjöf í tengslum við nauðasamninga eða samninga um greiðsluaðlögun, að sannað væri með fullnægjandi hætti að eignir væru ekki til fyrir skuldinni í heild eða að hluta, sbr. ákvæði 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003 og 3. gr. reglugerðar nr. 534/2009, um skilyrði þess að eftirgjöf skulda manna utan atvinnurekstrar teljist ekki til tekna o.fl. Einhliða ákvörðun kröfuhafa um eftirgjöf skuldar væri þannig ekki nægileg heldur væri þess krafist í reglugerðarákvæðinu að kröfuhafi gæti stutt ákvörðun sína gögnum sem sýndu fram á að til grundvallar eftirgjöf lægi hlutlægt mat á fjárhagsstöðu skuldara sem sýndi að engar eignir væru til fyrir skuldum og aflahæfi væri verulega skert til greiðslu skulda að hluta eða öllu leyti þegar ákvörðun um eftirgjöf væri tekin. Hvað eignastöðu varðaði þætti ljóst að meginatriði í þessu sambandi væru möguleikar skuldareiganda á að leita fullnustu kröfunnar í eignum skuldara eða eftir atvikum annarra er kunna að bera ábyrgð á efndum hennar eftir almennum reglum fjármunaréttar. Þættu ekki standa nein rök til annars en að skilja fyrirvara í 3. gr. reglugerðar nr. 534/2009 varðandi greiðslufærni og fjárhagsstöðu maka skuldara með hliðsjón af þessu þannig að taka bæri tillit til hennar í þeim tilvikum þegar maki bæri ábyrgð á greiðslu skuldar í heild eða að hluta, t.d. sem meðskuldari eða ábyrgðarmaður, eða kröfuhafi getur leitað fullnustu kröfu í eignum maka á öðrum grundvelli, eftir atvikum að undangengnum ráðstöfunum samkvæmt XX. kafla laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Hafa beri í huga í þessu sambandi að hjón bera almennt ekki ábyrgð á fjárskuldbindingum hvors annars, sbr. 67. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Þá þyki orðalag 3. gr. reglugerðar nr. 534/2009 jafnframt vera þessari túlkun til styrktar, enda bendi hljóðan ákvæðisins ekki til þess að markmið þess hafi verið að taka tillit til eigna beggja hjóna án tillits til ábyrgðar hvors um sig í öllum tilvikum.

Bindandi áliti ríkisskattstjóra var því breytt þannig að fallist var á að samningur K og X hf. um eftirgjöf á hluta af skuld K við félagið hafi ekki í för með sér að K bæri að telja sér til tekna fjárhæð eftirgjafarinnar að því marki sem næmi verðmæti eigna maka K á því tímamarki þegar skuldin væri gefin eftir.

Eftirgjöf skulda og tekjufærsla af því tilefni.

71/2014

Endurgreiðslu virðisaukaskatts synjað skv. reikningi vegna þess að seljandi var ekki á skrá

Ríkisskattstjóri byggði ákvörðun sína um að synja kæranda, húsfélagi, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu A á því að virðisaukaskattsnúmer A hefði verið afskráð 30. júní 2014. Sölureikningur A, sem kærandi vísar til, er dagsettur 6. september 2014, og kemur fram í kæru að vinna samkvæmt sölureikningnum hafi verið innt af hendi „seinni hluta sumars 2014“.

Samkvæmt því taldi yfirskattanefnd liggja fyrir að umræddur aðili hafi ekki verið skráður á grunnskrá virðisaukaskatts, sbr. 5. gr. laga nr. 50/1988, á þeim tíma þegar hann seldi kæranda þjónustu samkvæmt fyrirliggjandi sölureikningi. Þættu ákvæði 10. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, sbr. 5. gr. laga nr. 69/2012, vera ótvírætt um það að við þessar aðstæður væri endurgreiðsluréttur ekki til staðar.

Til hliðsjónar vísaði yfirskattanefnd til úrskurðar síns nr. 70/2014, sem birtur er á vef nefndarinnar, og dóms Hæstaréttar Íslands frá 22. mars 2016 í málinu nr. 506/2015 (Vörðuholt ehf. gegn íslenska ríkinu), þar sem til úrlausnar voru ágreiningefni er lutu að því skilyrði innskattsfrádráttar samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988 að seljandi væri „skráður á virðisaukaskattsskrá“ á því tímamarki þegar viðskipti ættu sér stað. Er þar um að ræða hliðstætt skilyrði og hin kærða ákvörðun ríkisskattstjóra í tilviki kæranda var byggð á. Kröfu kæranda var því hafnað.

Ekki er endurgreiddur virðisaukaskattur samkvæmt reikningi frá aðila með lokað virðisaukaskattsnúmer.

95/2016

Bindandi álit - Arður eða laun

Í álitsbeiðni kom fram að meginstarfsemi kæranda, sem er einkahlutafélag, væri fólgin í ráðgjöf og að starfsemin byggðist einkum á útseldri þjónustu lykilstarfsmanna félagsins sem jafnframt væru eigendur þess. Þar sem starfsmennirnir væru eigendur væri vilji til þess að skipta hagnaði af rekstri félagsins með öðrum hætti en einvörðungu á grundvelli eignarhalds á hlutum í því. Væri vilji fyrir því að skapa möguleika á að skipta hagnaði félagsins að hluta til í samræmi við þátttöku hluthafa í að skapa hagnaðinn á grundvelli samþykktra viðmiða þar um. Til að ná framangreindu markmiði hygðist stjórn félagsins leggja fram tillögu um að hlutafé kæranda yrði skipt í tvo flokka, A- og B-flokk. Óráðstafað eigið fé félagsins m.v. árslok myndi tilheyra A-flokki, en frá og með 1. janúar skyldi hagnaður sem næmi tilteknu hlutfalli af EBITDA tilheyra B-flokki og yrði greiddur út sem arður árlega. Hlutfallið yrði ákveðið endanlega á hluthafafundi en yrði að líkindum á bilinu 30 til 45%. Arður í B-flokki myndi ekki skiptast á grundvelli eignarhalds heldur eftir ákvörðun framkvæmdastjóra félagsins á grundvelli reglna, sem hluthafafundur myndi samþykkja. Reglurnar myndu grundvallast á framlagi hluthafa til hagnaðarmyndunar, tekjuöflun fyrir hönd félagsins og fjárbindingu, sölustarfi, verkefnaöflun og ábyrgð á verkefnum, þróunar- og markaðsstarfi, innra starfi og gæðamálum. Arði í A-flokki yrði úthlutað í samræmi við lög þar um. Þá yrðu reglur um úthlutun arðs í B-flokki ekki bundnar við beint vinnuframlag og myndu taka tillit til þátta utan vinnustaðar, t.d. hversu virkir starfsmenn væru í félagsstörfum eða á öðrum vettvangi sem teldist jákvætt fyrir kæranda og markaðsstarf félagsins. Gert væri ráð fyrir að allir hluthafar kæranda samþykktu tillögu um skiptingu hlutafjár í tvo flokka og tilhögun þess. Þá myndi útgreiddur arður í B-flokki ekki skiptast eftir eignarhaldi heldur í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjóra félagsins á grundvelli reglna settum á hluthafafundi.

Þá væri forsenda þessa að kærandi greiddi sanngjörn laun á hverjum tíma sem ekki væru lægri en viðmiðunarlaun skattyfirvalda samkvæmt reglum um reiknað endurgjald. Fór kærandi fram á að ríkisskattstjóri léti í té bindandi álit á því hvort arður greiddur af kæranda til hluthafa í A- og B-flokki teldist tekjur af hlutareign sem skattlagður yrði sem fjármagnstekjur utan rekstrar samkvæmt 3. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 4. tölul. C-liðar 7. gr. og 11. gr. sömu laga, og sem kæranda bæri að halda eftir 20% staðgreiðslu tekjuskatts af, sbr. 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Í bindandi áliti ríkisskattstjóra kom fram að arður sem greiddur væri hluthöfum í A-flokki myndi falla undir að teljast hefðbundin arðgreiðsla samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, enda hefði ekki annað komið fram en að arður í þeim flokki myndi skiptast á hluthafa á grundvelli eignarhalds. Varðandi hluthafa í B-flokki vísaði ríkisskattstjóri til meginreglu um jafnan rétt hluta í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 1. mgr. 12. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, og benti á að ekkert væri því til fyrirstöðu að hlutum í einkahlutafélögum væri skipt upp í flokka. Við þær aðstæður yrði þó að telja að innan sama flokks skyldu vera sömu réttindi fyrir hluthafa. Eins og álitaefnið væri lagt fyrir ríkiskattstjóra væri ljóst að svo væri ekki.

Ríkisskattstjóri tók fram að þau atriði sem kærandi hefði tiltekið að gætu haft áhrif á úthlutun arðs til hluthafa í B-flokki lytu langflest að því að auka hagnað og framlegð kæranda. Af þessum upplýsingum yrði einna helst ráðið að umbuna ætti þeim hluthöfum sem ættu hlutabréf í B-flokki allt eftir því hversu mikið þeir hefðu lagt af mörkum til framgangs og velgengni kæranda og að umbunin væri ekki í hlutfalli við hlutareign þeirra í B-flokki. Þær reglur sem kærandi hygðist leggja til grundvallar umbun til B-hluthafa væru þannig í eðli sínu afkastahvetjandi. Ríkisskattstjóri taldi því að líta yrði á greiðslur til hluthafa í B-flokki sem afkastahvetjandi kaupauka sem skattleggja beri sem staðgreiðsluskyld laun samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga sbr. og lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Umræddar tekjur gætu því ekki í skattalegu tilliti talist arður af hlutareign, sbr. 1. tölul. 11. gr. tekjuskattslaga.

Yfirskattanefnd tók fram í niðurstöðu sinni að hinar umspurðu greiðslur til hluthafa kæranda í B-flokki myndu ekki taka mið af eignarhlut hluthafans í félaginu heldur öðrum þáttum sem fyrst og fremst lytu að árangri af störfum hans hjá kæranda, m.a. með tilliti til langtímahagsmuna félagsins. Þrátt fyrir að greiðslur yrðu ekki bundnar við beint vinnuframlag eða vinnutíma, eins og það væri orðað í kæru til yfirskattanefndar, yrði ekki annað séð en að í eðli sínu væri í öllum meginatriðum um að ræða starfs- og árangurstengdar greiðslur til hluthafa sem í reynd myndu ráðast að miklu leyti af vinnuframlagi og afköstum í starfi í þágu kæranda, en ekki að neinu leyti af eignarhlut í félaginu. Því væri fallist á með ríkisskattstjóra að hinar umdeildu greiðslur hafi mun ríkari einkenni starfstengds og afkastahvetjandi kaupauka, þ.e. launatekna í skilningi 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, heldur en tekna af hlutareign í félaginu, þ.e. arðstekna í skilningi 4. tölul. C-liðar 7. gr. sömu laga, sbr. 1. mgr. 11. gr. laganna. Kröfu kæranda var því hafnað.

Úthlutun úr einkahlutafélagi – arður eða laun.

105-6/2016

Úttektir úr félögum skattlagðar hjá eigendum, sbr. 2. mgr. 11. gr.

Mál þessi eru byggð á rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins. Fjármunir voru færðir eigendum tveggja félaga (kærendur) til tekna vegna ætlaðra óheimilla úthlutana af fjármunum félaganna, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 1. tölul. A-liðar 7. gr., auk 25% álags. Eigendur félaganna færðu fjármuni úr félögunum inn á reikninga sem skráðir voru í eigu félagasamtaka. Félagasamtök þessi höfðu enga starfsemi með höndum og ekkert kemur fram um aðra félagsmenn. Fram kom hjá kærendum að fjármunir félaganna voru færðir inn á reikninga félagasamtakanna til geymslu og ávöxtunar. Síðan tóku kærendur lán hjá félagasamtökunum til að greiða eigin lán. Fram kom hjá eigendum að þeir hefðu ekki getað greitt lán út úr félögunum vegna þess að eigið fé þess var neikvætt. Skýringar kærenda lutu m.a. að því að umræddar ráðstafanir hefðu helgast af hagsmunum vegna skuldamála annars félagsins. Í kæru til yfirskattanefndar var lögð áhersla á að um geymslu fjármuna (fjárvörslu) hafi verið að ræða, en fyrir liggur að engin grein var gerð fyrir hinum umþrættu fjármunum í skattskilum félaganna.

Yfirskattanefnd taldi að byggja yrði á því í skattalegu tilliti að um hafi verið að ræða lánveitingar félaganna til kærenda sem þeim hafi borið að endurgreiða á síðari stigum. Þóttu kærendur ekki hafa sýnt fram á að neinar málefnalegar ástæður hafi búið að baki þeirri ráðstöfun að láta greiðslurnar renna til félagasamtakanna, enda lá fyrir að umrædd félagasamtök höfðu enga starfsemi með höndum og gátu greiðslurnar með engu móti talist hafa verið í þágu þeirra. Taldi yfirskattanefnd að sýnt hefði verið fram á það með rannsókn skattrannsóknarstjóra ríkisins að hinar umþrættu greiðslur tengdust á engan hátt greindum félagasamtökum heldur hafi fyrst og fremst verið til komnar vegna hagsmuna fyrirsvarsmanna félaganna. Var í því sambandi vísað til dóms Hæstaréttar Íslands frá 21. janúar 1999 í málinu nr. 237/1998 (H 1999:158). Kærendur voru stjórnarmenn og framkvæmdastjóri félaganna á þeim tíma sem um ræðir. Af því leiðir að greiðslur félaganna til þeirra voru ekki heimilar að lögum sem lánveitingar til þeirra, enda þykir vafalaust að ekki var um venjuleg viðskiptalán að ræða, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994 og lögskýringargögn með því. Verður því að taka undir með ríkisskattstjóra að um hafi verið að ræða slíka afhendingu verðmæta sem um ræðir í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003. Vegna athugasemda kærenda um endurgreiðslur tók yfirskattanefnd fram að eftir þær breytingar á skattareglum um óheimilar lánveitingar til hluthafa og stjórnenda með lögum nr. 133/2001 er ótvírætt að endurgreiðslur slíkra lána hafa ekki þýðingu varðandi þá skattlagningu sem lögin mæla fyrir um í þessum tilvikum, enda eru ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 133/2001 fortakslaus að þessu leyti, sbr. nú 3. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003. Í því sambandi skiptir heldur ekki máli af hvaða sökum endurgreiðslur fara fram eða með hvaða hætti. Var í því sambandi vísað til dóma Hæstaréttar Íslands frá 6. desember 2012 í málinu nr. 153/2012 og frá 10. mars 2016 í málinu nr. 417/2015. Með vísan til þessa var kröfum kærenda hafnað. Álagsbeiting var staðfest.

Eigendur félags tóku að láni fjármuni félagsins sem geymdir voru á reikningi félagasamtaka. Skattlagt sem óheimil lántaka.

107/2016

Hækkun virðisaukaskattsskyldrar veltu vegna sölu á fiski – Salan var talin til útflutnings

Í úrskurðinum var einnig fjallað um sölu á hráefni (fiskur). Salan var talin til útflutnings og því ekki lagður á virðisaukaskattur. Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988 telst vara sem seld er úr landi, svo og vinna og þjónusta sem veitt er erlendis, ekki til skattskyldrar veltu. Í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 563/1989, um uppgjör, uppgjörstímabil og skil fiskvinnslufyrirtækja, kemur fram að afhending fiskafurða til aðila, sem tekur afurðir þessar í umsýslu- eða umboðssölu úr landi, teljist undanþegin skattskyldri veltu, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Skilyrði fyrir undanþágu þessari séu a) að afurðir séu fluttar beint frá vinnslustöð um borð í millilandafar eða þeim skipað um borð í millilandafar í framhaldi af flutningi frá vinnslustöð, og b) að umboðs- eða umsýslumaður gefi út móttökukvittun vegna afurðanna þar sem því sé lýst yfir að þær séu teknar til sölu úr landi og verði ekki seldar á innanlandsmarkaði. Skjöl þessi skuli varðveita í bókhaldi vinnslustöðvar. Þá skuli umsýslu- eða umboðsmaður við uppgjör viðskiptanna gefa út afreikning, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 501/1989, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila, sbr. nú reglugerð nr. 50/1993, um sama efni, þar sem m.a. komi fram tilvísun í móttökukvittanir þessar. Í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 563/1989 segir að taki umsýslu- eða umboðsmaður afurðirnar í sína vörslu án þess að 1. mgr. eigi við skuli fiskvinnslufyrirtæki innheimta virðisaukaskatt af sölunni eða afhendingunni í samræmi við almennar reglur 1. mgr. 11. gr., sbr. 4. mgr. 13. gr. laga nr. 50/1988. Sala eða afhending frá umsýslu- og umboðsmanni falli í þessu tilviki undir almennar reglur 2. mgr. 11. gr., sbr. 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. laganna.

Ekkert liggur fyrir um að um slíka umsýslu- eða umboðssölu hafi verið að ræða sem um ræðir í reglugerð nr. 563/1989 og að gefnar hafi verið út móttökukvittanir með því efni sem greinir í ákvæði b-liðar 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 563/1989 vegna fiskafurða sem seldar hafi verið á árunum 2010 og 2011, en ákvæði þetta er skýrt og afdráttarlaust um útgáfu slíkra kvittana sem varðveita skuli í bókhaldi vinnslustöðvar. Má og í þessu sambandi vísa til úrskurðar yfirskattanefndar nr. 362/2002. Þá liggur ekkert fyrir um að afurðirnar hafi verið fluttar beint frá vinnslustöð um borð í millilandafar í samræmi við a-lið sama ákvæðis. Í málinu liggur í raun ekkert fyrir um að um sölu úr landi hafi verið að ræða, en sem fyrr greinir verður að vera hægt að styðja sölu úr landi lögboðnum skjölum og gögnum til að heimilt sé að halda viðskiptum utan skattskyldrar veltu. Með vísan til þessa verður að hafna kröfu kæranda varðandi þetta kæruatriði.

Ákvæði um sönnunarskyldu varðandi sölu fiskafurða til útflutnings eru skýr.

109/2016

Vantaldar tekjur - Álagsbeiting

Ríkisskattstjóri lagði fyrir gjaldanda að útskýra greiðslur erlendis frá sem lagðar höfðu verið inn á bankareikning hans á árunum 2012 og 2013 samtals að fjárhæð kr. 17.254.037. Kærandi gaf þá skýringu að um væri að ræða greiðslur fyrir þýðingarvinnu fyrir erlenda aðila. Kærandi lagði fram rekstrarreikning þar sem hann ákvarðaði sér m.a. reiknað endurgjald. Ríkisskattstjóri lagði 25% álag á gjaldstofna kæranda, sbr. 2. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Í kæru til yfirskattanefndar fór kærandi fram á niðurfellingu álags. Í niðurstöðu yfirskattanefndar segir m.a.: „Þegar litið er til þeirra annmarka sem voru á skattskilum kæranda umrædd ár, þar sem skattskyldar tekjur kæranda voru vantaldar um verulegar fjárhæðir, þykja ekki efni til að falla frá beitingu álags í tilviki kæranda, enda þykir hvorki hafa verið sýnt fram á af hálfu kæranda að atvikum sé svo farið að 3. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003 eigi við þannig að fella beri álagið niður né að tilefni sé til að falla frá álagsbeitingu að öðru leyti.“ Kröfu um niðurfellingu álags var því hafnað.

Beiting álags á vantaldar tekjur staðfest.

116/2016

Lífeyrisgreiðslur til aðila sem búsettur er í Kanada

Kærandi, sem er búsettur í Kanada, fékk lífeyrisgreiðslur frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins á árinu 2013. Kærandi bar takmarkaða skattskyldu hér á landi á grundvelli 2. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, vegna umræddra lífeyrisgreiðslna. Samkvæmt 3. mgr. 2. tölul. 70. gr. laga nr. 90/2003 skal tekjuskattur eftirlaunaþega og lífeyrisþega, sem um ræðir í 2. tölul. 3. gr. laganna, reiknast af tekjuskattsstofni samkvæmt 1.-3. tölul. 1. mgr. 66. gr. að teknu tilliti til persónuafsláttar samkvæmt A-lið 67. gr. laganna. Persónuafsláttur skal í þessum tilvikum einungis dreginn frá tekjuskatti af eftirlaunum og lífeyri viðkomandi aðila og skal ónýttum hluta hans einungis ráðstafað til greiðslu á útsvari af sömu tekjum. Við álagningu opinberra gjalda kæranda ber að gæta ákvæða tvísköttunarsamnings milli Íslands og Kanada. Samkvæmt ákvæðum 18. gr. tvísköttunarsamnings milli Íslands og Kanada er ljóst að eftirlauna- og lífeyristekjur geta fallið til skattlagningar í báðum samningsríkjunum. Í 23. gr. samningsins er síðan mælt fyrir um aðferð til að komast hjá tvísköttun hjá hvoru samningslandanna fyrir sig.

Ríkisskattstjóri hagaði skattlagningu lífeyristekna kæranda frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins í samræmi við 3. mgr. 2. tölul. 70. gr. laga nr. 90/2003 að teknu tilliti til ákvæða 2. mgr. 18. gr. tvísköttunarsamningsins, þ.e. með 15% skatthlutfalli tekjuskatts, sbr. a-lið ákvæðisins. Er sú tilhögun skattlagningar kæranda hagfelldari en skattlagning miðað við að kærandi hefði verið heimilisfastur hér á landi, sbr. b-lið umræddsákvæðis tvísköttunarsamningsins. Var kröfu kæranda um endurskoðun álagningarinnar því hafnað.

Skattlagning lífeyrisgreiðslna til aðila sem búsettur er í Kanada.

127/2016

Bætur vegna eignarnáms vatnsréttinda færðar til lækkunar á keyptu íbúðarhúsnæði

Í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru skilyrði fyrir frestun skattlagningar söluhagnaðar af landi bújarða eða ófyrnanlegra náttúruauðæfa á bújörðum. Í ákvæðinu er m.a. áskilið að skattaðili noti hið keypta húsnæði fyrir eigin íbúð í a.m.k. tvö ár eftir kaupdag. Með hliðsjón af því og tilgangi að baki ákvæðinu hafi það verið skýrt svo í skatt- og úrskurðarframkvæmd að almennt hljóti slík endurfjárfesting í íbúðarhúsnæði, sem lagaákvæðið fjalli um að tengjast búskaparlokum. Tók ríkisskattstjóri fram að kærendur hefðu ekki hætt búrekstri og því væru skilyrði til þeirrar

frestunar- og niðurfærsluheimildar sem mælt væri fyrir um í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2003 ekki til staðar.

Úrræði samkvæmt 4. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2003 hafa almennt verið talin tengjast búskaparlokum.

132/2016

Endurákvörðun á skilaskyldri staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingagjaldi af hlunnindum

Ríkisskattstjóri endurákvarðaði starfstengd hlunnindi forstjóra kæranda vegna samninga hans við kæranda um kaup- og sölurétt á hlutabréfum. Byggði ríkisskattstjóri á því að forstjóranum hefðu hlotnast hlunnindi þessi með samningum sem hann hefði gert persónulega og í nafni félags A ehf., sem var í hans eigu, við kæranda í tengslum við kaup á hlutabréfum í kæranda á árunum 2007 og 2008. Ríkisskattstjóri taldi að kæranda hefði borið að standa skil á staðgreiðslu skatts af hlunnindum þegar forstjóri kæranda gengi skaðlaus frá umræddum viðskiptum við starfslok. Ríkisskattstjóri ákvarðaði fjárhæð staðgreiðslu og bætti við þá fjárhæð álagi samkvæmt 1. og 2. tölul. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Ennfremur hækkaði ríkisskattstjóri stofn kæranda til tryggingagjalds, sbr. 23. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald.

Yfirskattanefnd féllst á að með umræddum samningum forstjóra kæranda, sem hann hefði gert persónulega og í nafni eigin einkahlutafélags, við vinnuveitanda sinn á árinu 2007 hefðu honum verið tryggð hliðstæð hlunnindi og um væri fjallað í úrskurði yfirskattanefndar nr. 372/2013. Hefði verið um það samið að A ehf. gæti með því að forstjórinn starfaði hjá kæranda um tiltekinn tíma neytt söluréttar að hlutabréfunum í kæranda og haft af því hagnað sem svaraði til mismunar á söluverði og markaðsverði hlutabréfanna á þeim tíma. Að því gefnu að hlutabréfin myndu lækka í verði á þessu tímabili yrði að telja að í þessu hefðu falist starfstengd hlunnindi sem svarað hafi til mismunar á söluverði hlutabréfanna og gangverði þeirra á söludegi. Þá þótti augljóst af greindum samningum að hagræði sem í samningunum fólst fyrir viðsemjanda kæranda hafi verið látið í té af kæranda hálfu sökum þess að forstjórinn var starfsmaður félagsins. Að því virtu þótti ekki fara á milli mála að starfstengd hlunnindi, sem fólgin væru í umræddum samningum, tilheyrðu forstjóranum sjálfum en ekki einkahlutafélagi hans, sbr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003. Ennfremur var talið að byggja yrði á því í málinu að ráðstafanir vegna hlutabréfaeignar A ehf. í kæranda í tengslum við starfslok forstjórans á árinu 2008 hefðu í skattalegu tilliti falið í sér nýtingu söluréttar á hlutabréfunum sem A ehf. var veittur með samningi við kæranda á árinu 2007, enda yrði ekki annað séð en að þær ráðstafanir hefðu að öllu leyti verið í samræmi við efni samninga aðila frá 24. apríl 2007 og berum orðum tekið fram í starfslokasamningi að um væri að ræða efndir þeirra samninga. Varð það niðurstaða úrskurðarins að forstjóra kæranda hafi borið að telja sér til tekna gjaldárið 2009 mismun á söluverði hlutabréfanna og markaðsverði þeirra þegar söluréttar var neytt. Með vísan til þessa og niðurstöðu í úrskurði yfirskattanefndar í máli forstjórans var krafa kæranda ekki tekin til greinda á þeim grundvelli að skattskyldum hlunnindum hafi ekki verið til að dreifa í tilviki forstjóra félagsins.

Lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, eru afdráttarlaus um að hvers konar starfstengd fríðindi og hlunnindi launamanna teljist til staðgreiðsluskyldra launa í skilningi laganna, sbr. 1. tölul. 5. gr. þeirra. Yfirskattanefnd staðfesti því ákvörðun ríkisskattstjóra varðandi staðgreiðsluskyldu og greiðslu tryggingagjalds vegna hlunninda forstjóra kæranda. Fallist var á kröfu um niðurfellingu álags, m.a. með vísan til sjónarmiða sem fram koma í úrskurði nefndarinnar nr. 282/2015.

Hlunnindi af kaup- og söluréttarsamningum eru staðgreiðslu- og tryggingagjaldsskyld. Sama gildir þegar samningarnir eru gerðir í nafni félaga sem eru í eigu launamannsins.

149/2016

Arfur eftir erlendan aðila

Með úrskurði yfirskattanefndar nr. 170/2015 var staðfest ákvörðun sýslumanns um að ekki væri talinn grundvöllur fyrir álagningu erfðafjárskatts á fyrirframgreiddan arf kæranda frá Japan. Ríkisskattstjóri færði kæranda arfinn til skattlagningar, sbr. 4. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. fortakslausan áskilnað 1. tölul. 28. gr. sömu laga um að erfðafjárskattur hafi verið greiddur. Taldi yfirskattanefnd að lausn undan þeirri skattlagningu tekjuskatts og útsvars sem fram fór væri háð því að umrædd ráðstöfun arfs hafi hlotið lögboðna meðferð erfðafjár í heimaríki arfleiðanda, þ.e. Japan, og erfðafjárskattur verið greiddur. Taldi yfirskattanefnd það heyra undir kæranda og standa honum næst að upplýsa a.m.k. þann veigamikla þátt málsins sem varðaði skattskil vegna erfðafjárskatts í Japan og leggja fram gögn þar um. Kærandi hafði ekki lagt fram slík gögn. Kröfu kæranda um niðurfellingu skattlagningar á arfinum var hafnað. Fallist var á niðurfellingu álags, sbr. 3. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003.

Ekki var sýnt fram á greiðslu erfðafjárskatts erlendis og því var arfurinn skattlagður hér á landi.

160/2016

Ívilnun til dánarbús vegna veikinda hins látna

Skattframtali dánarbús fylgdi umsókn um ívilnun vegna veikinda hins látna, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Ríkisskattstjóri synjaði beiðni kæranda og tók m.a. fram að í framkvæmd hefði einungis verið ívilnað vegna andláts þegar um væri að ræða fjárhagslega röskun eftirlifandi maka eða barna sem verið hefðu á framfæri hins látna við andlát, en ekki þegar búskipti væru óhjákvæmileg og eignir bús umfram skuldir.

Í niðurstöðu sinni vísaði yfirskattanefnd til forsögu ákvæða um ívilnanir í sköttum og taldi heimild ríkisskattstjóra bundna við menn. Til samræmis við það hefði verið lagt til grundvallar í skattframkvæmd að lögpersónum, þar með talið dánarbúum, verði ekki veitt slík ívilnun. Krafa kæranda var byggð á því að hinum látna beri ívilnun vegna dvalarkostnaðar á hjúkrunarheimili í lifanda lífi, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003. Þegar litið sé til tilgangs umræddrar ívilnunarheimildar, þyki hafið yfir allan vafa að ívilnun verði ekki veitt dánarbúi látins manns á þeim grundvelli sem hér um ræði. Var kröfu kæranda því hafnað.

Lækkun á tekjuskattsstofni samkvæmt 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er einungis gerð hjá einstaklingum.

DÓMAR

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3616/201

Skattaleg heimilisfesti

Héraðsdómur staðfesti úrskurð ríkisskattstjóra og sýknaði íslenska ríkið af kröfum stefnanda. Í málinu krafðist stefnandi þess að úrskurður ríkisskattstjóra frá 25. ágúst 2015, um skattalega heimilisfesti stefnanda og ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi árin 2006 til og með 2010, yrði ógiltur. Þá krafðist stefnandi þess til vara að ógiltur yrði með dómi sami úrskurður ríkisskattstjóra, um skattalega heimilisfesti stefnanda og fulla og ótakmarkaða skattskyldu á Íslandi árin 2006 og 2007 með vísan til 97. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Með úrskurði ríkisskattstjóra var mælt fyrir um skattalega heimilisfesti stefnanda tekjuárin 2006 til og með 2010, en stefnandi starfaði á úthafsveiðiskipi sem stundaði veiðar undan ströndum Afríku. Með úrskurði sínum þann 25. ágúst 2015 komst ríkisskattstjóri að þeirri niðurstöðu að skattaleg heimilisfesti stefnanda árin 2006-2010 hafi verið á Íslandi og því bæri hann fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi á tímabilinu. Taldi ríkisskattstjóri ennfremur að fyrirliggjandi gögn staðfestu það að stefnandi hefði ekki tekið upp búsetu í Máritaníu. Stefndi hefði ekki haft til umráða fast húsnæði í Máritaníu, heldur dveldi í einhvers konar verbúð. Þá hefði hann ekki átt þar húsbúnað eða annað sem teldist eðlilegt að væri fyrir hendi á heimilum manna. Stefndi ætti bifreið og fasteign á Íslandi og samkvæmt upplýsingum um notkun greiðslukorts hans hefði það eingöngu verið notað á Íslandi eða á ferðalögum til og frá Íslandi. Þar sem stefndi hefði ekki stofnað til heimilis erlendis á árunum 2006-2010 teldist hann heimilisfastur á Íslandi í skilningi 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 21/1990, um lögheimili og uppfyllti skilyrði laga nr. 90/2003 til að bera fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi.

Stefnandi krafðist þess að úrskurður ríkisskattstjóra yrði ógiltur með dómi og reisti málatilbúnað sinn í fyrsta lagi á því að hann hefði dvalið skemur en 183 daga á Íslandi á umræddum tekjuárum en auk þess hafi lögheimili hans verið skráð í Máritaníu á umræddu tímabili. Í öðru lagi reisti stefnandi kröfu sína um ógildingu úrskurðar ríkisskattstjóra á því að ríkisskattstjóra hafi verið óheimilt að úrskurða um heimilisfesti stefnanda með afturvirkum hætti með vísan til 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Í þriðja lagi taldi stefnandi að rannsókn ríkisskattstjóra hafi verið ófullnægjandi, þar sem ríkisskattstjóri hafi ekki rannsakað fjölskylduhagi hans sérstaklega árin 2006 og 2007.

Stefndi mótmælti öllum málatilbúnaði stefnanda sem röngum. Stefndi reisti sýknukröfu sína á því að fjarvera stefnanda frá Íslandi á umræddu tímabili hafi helgast af vinnu hans, en ekki af því að hann hafi raunverulega fellt niður búsetu og heimilisfesti hér á landi. Þá tók stefndi fram að við ákvörðun um heimilisfesti skuli ríkisskattstjóri, eftir því sem við á, taka mið af ákvæðum laga um lögheimili. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 21/1990, um lögheimili, teljist lögheimili manns sá staður þar sem hann hafi fasta búsetu. Stefndi benti á að stefnandi hafi að jafnaði ekki dvalið í Máritaníu utan þess tíma sem hann hafi beðið brottfarar skips eða heimferðar frá Máritaníu og hafi hann m.a. ekki ráðstafað neinum fjármunum í Máritaníu. Stefndi taldi stefnanda ekki hafa sýnt fram á að hann hefði haft fasta búsetu í Máritaníu í skilningi 1. gr. laga nr. 21/1990, sbr. einnig 3. mgr. sömu lagagreinar. Þá hafi stefnandi verið í hjúskap allan þann tíma sem hann kvaðst hafa verið búsettur í Máritaníu. Stefnandi hafi við skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra greint frá því að hann dveldi á heimili eiginkonu og barna hans á Akureyri þegar hann væri á Íslandi.

Stefndi tók jafnframt fram að eðli málsins samkvæmt yrði úrskurður um heimilisfesti alltaf afturvirkur. Þá væri ekki að finna beint ákvæði í lögum sem takmarki notkun 1. gr. varðandi úrskurði um heimilisfesti, sambærilegt við 97. gr. og eða 2. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003.

Stefnandi lagði fram í málinu vottorð frá Máritanískum skattyfirvöldum sem staðfestu að stefnandi hafi staðið skil á skattgreiðslum til Máritanískra skattyfirvalda. Stefndi sagði að draga yrði í efa sönnunargildi staðfestingarinnar frá Máritaníska stjórnvöldum sem og sönnunargildi annarra vottorða sem Máritanísk stjórnvöld hafa gefið út til stefnanda. Ísland og Máritanía hafi ekki gert með sér tvísköttunarsamning eða upplýsingaskiptasamning og því sé ómögulegt fyrir íslensk stjórnvöld að sannreyna hvort staðfestingin sé gefin út af þar til bæru stjórnvaldi. Þá sé stjórnarfar í Máritaníu með þeim hætti að óvarlegt þyki að treysta gögnum þaðan. Skjöl frá Máritaníu væru t.d. ekki viðurkennd af skattyfirvöldum á Norðurlöndum og því þætti sýnt að ekki væri unnt að leggja þau til grundvallar um ákvörðun um skattalega heimilisfesti stefnanda.

Héraðsdómur sagði að samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/2003 hefði ríkisskattstjóri úrskurðarvald um það hverjir skuli teljast heimilisfastir á Íslandi og skal við þá ákvörðun miða við reglur laga um lögheimili, eftir því sem við á. Dómurinn

rakti skilyrði ákvæðis 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1990, um lögheimili og rakti m.a. framburð stefnanda hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins og sagði að af honum mætti ráða að stefnandi hafi ekki talið sig hafa haft fasta búsetu í Máritaníu þegar hann var ekki á sjó og dvaldi í Máritaníu. Féllst dómurinn þannig ekki á það að stefnandi hafi haft fasta búsetu í Máritaníu á tímabilinu. Þá taldi dómurinn að framlögð vottorð stefnanda breyttu ekki þeirri niðurstöðu með hliðsjón af gögnum málsins og ekki síður með tilliti til afstöðu stefnanda sjálfs til búsetu eða aðstæðna að öðru leyti Máritaníu. Að mati dómsins væri aðalatriðið að stefnandi teldist ekki samkvæmt gögnum málsins hafa flutt heimili sitt úr landi í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/2003, enda þótt hann hafi tilkynnt sig brottfluttan af landinu.

Að virtu framansögðu var það niðurstaða dómsins að stefnandi hafi verið heimilisfastur á Íslandi tekjuárin 2006 til og með 2010 og hafi ekki fellt niður heimilisfesti sína. Dómurinn taldi einnig að málsástæða stefnanda, að ríkisskattstjóra hafi verið óheimilt að úrskurða með afturvirkum hætti um heimilisfesti, ætti ekki við rök að styðjast, enda kveði lagaregla 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/2003, skýrt á um að ríkisskattstjóra beri að úrskurða um hverjir teljist heimilisfastir hér á landi. Hvað varðaði málsástæðu stefnanda er laut að rannsókn ríkisskattstjóra á fjölskylduhögum stefnanda taldi dómurinn að rannsóknarskýrsla skattrannsóknarstjóra sem og ýmis önnur gögn sem aflað hafði verið hefðu skapað nógu traustan grunn undir úrskurð ríkisskattstjóra.

Hvað varðaði varakröfu stefnanda vísaði dómurinn til niðurstöðu sinnar þess efnis að ríkisskattstjóra væri heimilt að úrskurða með afturvirkum hætti um heimilisfesti stefnanda. Ákvæði 97. gr. tekjuskattslaga, sem vísað var til af hálfu stefnanda, mælti fyrir um tímamörk endurákvörðunar skatta og kæmi því ekki til skoðunar við úrlausn á heimilisfesti skattaðila.

Með vísan til framangreinds var kröfum stefnanda um ógildingu úrskurðar ríkisskattstjóra um skattalega heimilisfesti stefnanda hafnað.

Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 816/2015

Skattlagning lífeyrissjóða – stjórnarskrá – jafnræði

Hæstiréttur Íslands staðfesti þann 15. september 2016 dóm héraðsdóms frá 17. september 2015 og sýknaði þar með íslenska ríkið af kröfum áfrýjanda.

Áfrýjandi, Gildi lífeyrissjóður, höfðaði málið til endurgreiðslu á skatti sem sjóðurinn innti af hendi í tveimur hlutum á árinu 2012. Áfrýjandi taldi að skattlagningin hefði ekki samrýmst jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar, auk þess sem hún hafi brotið gegn 1. mgr. 72. gr. og 2. mgr. 77. gr. hennar.

Aðdragandi lagasetningarinnar sem kvað á um ofangreinda skattlagningu var sá að stjórnvöld töldu að vegna mikils skuldavanda margra einstaklinga í kjölfar efnahagsáfalla þeirra sem urðu hér á landi haustið 2008 væri sérstök nauðsyn á skattlagningunni og var skattheimtan byggð á ákvæði til bráðabirgða XIV í lögum nr. 129/1997. Með ákvæðinu var, að teknu tilliti til 6. töluliðs 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, mælt fyrir um að við álagningu gjalda árin 2012 og 2013 skyldu lífeyrissjóðir, sem starfræktir væru samkvæmt III. kafla laga nr. 129/1997 og aðrir tilgreindir sjóðir svo og lífeyrissjóðir sem störfuðu samkvæmt sérlögum, greiða sérstakan skatt í ríkissjóð. Skatturinn skyldi vera 0,0814% af hreinni eign sjóðanna til greiðslu lífeyris í lok næstliðins árs.

Áfrýjandi taldi að með fyrrgreindri löggjöf hefði íslenska ríkið ekki virt jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar þar sem skattlagningin sem fólst í fyrrgreindu bráðabirgðaákvæði hafi komið með ólíkum hætti niður á þeim tveim flokkum lífeyrissjóða sem til staðar væru hér á landi, þar sem hérlendis væru tvö lögbundin en ólík skyldusamtryggingar lífeyriskerfi launafólks. Ójafnræðið fælist í því að ábyrgð launagreiðenda á skuldbindingum fastréttindasjóða leiði til þess að réttindi sjóðfélaga skerðist ekki þótt sjóðirnir þurfi að standa skil á sköttum eins og þeim sem hér um ræðir. Á hinn bóginn væri greiðslugeta fastiðgjaldasjóðanna háð eignum þeirra og því gæti slík skerðing á eignum, sem skattlagningin fól í sér, leitt til þess að takmarka þurfi lífeyrisréttindi sjóðfélaga.

Hæstiréttur sagði að leggja yrði til grundvallar að markmið þeirrar fjáröflunar stefnda sem skattlagningin fól í sér hafi verið að fjármagna að hluta sérstaka vaxtaniðurgreiðslu sem hafi verið liður í að bæta stöðu þeirra sem skulduðu mikið en væru eignalitlir. Þá sagði Hæstiréttur að rök væru fyrir því að bætt greiðslugeta skuldsettra einstaklinga kæmi lífeyrissjóðum, eins og öðrum sem veitt hafa lán til fasteignakaupa, til góða.

Hvorki lægi fyrir að skatturinn, sem einungis var heimtur á árinu 2012, hafi í raun leitt til skerðingar á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í áfrýjanda eða öðrum fastiðgjaldasjóðum, né skert möguleika þeirra til þess að auka réttindi sjóðfélaga síðar. Af því yrði sú ályktun dregin að mismunandi staða lífeyrissjóðanna hafi ekki haft verulega þýðingu þegar afleiðingar skattlagningarinnar væru metnar.

Hæstiréttur taldi því að framangreind atriði leiddu til þeirrar niðurstöðu að málefnalegar ástæður hefðu legið að baki því að leggja á skatt þann sem málið varðar og á þann hátt sem gert var þótt staða lífeyrissjóða væri mismunandi að því er varðar ábyrgð á skuldbindingum þeirra. Var íslenska ríkið því sýknað af kröfum áfrýjanda.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2167/2015

Viðbótarauðlegðarskattur – meðalhófsregla

Héraðsdómur staðfesti þann 8. febrúar 2016 úrskurð ríkisskattstjóra og sýknaði íslenska ríkið af kröfum stefnanda.

Í málinu krafðist stefnandi þess að felldar yrðu úr gildi ákvarðanir ríkisskattstjóra um álagningu viðbótarauðlegðarskatts á stefnanda vegna tekjuáranna 2010, 2011 og 2012 og að stefnda yrði gert að endurgreiða stefnanda 49.958.522 kr. með vöxtum. Stefnandi krafðist þess til vara að felld yrði úr gildi ákvörðun ríkisskattstjóra um álagningu viðbótarauðlegðarskatts á stefnanda vegna tekjuársins 2011 og stefnda gert að endurgreiða stefnanda 16.452.332 kr. auk vaxta.

Ágreiningsefni þessa máls snerist um lögmæti viðbótarauðlegðarskatts sem lagður var á stefnanda gjaldárin 2012, 2013 og 2014 vegna tekjuáranna 2010, 2011 og 2012 á grundvelli 24. gr. laga nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins, sbr. ákvæði til bráðabirgða XXXIII í lögum nr. 90/2003, lögum nr. 164/2010, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, og lögum nr. 164/2011, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sbr. ákvæði til bráðabirgða XXXIX og XLVII í lögum nr. 90/2003.

Stefnandi taldi ofangreind bráðabirgðaákvæði laga nr. 90/2003, fara í bága við meginreglu stjórnskipunarréttarins um meðalhóf þar sem álagning viðbótarauðlegðarskattsins hafi leitt til þess að stefnandi hafi glatað öllum eða næstum öllum ráðstöfunarrétti á tekjum sem hann aflaði þessi ár. Þá taldi stefnandi að álagning skattsins hefði falið í sér brot á ákvæðum 65., 72. og 76. gr. stjórnarskrár Íslands.

Stefndi taldi ekki mega jafna álagningu viðbótarauðlegðarskattsins við eignarnám skv. 72. gr. stjórnarskrár Íslands. Mörk eignarnáms og auðlegðarskatts væru auðséð og um eðlisólíka hluti væri að ræða. Annars vegar væri um að ræða eignarskattlagningu og hins vegar skyldu eiganda eignar til að láta hana af hendi að öllu leyti eða hluta gegn eignarnámsbótum. Stefndi hafnaði því einnig að í auðlegðarskattinum fælist óheimil eignaupptaka, enda væri með eignaupptöku átt við það að hlutir eða önnur verðmæti, sem stæðu í tilteknu sambandi við refsiverðan verknað, væru með dómi eða sátt lagðir til ríkissjóðs án þess að endurgjald komi fyrir. Þá tók stefndi fram að auðlegðarskattur væri lagður á með almennum skilyrðum og hafnaði því að skatturinn bryti gegn jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr., enda mælti ákvæðið fyrir um bann við mismunun. Allir þeir sem væru í sambærilegri stöðu og stefnandi hefðu sætt sams konar álagningu auðlegðarskatts og viðbótarauðlegðarskatts. Það væri því ekki um að ræða mismunun í skilningi jafnræðisreglunnar.

Dómurinn taldi það eitt og sér að stefnandi hafi þurft að ráðstafa stórum hluta tekna sinna eins og þær voru á umræddum tekjuárum til greiðslu álagðra opinberra gjalda, þ.e. fjármagnstekjuskatts, auðlegðarskatts og viðbótarauðlegðarskatts, ekki leiða til þess að lögin um auðlegðarskatt færu í bága 72., 76. og 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Dómurinn taldi ennfremur að sú ákvörðun löggjafans að undanþiggja rétt manna til eftirlauna og lífeyris auðlegðarskattsstofni færi ekki í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar enda væri sú undanþága almenn og gilti um alla skattaðila, þar á meðal stefnanda. Þá yrði heldur ekki fallist á að þær forsendur sem lægju að baki auðlegðarskattinum færu í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Þá yrði ekki talið að lög um auðlegðarskatt hafi farið í bága við meginreglur stjórnskipunarréttar um meðalhóf. Væri þá tekið tillit til þess markmiðs laganna að afla ríkissjóði tekna og til þess að draga úr fjárlagahalla og einnig þess að skatturinn hafi verið lagður á tímabundið og hafi verið með háu fríeignamarki. Niðurstaða dómsins var því sú að umrædd álagning viðbótarauðlegðarskatts hafi ekki farið í bága við 72., 76. og 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá féllst dómurinn ekki á það að lög um auðlegðarskatt hefðu falið í sér afturvirka skattlagningu er bryti í bága við 77. gr. stjórnarskrárinnar. Viðbótarauðlegðarskattsstofn stefnanda, sem deilt var um í málinu, var lagður á eignir stefnanda eins og þær voru í lok áranna 2010, 2011, 2012, en lög um auðlegðarskatt öðluðust gildi 23. desember 2009, sbr. ákvæði til bráðabirgða XXXIII í lögum um tekjuskatt og 23. desember 2011, sbr. ákvæði til bráðabirgða XLVII í lögum um tekjuskatt.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3623/2015

Lán frá hlutafélagi – skattskyld gjöf

Héraðsdómur staðfesti úrskurð ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar og sýknaði íslenska ríkið af kröfum stefnanda.

Í málinu krafðist stefnandi þess að úrskurður yfirskattanefndar frá 31. desember 2014 og úrskurður ríkisskattstjóra frá 29. nóvember 2013 yrðu felldir úr gildi þannig að álagning opinberra gjalda stefnanda gjaldárið 2008, yrði óbreytt. Þá krafðist stefnandi þess til vara að fellt yrði niður álag sem og málskostnaður.

Með úrskurði yfirskattanefndar voru stefnanda færðar til tekna í skattframtali 2008, 40.938.331 kr. vegna láns sem Velsæld ehf. veitti stefnanda á árinu 2007 vegna kaupa hans á 12% hlutafjár í félaginu Virðingu ehf. á árinu 2008. Yfirskattanefnd var sammála ríkisskattstjóra um að með umræddri lánveitingu Velsældar ehf. til stefnanda, hafi verið um að ræða afhendingu verðmæta skv. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með vísan til 2. mgr. 4. tölul. A-liðar 7. gr. sömu laga. Yfirskattanefnd staðfesti einnig ákvörðun ríkisskattstjóra um að bæta 25% álagi við framangreinda hækkun gjaldárið 2008 skv. 2. mgr. 108. gr. laga um tekjuskatt.

Stefnandi sem var einn af þremur hluthöfum í Velsæld ehf. og eigandi að þriðjungi hlutafjár í því félagi sem stofnað var í árslok 2006, Virðingu ehf., taldi hvað formhlið málsins varðaði að andmælaréttur hans hafi verið virtur að vettugi þar sem boðuð tekjuhækkun í boðunarbréfi ríkisskattstjóra dags. 2. september 2013 hafi verið 57.409.804 en í úrskurði hafi fjárhæðin numið 57.314.998 kr. Taldi stefnandi að ríkisskattstjóri hafi af þessu tilefni átt að senda stefnanda nýtt boðunarbréf. Með vísan til þessa taldi stefnandi að fella hefði átt úrskurð ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar úr gildi. Þá taldi stefnandi að rannsóknar- og rökstuðningsregla stjórnsýslulaga hafi ekki verið virt við meðferð málsins hjá ríkisskattstjóra þar sem ríkisskattstjóri hafi hvorki rannsakað né rökstutt hvað teldist ólögmætt lán í skilningi 79. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Með vísan til þessa bæri að fella úrskurði ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar úr gildi.

Hvað efnishlið málsins varðaði þá hélt stefnandi því fram að hann hefði verið raunverulegur lántakandi lánsins. Stefnandi hafi nýtt lánsféð til öflunar hlutabréfa sem hann sjálfur hafi keypt og hann veðsetti þau hlutabréf til bankans sem tryggingu fyrir greiðslu. Þá hafi þessi viðskipti ekki myndað tekjur hjá Velsæld ehf. sem sýni hve óvenjuleg og frábrugðin viðskiptin hafi verið. Þannig taldi stefnandi að þó að formlegur lántakandi væri Velsæld ehf. þá bæri að líta heildstætt á málavexti og líta fram hjá þeim þætti málsins í skattalegu tilliti. Stefnandi hélt því einnig fram að honum hafi ekki hlotnast gæði í skilningi tekjuhugtaks skattalaga og með láninu hafi verndarhagsmunir kröfuhafa ekki verið rýrðir og í reynd um fullkomið skaðleysi félagsins að ræða.

Stefndi hélt því fram að hvað varðaði formhlið málsins þá hefði verið gætt að andmælarétti stefnanda þar sem stefnanda hafi verið veitt tækifæri til að tjá sig um fjárhæð tilgreindrar skuldar í svarbréfi Velsældar ehf. við fyrirspurn ríkisskattstjóra. Stefndi sagði augljóst að fjárhæð skuldarinnar hefði misritast í bréfi ríkisskattstjóra þann 2. september 2013 en engin réttarspjöll hafi hlotist af misrituninni þar sem tekið hafi verið mið af réttri fjárhæð í úrskurði ríkisskattstjóra. Engin rök hafi því staðið til fyrir ríkisskattstjóra að afturkalla bréf sitt til stefnanda og boða breytingarnar að nýju. Stefndi sagði um þá málsástæðu stefnanda að ekki hafi verið lagt sérstakt mat á virði ábyrgðar og veðheimildar stefnanda til Velsældar ehf., að lán líkt og það sem stefnandi fékk frá Velsæld ehf. beri að skattleggja sem gjöf í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 4. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, enda hafi lánveiting sú sem um væri deilt í málinu verið óheimil sbr. 1. mgr. 79. gr. laga um einkahlutafélög. Þannig hafi endurgreiðsla slíkra lána ekki haft áhrif á skattskyldu lántakans í dómaframkvæmd.

Stefndi mótmælti einnig sem röngum og ósamrýmanlegum málsástæðum stefnanda annars vegar að lánveiting Velsældar ehf. geti ekki talist lán í skilningi 79. gr. laga um einkahlutafélög og hins vegar að virða megi lán Velsældar til hans sem viðskiptalán sem sé undanþegið banni sama lagaákvæðis. Stefndi sagði það óumdeilda staðreynd málsins að Velsæld ehf. hafi verið formlegur lántakandi hjá bankanum. Einnig væri það óumdeilt að Velsæld ehf. hafi ekki verið aðili að umræddum hlutafjárkaupum í Virðingu ehf. Stefnandi hafi þannig tekið að láni hjá sínu eigin félagi fjármuni sem hann síðar ráðstafaði í eigin þágu.

Þá taldi stefndi ekkert tilefni til að fella niður álag á skattstofn stefnanda enda hafi stefnandi hvorki sýnt fram á að atvik hafi verið með þeim hætti að 3. mgr. 108. gr. laga nr. 90/2003 eigi við, né að tilefni sé til að falla frá álagsbeitingu að öðru leyti.

Í niðurstöðu dómsins var ekki fallist á það með stefnanda að andmælaréttur hans hafi verið virtur að vettugi enda hafi hann á öllum stigum málsins getað komið andmælum sínum að. Þannig féllst dómurinn heldur ekki á það að ríkisskattstjóra hefði borið að meta sérstaklega hvað teldist ólögmætt lán, þ.e. hvort um venjulegt viðskiptalán væri að ræða eða ekki, enda komi skýrt fram í boðunarbréfi að ríkisskattstjóri geri fyrirhugaðar breytingar á grundvelli 79. gr. laga um einkahlutafélög og 2. mgr. 4. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga. Í því hafi falist að ríkisskattstjóri teldi að ekki hafi verið um að ræða venjulegt viðskiptalán til stefnanda. Í ljósi framangreinds yrði úrskurður ríkisskattstjóra og yfirskattanefndar ekki felldur úr gildi af þeim ástæðum. Þannig taldi dómurinn að stefnda hefði ekki borið að leggja sérstakt mat á verðmæti hinnar skattskyldu gjafar sem fólst í hinu ólögmæta láni með hliðsjón af veitingu veðréttar eða hinnar persónulegu ábyrgðar stefnanda.

Hvað viðvék álagsbeitingunni taldi dómurinn að virtum gögnum málsins að Velsæld ehf. hefði fjármagnað kaup stefnanda á 12% hluta í Virðingu ehf. og því hafi verið um að ræða lánveitingu sem var andstæð 79. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Þannig ættu rök stefnanda þess efnis að hann hafi verið hinn raunverulegi lántakandi en Velsæld ehf. aðeins formlegur lántakandi, ekki við rök að styðjast og beinlínis í andstöðu við skattskil stefnanda og Velsældar ehf. Héraðsdómur tók einnig undir það með stefnda að það gæti ekki skipt máli hvort að lánið hafi verið endurgreitt að fullu og vísaði í því sambandi til dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 417/2015 og 153/2012.

Þá taldi héraðsdómur að slíkir annmarkar hefðu verið á skattframtali stefnanda og með hliðsjón af úrskurðum skattyfirvalda í sambærilegum málum að ekki væru efni til að falla frá álagsbeitingu. Að öllu framangreindu virtu teldist því lánsfjárhæðin frá Velsæld ehf. til stefnanda til skattskyldrar gjafar, sbr. 2. mgr. 4. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003.

Dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 845/2015 frá 27. október 2016

Frádráttarbærni fjármagnsgjalda – tímamörk endurákvörðunar

Hæstiréttur Íslands staðfesti þann 27. október 2016 dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 26. október 2015 og sýknaði þar með íslenska ríkið af kröfu áfrýjanda, Símans hf.

Áfrýjandi krafðist þess að úrskurður ríkisskattstjóra frá árinu 2013 um endurákvörðun opinberra gjalda áfrýjanda gjaldárið 2008 yrði felldur úr gildi.

Með úrskurðinum frá árinu 2008 lækkaði ríkisskattstjóri gjaldfærðan fjármagnskostnað S hf. það ár um tilgreinda fjárhæð og yfirfært tap SK hf., móðurfélags S hf., vegna samsköttunar félaganna um sömu fjárhæð. Var úrskurðurinn á því reistur að fjármagnskostnaður af tiltekinni skuld S hf. við SK hf. gæti ekki talist frádráttarbær rekstrarkostnaður í skattalegu tilliti hjá S hf. þar sem ekki væru uppfyllt skilyrði 1. tl. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 2. mgr. 49. gr. sömu laga.

Krafa S hf. var á því reist að skattyfirvöldum væri óheimilt að endurákvarða skatt vegna tekna ára sem féllu innan sex ára tímabils samkvæmt 1. mgr. 97. gr. tekjuskattslaga ef sú endurákvörðun væri eingöngu reist á atvikum, aðstæðum eða löggerningum sem áttu sér stað fyrir það tímamark. Gæti ríkisskattstjóri því ekki byggt endurákvörðun sína á árinu 2013 á forsendum sem hefðu átt sér stað árið 2005 er S hf. varð til við samruna þriggja tilgreindra félaga og til umræddrar skuldar var fyrst stofnað.

Niðurstaða Hæstaréttar var sú að samkvæmt orðanna hljóðan fælist í ákvæði 1. mgr. 97. gr. tekjuskattslaga ekki annað og meira en að heimild skattyfirvalda til endurákvörðunar skatts næði til tekna síðustu sex ára á undan því ári sem endurákvörðun færi fram. Þannig yrði hvorki leitt af orðalagi greinarinnar né lögskýringargögnum að endurákvörðun sem færi fram innan þess tímamarks væri því aðeins heimil að hún væri reist á atvikum sem einnig hefðu átt sér stað innan tímamarksins. Skattskil væru miðuð við tekjur hvers árs og við mat á réttmæti tekna og gjalda, eigna og skulda væru skattyfirvöld almennt óbundin af því hvaða meðferð skattskilin hefðu áður fengið.

Hvað varðaði frádráttarbærni fjármagnskostnaðar vegna fyrrgreindrar skuldar S hf. var talið að lög um tekjuskatt kvæðu skýrt á um að árlega færi fram mat á heimild til frádráttar slíks kostnaðar, sbr. orðalag 2. mgr. 29. gr. og 1. töluliðs 31. gr. laga um tekjuskatt. Samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum væri heimilt að draga frá tekjum lögaðila rekstrarkostnað en það væru þau gjöld sem ættu á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við. Í ljósi þessa væri það fullljóst að sú ályktun yrði hvorki dregin af 1. mgr. 97. gr. né 1. tölulið 31. gr. eða 2. mgr. 29. gr. tekjuskattslaga að atvik sem mat skattyfirvalda væru reist á þyrftu einnig að hafa orðið innan þess sex ára frests sem 1. mgr. 97. gr. kveði á um. Að þessu virtu og með vísan til forsendna dóms Hæstaréttar í máli nr. 321/2005 var íslenska ríkið sýknað af kröfu S hf.

AF VETTVANGI SKATTARÉTTAR

Bindandi álit

Álit 07/16

Aðalálitsbeiðandi er samlagshlutafélag sem er ósjálfstæður skattaðili. Aðrir álitsbeiðendur eru hluthafar í samlagshlutafélaginu. Álitsbeiðendur upplýstu að í kjölfar sölu á stórum eignarhluta sem samlagshlutafélagið átti í erlendum lögaðila sé fyrirhugað að minnka umsvif samlagshlutafélagsins og ráðstafa þeim fjármunum sem ekki eru nauðsynlegir til rekstrar félagsins til hluthafa. Í þessu sambandi sé fyrirhugað að:

- gefa út jöfnunarhlutabréf á grundvelli stöðu á yfirverðsreikningi
- lækka hlutafé á gengi og ráðstafa lækkunarfjárhæðinni á sérstakan sjóð
- lækka hlutafé og greiða til hluthafa

Af þessum sökum sé óskað eftir staðfestingu ríkisskattstjóra á því:

- að fyrirhugaðar ákvarðanir hluthafafundar samlagshlutafélagsins sem feli í sér hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa, lækkun hlutafjár með ráðstöfun á sérstakan sjóð meðal eigin fjár og eftirfarandi lækkun hlutafjár með greiðslu til hluthafa teljist ekki fela í sér skattskylda ráðstöfun fjármuna skv. 11. gr. tekjuskattslaga og því ekki skattskyldar tekjur í hendi hluthafa
- að á samlagshlutafélaginu hvíli ekki skylda skv. lögum nr. 94/1996 til að halda eftir staðgreiðslu af fyrirhugaðri úthlutun til hluthafa

Í bindandi áliti ríkisskattstjóra kemur fram að þar sem um samlagshlutafélag sé að ræða sem sé ósjálfstæður skattaðili þá beri að skattleggja hlutdeild í rekstrartekjum slíks félags hjá hluthöfum þess sem um öflun tekna væri að ræða í eigin nafni. Hluthöfum samlagshlutafélagsins ber því að gera grein fyrir hlutfallslegum heildartekjum samlagshlutafélagsins og heildarrekstrarkostnaði sem til féll í rekstri þess á skattframtölum sínum.

Þá er vísað til þess að útgáfa jöfnunarhlutabréfa teljist ekki til skattskylds arðs í skilningi tekjuskattslaga.

Hvað varðar þá lækkun hlutafjár sem greidd er út til hluthafa þá kemur fram í bindandi áliti ríkisskattstjóra að tilvísun í 1. málsl. 4. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga til félaga í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. eigi einnig við um úthlutanir vegna lækkunar hlutafjár. Ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna taka til samlagshlutafélaga sem eru sjálfstæðir skattaðilar og tekur ákvæðið samkvæmt orðanna hljóðan ekki til samlagshlutafélaga sem eru ósjálfstæðir skattaðilar. Úthlutun til hluthafa samlagshlutafélags sem er ósjálfstæður skattaðili telst þannig ekki til skattskylds arðs í skilningi 11. gr. tekjuskattslaga og þar af leiðandi ekki til skattskyldra tekna skv. 4. tölul. C-liðar 7. gr. tekjuskattslaga.

Í ljósi framangreindrar niðurstöðu verður ekki séð að um sé að ræða arð í skilningi laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Frávísun 01/16

Fyrirhuganir álitsbeiðenda standast ekki lög um einkahlutafélög.

Álitsbeiðendur eru tvö einkahlutafélög þar sem annar álitsbeiðandinn, B ehf., á 27% í hinum, A ehf. Álitsbeiðendur upplýstu að A ehf. ætti von á arðgreiðslu frá erlendu dótturfélagi og að fyrirhugað væri að minnka umsvif félagsins og ráðstafa fjármunum sem ekki væri þörf á í rekstur A ehf. til hluthafa, þ. á m. B ehf. Af þessu tilefni væri fyrirhugað að:

- lækka hlutafé A ehf. á gengi sem tæki mið af ársreikningsuppgjöri sem unnið væri eftir að arðurinn frá erlenda dótturfélaginu hefði verið móttekinn
- ráðstafa lækkunarfénu í sjóð skv. 4. tölul. 2. mgr. 34. gr. laga um einkahlutafélög
- A ehf. kaupi eigin hluti af hluthöfum sínum, þ.m.t. B ehf., fyrir andvirði sjóðsins sem myndaður var með lækkun hlutafjár á gengi sem endurspeglar innra virði félagsins
- lækka aftur hlutafé sem nemur þeim bréfum sem A ehf. festi kaup á.

Í frávísun ríkisskattstjóra kemur fram að þó svo að ekki séu veitt bindandi álit um hvort að fyrirhuganir séu lögmætar að félagarétti geti verið nauðsynlegt að fjalla um hvort þær lagalegu forsendur fái staðist sem skattalegum ráðstöfunum er ætlað að byggja á.

Þá kemur ennfremur fram í frávísuninni að annars vegar standist fyrirhugaðar aðgerðir álitsbeiðenda ekki félagarétt og hins vegar að framsetning þeirra beri með sér að tilgangurinn sé að komast hjá því að greiddir verði þeir skattar sem bæri að gera væri hlutafé lækkað með venjubundnum hætti. Með vísan til þessa og með hliðsjón af þeim grunnsjónarmiðum sem hvíla að baki setningu 57. gr. tekjuskattslaga taldi ríkisskattstjóri sér ekki heimilt að taka afstöðu til þess hvort og hvaða skattalegu afleiðingar fyrirhugaðar ráðstafanir hefðu í för með sér enda ljóst að þeim yrði ekki hrundið í framkvæmd eins og álitsbeiðendur hefðu lýst í álitsbeiðni.

Tilvera okkar er undarlegt ferðalag

Tryggvi Bjarnason

Það verður ekki annað sagt en að sumarið 2016 hafi farið vel með menn og skepnur, bæði til lands og sjávar. Trausti Jónsson, veðurfræðingur, segir í veðurpistli sínum Hungurdiskum að sumarið hafi verið hlýtt og er sumarið 2016 annað til þriðja hlýjasta sumarið frá aldamótum á landsvísu. Gróður þreifst með eindæmum vel; hey bænda mikil og góð, og uppskera alls jarðargróðurs með ágætum. Og ef ég lít mér aðeins nær þá var spretta rifs- og sólberja í garðinum slík að frúin náði ekki að sulta nema óverulegan hluta. Það var ekki af því að hún legði sig ekki fram við sultugerðina, öðru nær. Stóð krukkuleysi sultugerðinni fyrir þrifum.

Það var fleira sem blómstraði og dafnaði sl. sumar. Ferðaþjónustan heldur áfram að dafna og nýtur hún góðs af fjölgun ferðamanna til landsins. Mikill vöxtur er og hefur verið undanfarin ár í ferðaþjónustunni og tengdum greinum, svo sem hjá veitinga- og gistihúsum. Ný hótel og gistirými rísa um allt land. Víða um land spretta fram aðilar sem bjóða ferðamönnum þjónustu og afþreyingu af ýmsum toga. Styrkir það byggðirnar sem eru fyrir utan SV hornið. Og fjárhirslur ríkissjóðs gildna sem aldrei fyrr.

En vöxtur og uppgangur ferðaþjónustunnar og fjölgun ferðamanna hefur ekki verið þrautalaus; vextinum fylgja vaxtarverkir. Vinsælir ferðamannastaðir hafa ekki ráðið við fjöldann, bráðnauðsynleg aðstaða er ekki nægileg á þessum stöðum og ágangurinn veldur spjöllum á viðkvæmum gróðri. Nokkuð hefur skort á skýra stefnumótun stjórnvalda í ferðamálum. Með öllu er óleyst hvort og þá hvernig haga skuli gjaldtöku á ferðamenn við komu þeirra til landsins. Og eiga Íslendingar líka að greiða gjald fyrir að skoða Gullfoss og Geysi?

Ferðamönnum fjölgar árlega. Fjöldi erlendra ferðamanna árið 2015 var um 1.290.000 manns og fjölgaði um 29,2% frá árinu á undan. Á síðu Ferðamálastofu, ferdamalastofa.is, má finna ýmsa tölfræði og sundurliðanir um ferðamenn og ferðaþjónustuna og er hún öll á eina leið. Tölfræðin sýnir gríðarlegan árlegan vöxt sem varla á sér hliðstæðu. Og aðilar í ferðaþjónustunni gera áfram ráð fyrir miklum vexti í greininni. En hvað er hæfilegt að greinin vaxi árlega? Er æskilegt að ferðamönnum fjölgi um t.d. 10-20% árlega? Einhver efri takmörk eru á því hvað er skynsamlegur fjöldi ferðamanna. En hvar eru þessi mörk?

Eins og iðulega er þegar þensla verður (eftirspurn meiri en framboð) þá leiðir hún til hækkandi verðs vöru og þjónustu, ekki bara fyrir erlendu ferðamennina, heldur líka fyrir landsmenn alla. Kannski má líkja ástandinu við gullgrafaraæði í Klondike. Þá má nefna að þorri starfa í ferðaþjónustunni eru láglaunastörf sem krefjast lítillar menntunar eða starfsþjálfunar. Samrýmist það illa því viðhorfi, sem gjarnan er haldið á lofti, að helsti auður samfélags felist í vel menntuðum og vel upplýstum þegnum og að verðmætasköpun skuli byggjast á hug- og verkviti.

En við Íslendingar tilheyrum líka undirtegundinni ferðamenn af Homo Sapiens. Einhverjum árum f.H. (fyrir Hrun, sbr. f. Kr. og e. Kr., fyrir og eftir Krist) bauð frúin mér til Egyptalands. Þetta var á þeim árum þegar íslenskir athafnamenn og bankamenn gengu beinir í baki og hnarreistir um alþjóðlega fjármálavelli, forvitrir menn spáðu þeim glæstri framtíð („You ain't seen nothing yet!") og smjör draup af hverju strái í fjármálamiðstöð norðursins. Flogið var beint til Luxor og gistum við á hóteli þar. Fornminjarnar voru stórfenglegar; píramídarnir, konungagrafirnar, Spinxinn og síðast en ekki síst Abu Simbel. Ég get ekki sagt að ég hafi séð mikið af egypsku mannlífi, en það kom mér spánskt fyrir sjónir að t.d. á salernum á flugvöllum voru strákar sem héldu á salernisrúllunni og útdeildu pappírnum, og að sjálfsögðu varð að greiða þóknun fyrir þjónustuna. Kannski er þetta ágæt leið fyrir krakka í grunnskóla til að ná sér í vasapening; það væri án ef hægt að hafa gott upp úr því að útdeila pappír á salernum Keflavíkurflugvallar.

En það er margt að varast fyrir ferðamanninn. Sumt alvarlegt, en annað saklaust, og jafnvel spaugilegt. Við fórum til Tenerife. Já, frúin bauð. Eins og gengur á þeim ágæta stað er lítið annað að gera en að ráfa um göturnar, kíkja í búðir og skoða mannlífið (lesist aðra ferðamenn). Einn daginn vorum við á gangi sem fyrr og fórum að skoða skyrtur og fleira dót sem búið var að setja út til sýnis fyrir utan eina búðina. Gefur sig þá á tal við okkur ungur maður og spyr hvaðan við séum. Ungi maðurinn er greinilega af kynþætti sem á uppruna sinn að rekja til fjölmenns ríkis við Indlandshaf. Ég vil ekki nefna frá hvaða landi hann er; einhverjum gæti dottið í hug að ég væri rasisti, en kynþáttur þessi hefur dreifst um heimsbyggðina og er þekktur fyrir verslun og viðskipti. Þeir sem hafa horft á breska sjónvarpsþætti frá t.d.

Tryggvi ásamt eiginkonu sinni, Ernu Eyjólfsdóttur. Myndin er tekin í Kairó.

BBC eða ITV kannast við kauða; þegar þeir koma fram þá segir hann gjarnan: „ rice and curry". Við segjum honum hvaðan við erum. „Ah, Reykjavík, Elko" segir maðurinn og er augljóslega öllum hnútum kunnugur á Íslandi. Ungi maðurinn er greinilega einstakur Íslandsvinur. Hann býðst til að láta okkur fá handskrifaða nótu og gegn framvísun nótunnar muni eigandi búðarinnar gefa okkur góðan afslátt, ef við kjósum að versla þar einhvern tíma síðar. Ungi maðurinn veitir því greinilega athygli að við erum ekki með myndavél. Sýnir hann okkur vél sem lítur vel út og er á alveg ótrúlega góðu verði, 30 evrur. Og er með feikilega öfluga aðdráttarlinsu. Við förum inn í búðina til að ganga frá kaupunum, en þá bendir hann okkur á að minni vélarinnar sé frekar takmarkað. Gerir hann okkur tilboð í auka minniskubbum. Bauð hann upp á þrjár stærðir af kubbum og var sá öflugasti dýrastur, en ef við keyptum kubb af dýrari gerðinni myndum við fá einn kubb í kaupauka. Reyndar voru kubbarnir töluvert dýrari en myndavélin, en við vorum enn á því að þetta væru reyfarakaup. Að athuguðu máli var niðurstaðan sú að kaupa dýrasta kubbinn og fá einn í kaupauka. Þegar hér er komið segir ungi maðurinn að samstarfsmaður hans muni kenna okkur á vélina og hverfur ungi maðurinn þá á braut. Samstarfsmaðurinn (af sama kynþætti) fer nú að kenna okkur á vélina, hvernig eigi að taka myndir á hana og á hinar ýmsu stillingar hennar. Og einnig sýnir hann okkur hvernig við getum sýnt það sem vélin hefur tekið upp í sjónvarpi. Á afgreiðsluborðinu er flatskjár, en myndin sem kemur þar upp frá myndavélinni okkar er frekar dökk. Upplýsir maðurinn okkur þá um að vélin sé ekki mjög ljósnæm. Fáum við langan fyrirlestur um ljósnæmni myndavéla með tæknilegum skýringum (sem fara að mestu fyrir ofan garð og neðan) en niðurstaðan er augljóslega sú að við verðum að fá auka ljós til að vélin nýtist okkur. Segir maðurinn að búðin hafi einmitt til sölu ljós á vélina og sé það á mjög góðu verði. Reyndar lætur hann þess getið í framhjáhlaupi að vélin sem við ætlum að fara að kaupa sé af árgerð 2005 og sé verið selja hana á góðu verði til að hreinsa til á lagernum, enda komnar betri vélar. Hafi búðin til sölu myndavélar sem eru mjög ljósnæmar, með mjög gott minni, en þær kosti reyndar þó nokkuð meira. Eftir að hafa farið yfir reikningsdæmið: myndavél+minniskubbar+flass+eitthvað fleira varð niðurstaðan sú að við fórum út úr búðinni með myndavél af nýrri gerðinni en 275 evrum fátækari. En reynslunni ríkari.

Þegar upp er staðið erum við öll ferðamenn; ekki bara Kínverjinn á Þingvöllum eða Íslendingurinn í Luxor. Eða hvað segir Tómas Guðmundsson í ljóði sínu Hótel Jörð: „Tilvera okkar er undarlegt ferðalag// Við erum gestir og hótel okkar er jörðin."

Góðar stundir.

Upplýsingatafla RSK 2016

Staðgreiðsla opinberra gjalda 2016

Þrepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er reiknuð í þremur þrepum.
Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

- Af fyrstu 336.032 kr. 37,13%
- Af næstu 500.955 kr. 38,35%
- Af fjárhæð umfram 836.990 kr. 46,25%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 51.920 kr.

Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

- Af fyrstu 77.123* kr. 37,13%
- Af næstu 114.973 kr. 38,35%
- Af launum umfram 192.096** kr. 46,25%

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

** 4.032.420/366 x 7 = 77.123 ** 10.043.880/366 x 7 = 192.096*

Annað

- Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2016 ..... 20%
- Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 180.000 kr. 6%
- Skattleysismörk tekjuárið 2016 ..... 1.678.001 kr.

Persónuafsláttur 2016

- Einn mánuður ..... 51.920 kr.
- Hálfur mánuður ..... 25.960 kr.
- 14 dagar ..... 23.832 kr.
- Ein vika ..... 11.916 kr.

Tryggingagjald

- Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald 6,85%
  Frá 1. júlí 2016.
- Viðbót v/sjómanna á fiskiskipum 0,65%

Frádráttur vegna almenns aksturs

1.000 km, pr. km: ..... 110 kr.
1.001 - 2.000 km: ..... 108 kr.
2.001 - 3.000 km: ..... 106 kr.
3.001 - 4.000 km: ..... 93 kr.
4.001 - 5.000 km: ..... 91 kr.

Sjá nánar í reglum um skattmat á rsk.is, m.a. vegna aksturs umfram 5.000 km.

Virðisaukaskattur

- Almennt skattþrep 24%
- Sérstakt skattþrep 11%

Barnabætur 2016

Barnabætur eru tekjutengdar og greiddar út í fjórum greiðslum; 1. febrúar, 1. maí, 1. júlí og 1. október.

- Hjón/sambúðarfólk
  - með fyrsta barni ..... 199.839 kr.
  - með börnum umfram eitt ..... 237.949 kr.
  - Viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 119.300 kr.
- Einstæðir foreldrar
  - með fyrsta barni ..... 332.950 kr.
  - með börnum umfram eitt ..... 341.541 kr.
  - Viðbót v/barna yngri en 7 ára ..... 119.300 kr.

Reglur um útreikning barnabóta er að finna á rsk.is.

Vaxtabætur 2016

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánum vegna íbúðarkaupa til eigin nota. Þær geta að hámarki orðið:

- Hjá einhleypingi ..... 400.000 kr.
- Hjá einstæðu foreldri ..... 500.000 kr.
- Hjá hjónum og sambúðarfólki ..... 600.000 kr.

Vaxtabætur eru tekjutengdar og eignatengdar.
Reglur um útreikning vaxtabóta er að finna á rsk.is.

Dagpeningar innanlands,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 2/2016

Gildir frá 1. 11. 2016

- Gisting og fæði í einn sólarhring ..... 25.700 kr.
- Gisting í einn sólarhring ..... 14.500 kr.
- Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag ..... 11.200 kr.
- Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag ..... 5.600 kr.

Dagpeningar erlendis,

skv. auglýsingu ferðakostnaðarnefndar nr. 3/2014

Gildir frá 1. 12. 2014

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	**Annað**	**Gisting**	**Annað**
■ Flokkur 1	SDR	208	125	133	80
■ Flokkur 2	SDR	177	106	113	67
■ Flokkur 3	SDR	156	94	100	60
■ Flokkur 4	SDR	139	83	89	54